FRÉTTABLAÐIÐ

75. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 29. MARS 2018



Anna, Elín, Rósa, sr. Guðný og Guðbjörg segja mikilvægt að kirkjan hafi fengið að heyra sögur þeirra af sr. Ólafi Jóhannssyni, þótt úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hafi ekki tekið mark á þremur þeirra. Úrskurðarnefndin féllst hins vegar á að sr. Ólafur hefði brotið af sér í starfi með kynferðislegri áreitni í garð tveggja þeirra, Guðbjargar og sr. Guðnýjar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Áfall að sögunum sé ekki trúað

**Konurnar fimm, sem kærðu sr. Ólaf Jóhannsson til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar vegna áreitni í sinn garð, segja veturinn hafa verið erfiðan. Því hafi það verið áfall að sögunum öllum hafi ekki verið trúað.**

**KIRKJUMÁL** „Það voru okkur vonbrigði að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hafði ekki hugrekki til að trúa sögum okkar. Reynsla okkar fimm af samskiptum við þennan prest er mjög áþekk en við fáum á tilfinninguna að okkur hafi ekki verið trúað. Það er afar erfið lífsreynsla fyrir mig að hafa fengið rangan dóm,“ segir Elín Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna, ein þeirra fimm kvenna sem kærðu áreitni sr. Ólafs Jóhannssonar, sóknarprests í Grensáskirkju, til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar á haustdögum. Auk Elínar Sigrúnar kærðu Anna Sigríður Helgadóttir, Guðbjörg Ingólfsdóttir, sr. Guðný Hallgrímsdóttir og Rósa Kristjánsdóttir áreitni í sinn garð. Úrskurðarnefndin féllst á að sr. Ólafur hefði brotið af sér í starfi í málum Guðbjargar og sr. Guðnýjar. Hin málin þrjú voru að þeirra sögn felld niður.

Konurnar segja í viðtali við Fréttablaðið að veturinn hafi verið þeim erfiður. Hann hafi líkst rússíbanareið þar sem óveðurskýin hafi um tíma hrannast upp, þær hafi allar fundið fyrir depurð og þyngslum á stundum. Því hafi það verið afar erfitt að fá úrskurði úrskurðarnefndar þar sem aðeins tvær sögur af fimm voru teknar trúanlegar.

> **Reynsla okkar fimm af samskiptum við þennan prest er mjög áþekk en við fáum á tilfinninguna að okkur hafi ekki verið trúað.**
>
> Elín Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna

„Ég finn ekki fyrir léttinum ennþá því máli mínu er ekki lokið,“ segir sr. Guðný. „Ég hefði ekki trúað í upphafi hvað þetta yrði erfið vegferð.“

„Það var áfall að úrskurðarnefnd tryði ekki sögu minni. Þá íhugaði ég hvort ég myndi hvetja aðrar konur til að gera hið sama. Á þeim tíma sá ég engan tilgang með þessari vegferð,“ segir Elín Sigrún. Hins vegar hafi hún, eftir að hafa lesið alla úrskurðina nóttina eftir að þeir urðu opinberir, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að segja sögu sína.

Mál sr. Guðnýjar og Guðbjargar eru nú til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar. Málum Elínar Sigrúnar, Önnu Sigríðar og Rósu er lokið. Eftir að áfrýjunarnefndin kemst að niðurstöðu mun biskup þurfa að taka ákvörðun um framtíð sr. Ólafs í starfi sem sóknarprests í Grensáskirkju. – sa / sjá síðu 8

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Hildur Björnsdóttir vill virkja félagsauð eldri borgara og leiða þannig saman kynslóðir. 16



**SPORT** Sex leikmenn bítast um síðustu lausu sætin í íslenska hópnum sem fer á HM. 22

**LÍFIÐ** Dómsdagshátíðin Háskar fer fram í Iðnó á morgun, föstudaginn langa. Ljóð, gjörningar, þungarokk og fleira. 40

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● SAMEIGNIN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Austan- og suðaustanátt og rigning eða slydda með köflum austan til í dag en annars hæg breytileg átt og þurrt að kalla. Milt veður að deginum, einkum syðra. **SJÁ SÍÐU 26**

# Engin ofurlaun í Bankasýslunni

**KJARAMÁL** Forstjóri Bankasýslu ríkisins fær rúmlega 1.100 þúsund krónur á mánuði samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu. Meintum ofurlaunum Jóns Gunnars Jónssonar, forstjóra Bankasýslunnar, upp á rúmar 4,5 milljónir króna var slegið upp í skoðanapistli á vefsíðu Hringbrautar á dögunum og hlaut færslan nokkra dreifingu á samfélagsmiðlum auk þess sem hún var birt á vef Eyjunnar.

Þar gerði pistlahöfundurinn Róbert Trausti Árnason, fyrrverandi sendiherra, sem skrifar undir höfundarnafninu Náttfari, að umtalsefni grein Karls Gauta Hjaltasonar, þingmanns Flokks fólksins, um stofnunina og þá skoðun hans að hana hefði átt að leggja niður í ágúst 2014.



Jón Gunnar Jónsson

Róbert bætir við upplýsingum um rekstrarkostnað Bankasýslunnar og fullyrðir að laun forstjórans nemi 4,5 milljónum króna á mánuði og vísaði í tekjublað DV í fyrra því til staðfestingar. Hið rétta er að farið var mannavillt í blaðinu. Hinar áætluðu tekjur tilheyrðu alnafna forstjóra Bankasýslunnar, einum æðsta stjórnanda Actavis á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu fær forstjóri Bankasýslunnar enn sömu laun og kjararáð ákvarðaði honum áður en hann færðist undan úrskurðarvaldi þess með lagabreytingum í júlí 2017. Stjórn Bankasýslunnar hefur ekki breytt launum forstjórans síðan.

Laun forstjórans þykja því hófstillt í rúmum 1.100 þúsund krónum á mánuði enda þýðir það að hann fær talsvert minna greitt en flestir þingmenn. Þar á meðal Karl Gauti Hjaltason, sem fær rúmar 1.300 þúsund krónur á mánuði í þingfararkaup og fastar kostnaðargreiðslur. **– smj**

## Börnin á Furugrund í páskafílingi



**Gul og glöð** Börnin á leikskólanum Furugrund í Kópavogi voru einbeitt að leik og starfi í gær þar sem þau nýttu síðasta tækifærið fyrir páskafrí til að útbúa glæsilegt páskaföndur til að færa foreldrum og forráðamönnum. Guli liturinn var allsráðandi enda gulur dagur í skólanum að gefnu tilefni. Páskaungar voru vinsælt myndefni hjá listamönnunum ungu sem vafalaust eiga framtíðina fyrir sér á vettvangi listmálunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lögreglan varar við innbrotum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu minnir fólk á að ganga tryggilega frá heimilum sínum áður en það fer í frí um páskana. Mælt er með því að skilja ljós eftir í görðum og láta nágranna vita ef stefnt er á ferðalög. Þá er einnig minnt á að auglýsa ekki fjarveru sína á samfélagsmiðlum.

Lögreglan verður með hefðbundið eftirlit um páskana og mun fylgjast með íbúðarhverfum eins og kostur er, en segir mikilvægt að fólk fylgist með og tilkynni óvenjulegar mannaferðir. Gott er að taka ljósmyndir og skrifa hjá sér bílnúmer eða lýsingar á fólki.

Lögreglan segir innbrotsþjófa gjarnan fylgjast með húsum áður en þeir láti til skarar skríða. Eins og frettabladid.is greindi frá í gær hafa verið óvenjulegar mannaferðir á Seltjarnarnesi og í Vesturbænum þar sem menn hafa sést taka myndir af húsum. **– la**

# Býður stelpum upp á fótboltanám í Valencia

**Birgir Breiðdal, sem hefur getið sér gott orð sem þjálfari yngri flokka hjá Þrótti, ætlar að bjóða sextán til átján ára stelpum upp á fótboltanám í Valencia, þar sem þær keppa í spænsku deildinni. Draumurinn er að fara út með 22 stelpur.**

**FÓTBOLTI** „Ég er þegar kominn með nokkrar stelpur í þetta verkefni,“ segir knattspyrnuþjálfarinn Birgir Breiðdal en verkefni á hans vegum í Valencia fyrir næsta skólaár er í fullum gangi. Búið er að stofna kvennadeild TNGS (The Next Generation Sports) fyrir íslenskar stúlkur í Valencia og stofnað hefur verið kvennaknattspyrnulið sem mun taka þátt og keppa í spænsku deildinni næsta vetur undir stjórn spænskra þjálfara.

TNGS er alþjóðlegur heimavistarskóli sem hefur verið starfræktur í sjö ár og býður upp á einstaklingsmiðaða þjálfun í knattspyrnu og nám á framhaldsskólastigi. Þá er áhersla lögð á að undirbúa unga leikmenn andlega og líkamlega fyrir framtíðina.

Boðið er upp á níu mánaða nám veturinn 2018-2019, sniðið að íslenska keppnistímabilinu og íslenska menntaskólakerfinu.

„Það er gott fyrir fólk að vita að Íslendingar verða þarna á svæðinu. Ég og konan mín, sem er kennari, verðum starfandi við skólann og stelpunum innan handar. Stelpurnar geta valið um að læra samkvæmt bandarísku kerfi og geta þá farið í bandarískan háskóla ef þær taka öll þrjú árin. Þær geta líka tekið þetta í skiptinámi frá Íslandi. Þetta passar vel við íslenska tímabilið því þær missa ekki úr neinn leik yfir sumarið,“ segir Birgir.

Stelpunum verður fylgt eftir og verður gerð þáttaröð um reynslu þeirra. Leikjunum verður streymt um veraldarvefinn og stefnan er að gera íslensku valkyrjurnar að alþjóðlegum stjörnum. Birgir þarf 16 til 22 stelpur fæddar 2000 til 2002, til að draumurinn um að fara út með tvö fullskipuð lið rætist. „Það verður ótrúlega spennandi að sjá hvernig þær munu tækla spænsku deildina.“

Stúlkurnar munu æfa tvisvar á dag við bestu skilyrði með pro-licence-þjálfurum auk þess að fá einstaklingsgreiningu og mat samkvæmt þjálfunarkerfi TNGS. Gerð verður markmiðaáætlun fyrir hvern leikmann með sérstaka áherslu á stöðu leikmanns á vellinum og ætlunin er að öll þessi vinna muni skila til baka betri leikmönnum til félagsliðanna á Íslandi. **benediktboas@365.is**



**Birgir stefnir á að láta stelpur spila fótbolta í Valencia.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Stelpurnar geta valið um að læra samkvæmt bandarísku kerfi og geta þá farið í bandarískan háskóla ef þær taka öll þrjú árin. Þær geta líka tekið þetta í skiptinámi frá Íslandi. Þetta passar vel við íslenska tímabilið því þær missa ekki úr neinn leik yfir sumarið.
>
> Birgir Breiðdal



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Sjá afgreiðslutíma um páskana á husa.is

# PÁSKA TILBOÐ



SÚPER TILBOÐ
**Páskaliljur**
10 stk.
**999 kr**
~~1.490 kr~~

FRÁBÆRT VERÐ
**Páskaliljur í potti**
tet a tet
**399 kr**
~~499 kr~~

OUTBACK
SÚPER TILBOÐ
**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 62,8x40,6 cm.
3000393
**25.990 kr**
~~36.990 kr~~



OUTBACK
SÚPER TILBOÐ
**17.990 kr**
~~20.990 kr~~
**Gasgrill**
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225



SÚPER TILBOÐ Broil King
**26.175 kr**
~~34.900 kr~~
**Gasgrill Porta Chef 320**
5,25kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli,
grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000316



weber
FRÁBÆRT VERÐ
**47.975 kr**
**Gasgrill Q2200**
Gasgrill á fótum, Grillflötur: 39x54 cm,
ryðfrír brennari.
3000378



SÚPER TILBOÐ
**1.299 kr**
~~1.490 kr~~
**Túlípanar**
10 stk.



30% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557



FRÁBÆRT VERÐ
**799 kr**
**Páskagreinar**
Forsythia, 3 stk.

## Hjólin eru komin
fyrir alla fjölskylduna
**39.900 kr**

**Author Trophy 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg.
Skipting: Shimanoty 21, 18 gírar,
Tektro V bremsur. Dekk: Author
Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

AUTHOR



# Fæðingum fjölgar í Evrópu en frumbyrjur verða eldri

**EVRÓPA** Meðalaldur frumbyrja í ríkjum Evrópusambandsins var 29 ár árið 2016 en alls fæddist 5,1 milljón barna í ríkjunum 28, auk Sviss, Liechtenstein, Noregs og Íslands. Hagfræðistofnun Evrópusambandsins, Eurostat, greindi frá þessu í gær.

Í umfjöllun Eurostat kemur fram að meðalaldur frumbyrja á Íslandi hafi verið 27,8 ár en alls voru fyrstu fæðingar 1.559 talsins á Íslandi árið 2016. Annars voru frumbyrjur yngstar í Búlgaríu og Rúmeníu, eða 26 ára að meðaltali. Í raun voru rúm fjórtán prósent allra fæðinga í Evrópu þar sem móðir er á unglingsaldri í þessum tveimur löndum.

Á sama tíma voru frumbyrjur elstar á Ítalíu, eða 31 árs að meðaltali.

Rannsókn Eurostat, sem byggir á útgefnum gögnum frá aðildarríkjunum, sýnir að aðeins fimm prósent af fyrstu fæðingum í Evrópusambandinu voru hjá konum sem voru tvítugar eða yngri og um leið að þrjú prósent frumbyrja voru fertugar eða eldri.

**Þrjú prósent frumbyrja í ríkjum Evrópusambandsins voru fertugar eða eldri.**

Fæðingartíðni í ESB árið 2016 var 1,6 fæðingar fyrir hverja konu. Lægsta tíðnin var á Spáni, eða 1,34, en hæst í Frakklandi, eða 1,92.

Meðalaldur frumbyrja á Íslandi fer hækkandi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu var meðalaldur þeirra frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 undir 22 árum. Eftir miðjan níunda áratug síðustu aldar fór meðalaldurinn hækkandi og var 27,8 ár árið 2016, eins og áður segir. **– khn**

## Vorboðinn er seinn á ferðinni

**NÁTTÚRA** Heiðlóan er komin til landsins en fyrstu lóurnar sáust í Flóanum í gær.

Lóan er nokkrum dögum á eftir áætlun en þó innan tilsetts tímaramma samkvæmt upplýsingum frá Fuglavernd.

Aðeins tvisvar hafa lóurnar komið seinna hingað heim, árin 1999 og 2001. Meðalkomudagur þeirra hefur verið 23. mars, ef litið er til áranna 1998 til 2017. Helmingur heimsstofns lóunnar verpir á Íslandi, eða um 300 þúsund pör. Fuglavernd segir því ábyrgð Íslendinga gagnvart lóunni mikla. Vetrarheimkynni eru í Vestur-Evrópu, aðallega á Írlandi en líka í Frakklandi, Portúgal og á Spáni. **– smj**



**Fyrstu lóurnar sáust í Flóanum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Kaupfélagið minnki hlut sinn

**VIÐSKIPTI** Hagar hf. hafa sent inn nýja samrunatilkynningu vegna samruna við Olíuverzlun Íslands (Olís) og fasteignafélagið DGV ehf. Þar eru boðin skilyrði sem ætlað er að eyða samkeppnishindrunum sem Samkeppniseftirlitið (SKE) taldi að væru til staðar við rannsókn málsins á fyrri stigum og varð til þess að Hagar afturkölluðu samrunatilkynninguna þann 8. mars.

Til stóð að annar seljandi Olís og DGV, Fisk-Seafood, sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga, fengi eignarhlut í sameinuðu félagi fyrir hlutafé sitt í Olís. Þetta taldi SKE að hefði skaðleg áhrif á samkeppni. Hagar segja Kaupfélagið reiðubúið að selja sig niður í sameinuðu félagi innan tiltekins tíma og hlíta ákvörðun SKE um heimilt eignarhlutfall og munu Hagar aflétta sölubanni vegna afhentra hluta í félaginu sem Fisk-Seafood fær. **– smj**

# Lögreglu gafst ekki tóm til að bregðast við brottför Houssins

**Lögregla fékk ekki ráðrúm til að láta brotaþola alvarlegrar líkamsárásar á Litla-Hrauni staðfesta framburð sinn fyrir dómi eins og venja er ef vitni eða brotaþoli er á förum úr landi. Fengu veður af brottvísun í fréttum. Rannsókn lýkur fljótlega eftir páska og verður málið þá sent til saksóknara sem ákveður framhald.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Suðurlandi sem fer með rannsókn á alvarlegri líkamsárás á Litla-Hrauni fyrr á árinu, var ekki gert viðvart áður en brotaþolanum, Houssin Bsraoi hælisleitanda frá Marokkó, var vísað úr landi 20. febrúar síðastliðinn.

„Ég sé ekki að við höfum fengið upplýsingar um það og man að þetta barst okkur bara í fréttum,“ segir Elís Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á Suðurlandi.

„Ef fólk er á förum af landinu eða ætla má að það sé að týnast, þá má fara með það fyrir dóm þar sem það staðfestir þann framburð sem það hefur gefið og þá er það afgreitt og þeim þætti dómsmeðferðarinnar bara lokið. Ef við hefðum vitað að maðurinn væri á förum úr landi þá hefðum við væntanlega sett þetta í þann farveg en það kom hreinlega ekki til þess að taka þá ákvörðun því hann var farinn úr landi áður en við vissum af því,“ segir Elís og bætir við:

„Það var óheppilegt að tapa honum út úr málinu án þess að láta hann staðfesta framburð sinn, ekki síst þar sem ekki er víst að hann verði auðfundinn og það gæti verið erfiðleikum háð að hafa uppi á honum og fá hann til að staðfesta framburð sinn.“

Aðspurður segir Elís málið ekki komið á þann stað að tekin hafi verið afstaða til þess hvort reynt verði að hafa uppi á Houssin til að fá hann aftur til landsins til að gefa skýrslu fyrir dómi. „Rannsóknin þarf að klárast hér hjá okkur og fer svo til saksóknara sem fer yfir hvað gert verður, hvern skuli ákæra og svo framvegis. Þessi ákvörðun yrði þá tekin á þeim vettvangi,“ segir Elís. Hann segir verkefni lögreglunnar vera að vinna frumrannsókn, tryggja framburði, læknisvottorð og slíkt.

Elís segir rannsóknina langt komna og skýrslutökum af vitnum og grunuðum lokið. Hann segir að um töluverðan hóp hafi verið að ræða sem taka þurfti skýrslur af bæði úr hópi fanga og fangavarða. Beðið er eftir lokagögnum, læknisfræðilegs eðlis; tannlæknaskýrslum og þvíumlíku og búast má við að rannsókn ljúki fljótlega eftir páska.

Málið fer til saksóknara þegar rannsókn er lokið; fyrst til ákærusviðs á Suðurlandi en ef málið varðar 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sem tekur til sérstaklega hættulegra líkamsárása, þá verður málinu vísað þaðan til héraðssaksóknara.

Lilja Margrét Olsen, lögmaður Houssins, hefur lagt áherslu á að hann fái tækifæri til að gefa skýrslu fyrir dómi enda hafi lögregluskýrsla aldrei sama sönnunargildi í sakamáli og skýrsla fyrir dómi. Ekki náðist í Lilju við vinnslu fréttarinnar.
**adalheidur@frettabladid.is**



**Ungur hælisleitandi frá Marokkó varð fyrir alvarlegri líkamsárás í íþróttasal fangelsisins að Litla-Hrauni 23. janúar síðastliðinn. Honum var vísað úr landi mánuði síðar þrátt fyrir yfirstandandi lögreglurannsókn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Það var óheppilegt að tapa honum úr málinu án þess að láta hann staðfesta framburð sinn.**

Elís Kjartansson, lögreglufulltrúi hjá lögreglunni á Suðurlandi





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

## BÍÓTÓNLEIKAR
**26. OG 27. APRÍL 2018**

# AMADEUS

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Ludwig Wicki** hljómsveitarstjóri
**Mótettukór Hallgrímskirkju**
**Hörður Áskelsson** kórstjóri

**Peter Schaffer/Milos Forman**
**Amadeus**

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju í Eldborg.

Kvikmyndin vakti heimsathygli þegar hún var frumsýnt og sló öll met. Hún hlaut átta Óskarsverðlaun árið 1985 og er almennt talin með bestu tónlistarkvikmyndum allra tíma.

Sagan segir frá samskiptum þeirra Mozarts og Salieris í Vínarborg, en Salieri tekur sárt að horfa upp á ótvíræða yfirburði Mozarts í tónlistinni og honum þykir Guð hafa svikið sig með því að útdeila snilligáfunni með þessum hætti.

**Ekki missa af þessum frábæru bíótónleikum þar sem tónlist Mozarts er í aðalhlutverki.**

## TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA



**Handhafar Samfélagsverðlaunanna árið 2017.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins

**SAMFÉLAG** Fréttablaðið óskar eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2018, sem veitt eru árlega af forseta Íslands. Til greina koma allir sem hafa lagt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín.

Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Tekið er við tilefningum í tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, en fresturinn til að tilnefna rennur út þann 6. apríl. Verðlaunin verða afhent 11. apríl. **– ósk**







Hjólað um perlur Tíról

**2.- 9. september** **Fararstjóri: Ólafur Örn Haraldsson**

Bærinn Seefeld er yndislegur alpabær sem hvílir í fögrum fjallasal milli Wetterstein, Mieminger og Karwendelfjallanna í Austurríki. Farnar verða skipulagðar hjólaferðir í frísku fjallalofti með fararstjóra og innlendum staðarleiðsögumanni sem í sameiningu munu velja hentugar leiðir hvern dag og fræða okkur um staðhætti á leiðinni.

**Verð: 199.900 kr. á mann í tvíbýli.**
**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK



**Blikur eru á lofti hjá ferðaþjónustunni og árið gæti reynst stormasamt hjá mörgum fyrirtækjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gjaldtaka gæti reynst greininni hættuleg

**Ferðamenn greiða sitt og rúmlega það á Íslandi í dag og gæti aukin gjaldtaka reynst ferðaþjónustunni varhugaverð, segir formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. Fyrirtæki standa mörg illa og búast má við mikilli grisjun næstu misseri.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það hefur legið fyrir að þeim sem starfa við greinina og hafa innsýn í þetta alla daga finnst ferðamenn vera að borga nóg," segir Bjarnheiður Hallsdóttir, nýkjörinn formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. Í grein hennar sem birtist í Fréttablaðinu í dag dregur hún upp dæmi um dæmigerðan erlendan ferðamann á Íslandi og hversu mikið hann raunverulega greiðir í hina ýmsu skatta og gjöld. Bjarnheiður segir í samtali við blaðið að frekari gjaldtaka geti reynst hættuleg á þessum tímapunkti og næstu misseri verði tíð hagræðingar og sameiningar hjá ferðaþjónustufyrirtækjum.

Bjarnheiður segir að hin nýkynnta stórsókn ráðherra í uppbyggingu innviða gefi fyrirheit um að skilningur stjórnvalda sé að aukast á því hvað ferðamenn eru í raun að leggja til íslensks hagkerfis. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamálaráðherra sagði í viðtali við það tilefni að milljarðaátakið væri í boði skattgreiðenda. Grein Bjarnheiðar í blaðinu í dag gæti talað beint til þeirra sem tóku þau ummæli óstinnt upp, þar sem hún bendir á að erlendi ferðamaðurinn gæti hæglega talist skattborgari enda sé hann að borga sitt og rúmlega það.

> **Ferðamenn eru að borga alls konar skatta og gjöld nú þegar og búið er að lauma inn gjöldum hér og þar. Þetta telur allt saman.**
>
> Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar



„Ferðamenn eru að borga alls konar skatta og gjöld nú þegar og búið er að lauma inn gjöldum hér og þar. Þetta telur allt saman. Eins og staðan er núna hefur samkeppnisstaða okkar versnað gríðarlega út af gengi krónunnar og við eigum í vök að verjast á mörkuðunum. Sérstaklega á áður gjöfulum Mið-Evrópumörkuðum sem hafa verið okkar bestu markaðir undanfarna áratugi. Öll gjaldtaka fer samstundis út í verðið og samkeppnishæfni okkar skerðist. Eins og staðan er núna er „fatalt" að fara út í einhverja gjaldtöku."

Ljóst er að staða margra ferðaþjónustufyrirtækja er erfið og þrátt fyrir sífellt aukinn fjölda ferðamanna er það ekki að skila sér í kassa þeirra. Innan greinarinnar heyrist mikið talað um „sameiningu eða dauða" á árinu ef ekki eigi illa að fara. Bjarnheiður segir stöðuna vissulega víða slæma. Og fjöldatölur hafi þar nákvæmlega ekkert að segja einar og sér.

„Fjöldi ferðamanna hefur ekkert með afkomu fyrirtækja í greininni að gera. Ferðamenn eru misverðmætir, þannig að afkoman hefur versnað gríðarlega hjá flestum ferðaþjónustufyrirtækjum og margt bendir til hagræðingar og sameiningar hjá þeim núna. Það er ekkert ólíklegt að það verði verulegu grisjun á þessu ári."

Bjarnheiður segir annars jákvætt að fara eigi fram heildræn skoðun á gjaldtökumálum í Stjórnstöð ferðamála og að loks eigi að fara að skoða þessi mál frá öllum hliðum.

**mikael@frettabladid.is**

# Ljúki ökuskóla þrjú áður en skírteini fæst

**SAMGÖNGUR** Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) beinir þeim tilmælum til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að gera ráðstafanir til þess að hægt sé að fella niður ákvæði til bráðabirgða um undanþágu frá þjálfun í ökugerði.

Þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Þorláksmessu 2016 við Heiðarenda í Jökulsárdal. Suzuki Grand Vitara endaði utan vegar og valt. Ökumaður bifreiðarinnar, 61 árs gömul kona, var ein í bifreiðinni og lést af höfuðáverkum.

Færð á slysdegi var ekki með besta móti, snjókoma eða slydda og skyggni ábótavant. Óveðri hafði verið spáð síðar um daginn og hafði hin látna ætlað sér að komast á leiðarenda áður en færð spilltist.

„Ökumaður öðlaðist ökuréttindi rúmlega 5 mánuðum fyrir slysið. Hann hafði því ekki langa reynslu af akstri og alls ekki í svo erfiðri færð sem þarna var," segir í skýrslunni.

Í reglugerð um almenn ökuskírteini er kveðið á um að til að hljóta ökuréttindi þurfi að ljúka ökuskóla þrjú. Slíkt nám fer fram í ökugerði og kynnast nemar þar erfiðum akstursskilyrðum, hvernig aksturseiginleikar breytast þegar grip minnkar og hvernig skal forðast að bifreið fari að skríða til.

Reglurnar hafa verið í gildi frá 2011 en uppbygging ökugerða hefur tafist. Engin slík eru á Austur- og Vesturlandi sem og Vestfjörðum. Því hefur verið undanþáguákvæði í lögum að hægt sé að fá bráðabirgðaskírteini án þess að ljúka ökuskóla þrjú. RNSA leggur til að þessi bráðabirgðaheimild verði felld niður. **– jóe**

# Gleðilega páska

## AFGREIÐSLUTÍMI HAGKAUPS UM PÁSKANA

| | Skírdagur 29. mars | Föstudagurinn langi 30. mars | Laugardagur 31. mars | Páskadagur 1. apríl | Annar í páskum 2. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | OPIÐ TIL 24:00 | OPNAR 24:00 | OPIÐ TIL 24:00 | OPNAR 24:00 | 24 tíma |
| GARÐABÆR | OPIÐ TIL 24:00 | OPNAR 24:00 | OPIÐ TIL 24:00 | OPNAR 24:00 | 24 tíma |
| EIÐISTORG | OPIÐ TIL 24:00 | LOKAÐ | 08:00-24:00 | LOKAÐ | 08:00-24:00 |
| SPÖNG | OPIÐ TIL 24:00 | LOKAÐ | 08:00-24:00 | LOKAÐ | 08:00-24:00 |
| AKUREYRI | OPIÐ TIL 24:00 | LOKAÐ | 08:00-24:00 | LOKAÐ | 08:00-24:00 |
| KRINGLAN | 12:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| SMÁRALIND | 12:00-18:00 | LOKAÐ | 11:00-18:00 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| NJARÐVÍK | 12:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |
| BORGARNES | 12:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |
| SELFOSS | 12:00-18:00 | LOKAÐ | 10:00-18:00 | LOKAÐ | 12:00-18:00 |



Steinbakað súrdeigsbrauð

Hefðbundið · Kúmen · Spíraður rúgur

849 kr/stk

BAKARÍIÐ



Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur.

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Segja mikilvægast að stöðva prestinn

**„Kirkjan á að vera öruggur staður fyrir alla,“ segja fimm konur sem kærðu áreitni af hendi sóknarprestsins í Grensáskirkju í þeirra garð til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar. Þótt þrjú mál af fimm hafi verið felld niður sjá þær ekki eftir því að hafa sagt frá. Konurnar eru allar tengdar kirkjunni á einn eða annan hátt.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

Það voru gríðarleg vonbrigði og erfið lífsreynsla að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar trýði ekki sögum okkar,“ segir Elín Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna, ein þeirra fimm kvenna sem kærðu áreitni sr. Ólafs Jóhannssonar, sóknarprests í Grensáskirkju, til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar á haustdögum.

Allar konurnar fimm eru tengdar kirkjunni með einum eða öðrum hætti. Anna Sigríður Helgadóttir er söngkona og fyrrverandi tónlistarstjóri Fríkirkjunnar í Reykjavík, Guðbjörg Ingólfsdóttir er starfsmaður Kirkjuhússins, sr. Guðný Hallgrímsdóttir er prestur fatlaðra með starfsstöð í Grensáskirkju, sóknarkirkju sr. Ólafs, og Rósa Kristjánsdóttir er djákni sem starfar sem deildarstjóri sálgæslu presta og djákna á Landspítala. Þær sökuðu sr. Ólaf um að hafa brotið gegn þeim.

„Að okkar mati er mikilvægt að stöðva þessa hegðun sr. Ólafs. Nú höfum við gefið kirkjunni sögu okkar. Það skiptir okkur máli að hafa skilað skömminni frá okkur,“ segir Elín Sigrún.

### Í lagi að brjóta einu sinni af sér?

Mál kvennanna voru skoðuð af úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sem fimm mismunandi mál. Þeim var ekki steypt saman í eitt líkt og hefur tíðkast í dómsmálum.

„Sögurnar okkar eru mjög líkar og sýna að hann hefur beitt okkur sams konar áreitni. Samt eru sögurnar teknar til skoðunar líkt og gerendurnir hafi verið fimm talsins en ekki einn gerandi. Allur vafi er túlkaður honum í hag,“ segir Guðbjörg.

Í einu málanna er um að ræða ítrekuð brot á yfir fimmtán ára tímabili. Í öðru varði háttsemi hans í um hálft ár. Í þessum tveimur málum var sr. Ólafur fundinn sekur um siðferðisbrot í skilningi þjóðkirkjulaga. Í hinum þremur málunum var um að ræða einstakt tilvik.

„Það virðist hafa verið þannig að ef brotið er einu sinni á konu þá sé það í lagi en ef brotin eru ítrekuð þá sé það ámælisvert. Að okkar mati sendir það ekki góð skilaboð að það sé í lagi að brjóta einu sinni af sér gagnvart hverri konu,“ segir Guðbjörg.

Sr. Guðný tekur í sama streng. „Ég er aðallega sorgmædd og skil ekki hvernig fólk getur hagað sér. Okkur þykir vænt um kirkjuna okkar og við viljum að svona hegðun sé ekki liðin innan hennar.“

Sr. Ólafur var kjörinn formaður Prestafélags Íslands 29. apríl árið 2004 og gegndi þeirri stöðu í nokkur ár. Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði gerst brotlegur meðan hann sat í því embætti og sýnt af sér háttsemi sem er brot á siðareglum félagsins.

Konur hafa sakað hann um að fara langt út fyrir velsæmismörk í samskiptum um langt árabil. Fagráð kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota ræddi við hann árið 2010 og var hann skikkaður í sálfræðimeðferð á þeim tíma. Aftur var hann svo skikkaður í sálfræðimeðferð síðastliðið sumar.



Guðný Hallgrímsdóttir, Guðbjörg Ingólfsdóttir, Anna Sigríður Helgadóttir, Elín Sigrún Jónsdóttir og Rósa Kristjánsdóttir kærðu áreitni sr. Ólafs Jóhannssonar til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar á haustdögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Sögurnar okkar eru mjög líkar og sýna að hann hefur beitt okkur sams konar áreiti. Samt eru sögurnar teknar til skoðunar líkt og gerendurnir hafi verið fimm talsins en ekki einn gerandi. Allur vafi er túlkaður honum í hag.**
>
> Guðbjörg Ingólfsdóttir, starfsmaður Kirkjuhúss



### Úrskurðurinn var áfall

„Ég finn ekki fyrir létti því máli mínu er ekki enn lokið. Ég hefði ekki trúað því í upphafi hvað þetta yrði erfið vegferð,“ segir sr. Guðný og hinar konurnar taka allar undir. Nýliðinn vetur hafi reynst þeim erfiður. Þær hafi allar fundið fyrir depurð og þyngslum.

Elín Sigrún segist hafa hugsað um það hvort það væri ekki tilgangslaust að hvetja aðrar konur til að leita réttar síns. „Það var mér áfall að úrskurðarnefnd trýði ekki sögunni minni og þá hugsaði ég hvort ég myndi hvetja aðrar konur til að gera hið sama. Á þeim tíma sá ég engan tilgang með þessari vegferð,“ segir hún.

Hún skipti fljótt um skoðun eftir að úrskurðir málanna fimm voru gerðir opinberir. Það sé mikilvægt að þegja ekki og segja sögu sína.

„Ég efaðist aldrei á meðan málið var til skoðunar um að það hefði verið rétt að segja sögu mína. Það var mikil reynsla fólgin í því að lesa þessar sögur sem ég hafði heyrt hvíslað í gegnum síma eða bak við lokaðar dyr þegar þær voru gerðar opinberar. Sumar okkar hafa burðast með sögu sína lengi. Mikilvægast er að skila skömminni og það höfum við svo sannarlega gert,“ segir Elín og segir enga þolendur eiga að þurfa að bera slíkar byrðar.

### Kvenprestar upplifað markaleysi

„Þetta hefur verið lærdómsríkt ferli og gott að finna fyrir stuðningi úr margvíslegum áttum,“ segir Rósa og sr. Guðný bætir við að það sé eins og að skjaldborg hafi verið slegið um konurnar fimm. Þær hafi fengið mikinn stuðning innan sem utan kirkjunnar í gegnum allt ferlið.

„Einnig verður að halda því til haga að það eru fleiri kvenprestar sem hafa upplifað markaleysi af hálfu sr. Ólafs og því má segja að ég stígi fram einnig í þeirra nafni. Kvenprestar landsins hafa veitt okkur mikinn stuðning og það er alveg óendanlega dýrmætt,“ segir sr. Guðný.

### Iðrunin sé engin

Nýverið ákvað sr. Ólafur að áfrýja málunum tveimur þar sem hann er sakaður um siðferðisbrot. „Það er alveg ljóst með þessum áfrýjunum að hann sér ekkert athugavert við þá hegðun sem hann hefur gerst sekur um. Það er eiginlega með ólíkindum,“ segir Anna Sigríður. „Þetta er ekki eitt einangrað tilvik heldur hegðun sem hefur varað í langan tíma. Og að sjá ekkert athugavert við hegðun sína sem svo margir lýsa sem áreitni finnst mér vera til marks um að hann iðrist ekki gjörða sinna og geri sér ekki grein fyrir því að hann hafi gert neitt rangt,“ bætir hún við.

### Vafinn allur með sr. Ólafi

Það er sársaukafull reynsla að verða fyrir ofbeldi og það er ekki sársaukalaus vegferð að kæra þann sem hefur valdið manni þessum sársauka. Það eru í flestum tilvikum þungbær skref fyrir brotaþola að rifja upp málin, segja frá þeim í heyranda hljóði og koma þeim frá sér til annarra sem vinna úr sögunum. Sögur kvennanna fimm eru með þeim hætti að þær lýsa sömu háttseminni. Lögmaður sr. Ólafs hefur ýjað að því að um samantekin ráð kvennanna hafi verið að ræða þar sem þær hafi samhæft vitnisburði sína. Konurnar benda á hinn bóginn á að þær hafi svo sannarlega ekki gert það heldur séu sögurnar til vitnis um að gerandinn sé einn og hinn sami í öllum málunum.

Guðbjörg segir allan vafa vera sakborningi í hag í þessum málum. „Það er eins og um fimm ólíka gerendur sé að ræða en ekki einn mann. Ef við lesum sögurnar okkar saman sem eina heild sjáum við sömu samskiptin og sama háttalagið. Það er það sem okkur þykir leiðinlegt, að okkur er ekki trúað.“

### Kirkjan sé örugg

Tilgangur kvennanna með að kæra til úrskurðarnefndarinnar var að stöðva þessa háttsemi. Bæði gagnvart þeim fimm en einnig þeim konum sem hann kynni að brjóta á með sama hætti í framtíðinni. Var þeim því, að þeirra mati, skylt að tilkynna háttsemi hans til yfirmanns hans, biskups Íslands.

„Kirkjan á að vera öruggur staður fyrir alla þar sem allir fá skjól. Á okkur var brotið og því var eina leiðin að kæra það ofbeldi til þess að stuðla að því að kirkjan verði það sem hún á að vera. Kirkjan á að vera kærleiksríkur vettvangur sem líður ekki óréttlæti,“ segir Anna Sigríður. „Við erum stoltar af því að hafa sagt frá þessu þótt það hafi verið erfitt á köflum og gríðarlega lærdómsríkt.“

### Söfnuðir læri af málinu

Mál tveggja kvennanna, sr. Guðnýjar og Guðbjargar, er nú til meðferðar áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar. Málum Elínar Sigrúnar, Önnu Sigríðar og Rósu er lokið. Eftir að áfrýjunarnefndin kemst að niðurstöðu mun biskup þurfa að taka ákvörðun um framtíð sr. Ólafs í starfi sem sóknarprestur í Grensáskirkju.

Sr. Guðný er eina konan í hópnum sem er með starfsaðstöðu í kirkjunni þar sem sr. Ólafur er sóknarprestur. Hún segir andann í kirkjunni vera mjög góðan í dag og að sr. María Ágústsdóttir, settur sóknarprestur í stað sr. Ólafs, hafi unnið stórvirki við að laga andrúmsloftið. „Það er gaman að mæta til vinnu og starfsandinn er mjög góður,“ segir sr. Guðný.

Ef til þess kemur að sr. Ólafur mæti aftur til vinnu í Grensáskirkju eftir þetta langa leyfi, hvernig sér sr. Guðný fyrir sér að það geti gengið upp? „Ég held að tíminn verði að leiða það í ljós hvernig þetta allt mun fara. Hins vegar bið ég þess og vona að söfnuðir þjóðkirkjunnar, hvort sem það er söfnuður Grensáskirkju eða einhver annar, læri af þessu ömurlega máli og hafi kjark og þor til að takast á við erfið og óþægileg mál. Þögnin er verst, það höfum við lært.“




Ekki vera burðarklár. Nú er hægt að fljúga um landið eingöngu með handfarangur, fyrir lægra verð.

Kynntu þér Létt fargjöld á **airicelandconnect.is**

Air Iceland Connect

# Kim heitir afvopnun í Kínaheimsókn

**Fyrsta heimsókn einræðisherra Norður-Kóreu var til Kína. Kim sagði ástandið á Kóreuskaga fara batnandi. Sagður koma sér fyrir undir verndarvæng Kínverja. Kínverjar segja fundinn marka kaflaskil.**



Kim Jong-un og Xi Jinping funduðu saman í Kína í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

**KÍNA** Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, hefur lofað því að losa sig við kjarnorkuvopnin. „Það er eindreginn vilji okkar að stuðla að afvopnun á Kóreuskaga í samræmi við óskir Kim Il-sung og Kim Jong-il,“ sagði einræðisherrann á fundi með Xi Jinping, forseta Kína.

Norðurkóreska ríkissjónvarpið, KCNA, staðfesti í gær fréttir af því að Kim hafi verið í óopinberri heimsókn í Kína. Þeirri fyrstu sem Kim fer í frá því hann tók við leiðtogasætinu. Heimsókninni lýkur í dag en samkvæmt KCNA hefur Xi þegið boð Norður-Kóreumannsins um að ferðast til Norður-Kóreu síðar á árinu.

Fundur leiðtoganna er ekki sá eini sem Kim mun taka þátt í á árinu. Á dagskrá einræðisherrans er fundur með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í apríl og Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, stuttu seinna, líklegast í maí.

Á fundi leiðtoganna sagði Kim við Xi að ástandið á Kóreuskaga færi batnandi vegna frumkvæðis Norður-Kóreumanna. Sagði Kim jafnframt að Norður-Kórea væri opin fyrir fleiri fundum með leiðtogum Suður-Kóreu og Bandaríkjanna, að því er kínverski ríkismiðillinn Xinhua greindi frá. „Hægt er að leysa afvopnunarmálin á Kóreuskaga ef Bandaríkin og Suður-Kórea svara viðleitni okkar með frekari velvild. Hægt er að koma á friði og stöðugleika ef við erum samstiga,“ hafði Xinhua eftir Kim.

Ljóst er að heimsóknin vakti áhuga Norður-Kóreumanna. Rodong Sinmun, ríkisdagblað Norður-Kóreu, gaf út sérstaka viðhafnarútgáfu í gær og var fjallað um Kínaheimsóknina á sjö heilum síðum af átta. Sú síðasta fjallaði um innanríkismál. Birti blaðið myndir frá heimsókninni ásamt brotum úr ræðum leiðtoganna.

Suður-Kóreumenn höfðu sömuleiðis áhuga á fundinum. Að sögn talsmanns forseta létu Kínverjar þá vita af fundinum með nokkrum fyrirvara. Talsmaðurinn vildi þó ekki svara spurningu blaðamanna um hvenær sú tilkynning barst.

„Heimsóknin er tilraun til að bæta stirð samskipti við Kína, eina bandamann og helsta viðskiptaríki Norður-Kóreu, sem hefur tekið þátt í viðskiptaþvingunum gegn Norður-Kóreu,“ sagði í umfjöllun suðurkóreska miðilsins Yonhap um fundinn.

Aðrir suðurkóreskir miðlar sögðu ástæðu heimsóknarinnar þá að Kim vildi reyna að létta á viðskiptaþvingununum. Íhaldsmiðillinn Chosun Ilbo sagði frá því að Kim vildi koma sér vel fyrir undir verndarvæng Kínverja ef svo færi að viðræðurnar við Trump misheppnuðust. Frjálslyndi miðillinn Hankyoreh sagði Xi staðráðinn í að leika lykilhlutverk í Kóreudeilunni.

Kínverski ríkismiðillinn Global Times fagnaði nýjum kafla í samskiptum Kínverja og Norður-Kóreumanna. „Alþjóðasamfélagið ætti að styðja heimsóknir sem þessa. Líklegt er að þær verði drifkraftur í átt að friði og hagsæld á Kóreuskaga.“

thorgnyr@frettabladid.is

> **Það er eindreginn vilji okkar að stuðla að afvopnun á Kóreuskaga í samræmi við óskir Kim Il-sung og Kim Jong-il.**
>
> Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu

## Af hverju vil Kim nú stilla til friðar?

Eftir að hafa gert sextán eldflaugatilraunir og eina kjarnorkutilraun, raunar þá stærstu í sögu ríkisins, á síðasta ári þykir einkennilegt að Kim vilji nú reyna að stilla til friðar. Hafa Norður-Kóreumenn ekki gert neina slíka tilraun það sem af er ári, höfðu gert tvær á sama tíma í fyrra.

Togstreitan á Kóreuskaga, og á milli Norður-Kóreu og Bandaríkjanna, var griðarleg áður en boðað var til viðræðnanna á milli suðurs og norðurs og svo norðurs og vesturs. En hvað breyttist?

Fréttaskýrendur víða um heim hafa bent á að mögulega séu viðskiptaþvinganir gegn einræðisríkinu nú að bera árangur. Norður-Kórea þurfi nauðsynlega á því að halda að á þeim verði slakað. Því sé Kim nú opinn fyrir því að losa sig við kjarnorkuvopnin gegn því að öryggi einræðisstjórnarinnar verði tryggt.

Blaðamaður Washington Post kom með þá skýringu að með því að funda með Trump öðlaðist Kim það sem hann þráði helst. Viðurkenningu á lögmæti stjórnar sinnar. Hann þyrfti að umgangast og fjalla um sem jafningja forseta stórveldisins og fundurinn gæti tryggt það.

Aðrir hafa haldið því fram að með því að sýna núna vilja til viðræðna, til þess að stilla til friðar, sé Kim að reyna að vinna tíma svo að hægt sé að klára smíði eldflauga sem geti flutt kjarnorkuvopn til Bandaríkjanna með ásættanlegri nákvæmni.

## Dagbók Kim Jong-un

**1. janúar**
Kveður við sáttatón í nýársávarpi Kim þar sem hann segist íhuga að senda keppnislið á Vetrarólympíuleikana í Pyeongchang í Suður-Kóreu.

**3. janúar**
Opnað á neyðarlínu á milli ríkjanna eftir tveggja ára lokun.

**8. janúar**
Norður-Kórea samþykkir að senda keppendur og klapplið á Vetrarólympíuleikana.



**9.-25. febrúar**
Norður-Kórea tekur þátt í Vetrarólympíuleikunum. Ganga inn undir sama fána og senda sameiginlegt lið í íshokkí kvenna. Sendinefnd undir forystu Kim Yo-jong, systur einræðisherrans, fundar með Suður-Kóreumönnum.

**4. mars**
Suðurkóresk sendinefnd mætir til fundar með Kim í norðurkóresku höfuðborginni Pjongjang. Kim segist opinn fyrir afvopnun.

**7. mars**
Samkomulag næst um að Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, fundi með Kim í fyrsta skipti.



**8. mars**
Kim býður Donald Trump Bandaríkjaforseta til viðræðna um kjarnorkuvopnaáætlun ríkisins. Trump samþykkir og stefnt að viðræðum innan tveggja mánaða.

**20. mars**
Suður-Kórea tilkynnir að ríkið muni senda tónlistarmenn til að spila á tónlistarhátíð í Pjongjang.

**27. mars**
Kim kemur til Kína. Heimsóknin er sú fyrsta sem hann fer í frá því hann tók við leiðtogasætinu.

**29. mars (í dag)**
Sendinefndir Kóreuríkjanna skipuleggja leiðtogafund Kim og Moon. Búist er við því að þeir fundi í næstu viku í landamærabænum Panmunjom.

**31. mars**
Tónlistarhátíð suðurkóreska listamanna hefst í Pjongjang.



**Apríl**
Moon fundar með Kim.

**Maí**
Trump fundar með Kim.


# Aðalfundur Lífsverks lífeyrissjóðs

Engjateigi 9 – Reykjavík - **Þriðjudaginn 17. apríl kl. 17:00**

**Dagskrá fundar:**

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Niðurstaða rafræns stjórnarkjörs
- Tillögur til breytinga á samþykktum
- Önnur mál, löglega upp borin

**Rafrænt stjórnarkjör 9. til 13. apríl**
Rafrænt stjórnarkjör fer fram á vef sjóðfélaga á www.lifsverk.is dagana 9. – 13. apríl. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal kjósa um tvö laus stjórnarsæti, karls og konu, til þriggja ára. Í framboði eru Eva Hlín Dereksdóttir, Freyr Ólafsson, Gnýr Guðmundsson, Helga Viðarsdóttir, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Sverrir Bollason og Unnar Hermannsson. Kynning frambjóðenda er á vefsvæði sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta kosningarétt sinn.

**Ávöxtun 2017:**

| | Hrein nafnávöxtun | Hrein raunávöxtun |
|---|---|---|
| Samtryggingardeild | 5,3% | 3,6% |
| Lífsverk 1 | 6,2% | 4,4% |
| Lífsverk 2 | 7,4% | 5,6% |
| Lífsverk 3 | 4,9% | 3,1% |

Engjateigur 9 105 Reykjavík
www.lifsverk.is

**Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar**




**Um Lífsverk lífeyrissjóð:**
Lífsverk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða en allir geta greitt til séreignardeilda sjóðsins. Sérstaða sjóðsins er m.a. sjóðfélagalýðræði, rafrænt stjórnarkjör, góð réttindaávinnsla og hagstæð sjóðfélagalán. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2017 var samtals 80,9 milljarðar kr. og hækkaði um 7,9 milljarða kr. á árinu. Í árslok 2017 var heildartryggingafræðileg staða samtryggingardeildar jákvæð um 1,5%. Hrein raunávöxtun sl. 5 ár er 5,0%
*Nánari upplýsingar á www.lifsverk.is.*

LÍFSVERK LÍFEYRISSJÓÐUR




**HAAG hornsófi, tveir litir**
Verð áður kr. 169.900
**Verð nú kr. 135.920**

# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

20% kynningar-afsláttur



**VISIONI sófi**
verð áður kr. 49.900
**Verð nú kr. 39.920**

**VISIONI borð**
verð áður kr. 29.900
**Verð nú kr. 23.920**

**VISIONI stóll**
verð áður kr. 39.900
**Verð nú kr. 31.920**

## 20% AFSLÁTTUR AF ILMKERTUM OG BLÓMUM







Gildir 29. mars – 4. apríl.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890



**Vladímír Pútín, forseti Rússlands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Pútín segir alið á ótta í Síberíu

**RÚSSLAND** Alið er á ótta á samfélagsmiðlum og lygum dreift þar um harmleikinn í síberísku borginni Kemerovo, þar sem að minnsta kosti 64 fórust í eldsvoða í verslunarmiðstöð á sunnudag. Þetta sagði Vladímír Pútín, forseti Rússlands, þegar hann fundaði með Alexander Bastríkín, sem leiðir rannsóknina á brunanum, í gær.

Mótmæli hafa geisað á götum Kemerovo undanfarna daga þar sem kallað hefur verið eftir afsögn Pútíns. Hafa mótmælendur kennt yfirvöldum um að jafn illa fór og raun ber vitni. Sumir telja jafnvel að mun fleiri hafi farist, allt að 400 og að yfirvöld séu að fela lík þeirra.

Pútín sagði það að auki að kanna þyrfti hverja einustu staðhæfingu. „Við höfum tekið eftir því að röngum upplýsingum er dreift á samfélagsmiðlum, aðallega af erlendum aðilum. Það er gert til að ala á ótta og vantrausti í garð yfirvalda.“ **– þea**

## Sekta þá sem kusu ekki

**EGYPTALAND** Þeir Egyptar sem ekki tóku þátt í forsetakosningunum sem lauk í gær verða sektaðir um 500 egypsk pund, andvirði um 3.000 króna. Þetta tilkynnti talsmaður yfirkjörstjórnar í gær. „Lögum samkvæmt verður hver sá kjósandi sem ekki tekur þátt í lýðræðisferlinu samstundis sektaður um 500 pund,“ hafði ríkismiðillinn Stöð 1 eftir talsmanninum.

Nærri 60 milljónir Egypta eru á kjörskrá. Búist er við því að Abdel Fattah al-Sisi forseti nái endurkjöri en andstæðingur hans er hinn lítt þekkti Moussa Mostafa Moussa. Sá safnaði meðmælum fyrir framboð Sisi og hafa stjórnmálaskýrendur og stjórnarandstæðingar kallað hann strengjabrúðu Sisi. Hann sé í framboði til að láta kosningarnar líta út fyrir að vera lýðræðislegar og til þess að auka kjörsókn. Aukinheldur leikur vafi á að hann hafi greitt sjálfum sér atkvæði. **– þea**

**500**

**egypskum pundum, andvirði 3.000 króna, þurfa Egyptar sem ekki kusu að punga út.**

## Fallnir hermenn snúa aftur heim



**Kínverskir hermenn sjást hér halda á kistum með jarðneskum leifum fallinna landa sinna. Við athöfn í Incheon í Suður-Kóreu í gær afhentu suðurkóreskir hermenn Kínverjum leifar 20 fallinna kínverskra hermanna frá tímum Kóreustríðsins sem stóð yfir frá 1950 til 1953.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Stjórnarlaun Félagsbústaða hækkuðu um 150 prósent

Launakostnaður stjórnenda Félagsbústaða hækkaði um 12,6 milljónir milli ára. Framkvæmdastjórinn segir hækkun stjórnarlauna 2016, breytt greiðslufyrirkomulag þeirra, launahækkun sína og yfirvinnugreiðslu vegna mikils álags skýra hækkunina. Stjórnarlaun hækkuðu úr 47 þúsundum í 122 þúsund á mánuði.

**VIÐSKIPTI** Framkvæmdastjóri Félagsbústaða segir 12,6 milljóna króna hækkun á samtölu launa hans og stjórnar félagsins milli ára í ársreikningi eiga sér skýringar í mikilli hækkun stjórnarlauna árið 2016, breytingu á greiðslufyrirkomulagi þeirra, launahækkun og yfirvinnuálagi hans í fyrra og yfirsjón við að gera grein fyrir bílastyrk hans í ársreikningi 2016.

Í ársreikningi Félagsbústaða fyrir árið 2017 segir í skýringu að laun vegna stjórnarsetu árin 2016 og 2017 og laun framkvæmdastjóra árið 2017 hafi numið 30,8 milljónum samanborið við 18,2 milljónir árið áður. Engar frekari skýringar eða sundurliðun er gefin á þessum breytingum.

Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, segir þessa framsetningu vissulega gagnrýniverða enda gefi hún ekki glögga mynd af skiptingu þeirra liða sem undir hana falla í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. Hækkunin milli ára eigi sér þó eðlilegar skýringar.



**Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða.** MYND/FÉLAGSBÚSTAÐIR

**154%**

**var hækkun stjórnarlauna á einu bretti árið 2016 vegna samræmingar hjá fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.**

Í fyrsta lagi hafi stjórnarlaun vegna ársins 2016 verið hækkuð úr 47.917 krónum á mánuði í 122.000 á mánuði, eða um ríflega 154 prósent. Hækkunin hafi verið liður í samræmingu hjá Reykjavíkurborg. Samhliða þessari hækkun var ákveðið að breyta greiðslufyrirkomulagi stjórnarlauna. Horfið var frá því að greiða þau öll í einu eftir á í fyrirframgreiðslu mánaðarlega. Þetta hafði gert það verkum að árið 2017 væri í ársreikningi bókuð tvöföld stjórnarlaun, sem skekki myndina.

Þá hafi framkvæmdastjórinn fengið 10 prósenta launahækkun í fyrra, fór úr 1.328 þúsund krónum á mánuði í 1.458 þúsund. Þá hafði láðst að gera grein fyrir bílastyrk framkvæmdastjórans í skýringu við ársreikning 2016 en hann fær 1.680 þúsund krónur á ári í slík hlunnindi. Loks fékk framkvæmdastjórinn á síðasta ári 1,4 milljónir greiddar í yfirvinnu „vegna mikils og óvenjulegs álags í tengslum við breytt lagaumhverfi fjármögnunar fyrirtækisins og útgáfu skuldabréfa á vegum þess“. Ekki sé um fasta greiðslu að ræða. **mikael@frettabladid.is**

**KATLA FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
9, boulevard Prince Henri, L-1724 Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 96 002 - (the "SICAV")

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

The Board of Directors convenes the Shareholders of the SICAV to attend the Annual General Meeting to be held at the registered office of the company on April 19, 2018 at 10:00 with the following agenda :

1. Report of the Board of Directors and of the Authorised Auditor
2. Approval of the Financial Statements as at December 31, 2017
3. Allocation of Results
4. Discharge to the Directors
5. Appointment of the Authorised Auditor
6. Statutory Elections

The Shareholders are advised that no quorum is required and that decisions will be taken by a simple majority of the votes cast.

The Shareholders who wish to attend the Meeting must inform the Board of Directors (domiciliation@conventum.lu) at least five business days before the Meeting.

## Segir Rússa ekki komna í öngstræti

**RÚSSLAND** Þrátt fyrir að rúmlega tuttugu ríki hafi vísað rússneskum erindrekum úr landi eru Rússar ekki í öngstræti. Þetta sagði Dmítrí Peskov, talsmaður Rússlandsforseta, í gær.

Rússar hafa mætt mótbyr eftir að ráðist var á gagnnjósnarann fyrrverandi Sergei Skrípal og dóttur hans með taugaeitri í Salisbury í Bretlandi fyrr í mars. Er Rússum kennt um árásina en þeir neita sök.

„Ég held við séum ekki komin í öngstræti. Tuttugu eða þrjátíu ríki eru bara hluti af heiminum,“ hafði Interfax, stærsti einkarekni miðill Rússlands, eftir Peskov.



**Dmítrí Peskov, talsmaður Rússlandsforseta**

Talsmaðurinn sagði enn fremur að á meðal þeirra ríkja sem tóku afstöðu með Bretum væru ríki sem hefðu þá skoðun að málstaður Breta væri veikur. Sönnunargögnin væru ekki nægilega mikil til þess að saka Rússa um svo alvarlegan glæp.

Svartfellingar bættust í gær í hóp ríkja sem vísa Rússum úr landi. Svartfellski miðillinn Cafe del Montenegro greindi frá því að einum erindreka hefði verið vísað úr landi.

Samskipti Rússlands og Svartfjallalands hafa verið einkar stirð frá því rússneskir þjóðernissinnar voru sakaðir um áform um að ráða Milo Djukanovic forsætisráðherra af dögum árið 2016. **– þea**



-17 kr.
Í DAG
fyrir lykil- og korthafa
Olís og ÓB
FJÓRFALDIR
VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR
FYRIR VILDARPUNKTASAFNARA HJÁ OLÍS OG ÓB Í DAG
ICELANDAIR
Vinur við veginn
olís

Fríða
@islandsbanki
islandsbanki.is/frida
440 4000





# Páskar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Páskar eru trúarhátíð kristinna manna með hinum sterka boðskap um fórnfýsi og sigur lífsins yfir dauðanum. Ekki taka allir eftir þessum fallega boðskap og sumir gefa reyndar afar lítið fyrir hann. Á mörgum bæjum telst einfaldlega ekki sérlega fínt að flagga trú. Hún þykir jafnvel hrein tímaskekkja í nútímasamfélagi og því eru öfl sem vilja draga úr vægi hennar og telja sig með því vera að gera mikið gagn. Þessum öflum hefur orðið nokkuð ágengt, en eiga þó langt í land með að takast það ætlunarverk sitt að afkristna þjóðina. Það auðveldar þessum hópi reyndar verkið að nútímamaðurinn er yfirleitt á þönum, stöðugt að flýta sér og gefur sér alla jafna lítinn tíma til íhugunar. Hátíð eins og páskar verða í huga hans að kærkominni röð frídaga, þegar þeir ættu að vera svo miklu meira en það. Þarna er nútímamaðurinn, eins og stundum áður, fastur á villigötum neysluhyggjunnar. Hann er of upptekinn af þægindum þegar hann mætti gjarnan vera meira brennandi í andanum.

Í umhverfi eins og þessu á þjóðkirkjan að mörgu leyti erfitt uppdráttar. Hún nýtur ekki sömu virðingar og áður og getur sumpart sjálfri sér um kennt. Of margir kirkjunnar þjónar hafa reynst mun breyskari en góðu hófi gegnir. Þar sýnir sig að mun auðveldara er að vera talsmaður boðskapar en að breyta eftir honum. Kristin trú boðar kærleika, umburðarlyndi og fórnfýsi og það skipir öllu máli að prestar landsins breyti samkvæmt því. Það er siðferðileg skylda þeirra að starfa í þágu kærleikans og það gera þeir blessunarlega flestir.

Þótt þjóðkirkjan eigi undir högg að sækja og úrsögnum úr henni fjölgi þá standa kirkjur landsins samt ekki auðar, síst á stórhátíðum eins og páskum. Páskaboðskapurinn kemst rækilega til skila í predikunum, upplestri og tónlist, þar er nánast eins og kirkjugestir séu umfaðmaðir. Einhverjir myndu kannski ætla sem svo að einungis þarna ætti páskaboðskapurinn heima. Hann fái ekki ýkja mikla athygli annars staðar. En svo er alls ekki.

Jafn ágætt starf og prestar vinna þegar þeir boða kærleiksboðskapinn þá eru aðrir sem hafa afrekað enn meir. Það eru listamennirnir sem skapað hafa ódauðleg verk með tilvísunum í sögur Biblíunnar. Þeir sem vilja geta auðveldlega leitt hjá sér orð og predikanir prestanna. Ekkert fær hins vegar unnið á þeim stórbrotnu listaverkum sem vísa til kristni og kristins boðskapar. Passíusálmar Hallgríms Péturssonar hafa verið lesnir í útvarpi svo lengi sem elstu menn muna. Jafn ólík verk og Mattheusarpassía Bachs og Jesus Christ Superstar eru flutt á þessum tíma, ásamt fleiri gimsteinum tónlistarsögunnar. Heimurinn á ódauðleg verk eftir meistara myndlistarsögunnar af Kristi á krossinum og upprisu hans. Enn verður sú saga skáldum að yrkisefni og kvikmyndagerðarmenn gera henni skil á hvíta tjaldinu.

**Ekkert fær hins vegar unnið á þeim stórbrotnu listaverkum sem vísa til kristni og kristins boðskapar.**

Ef við höfum í huga öll þau listaverk sem mannsandinn hefur skapað vegna áhrifa frá sögunni um Krist, krossfestingu hans og upprisu þá hlýtur okkur um leið að verða ljóst að páskaboðskapurinn mun aldrei gleymast. Hann á ætíð erindi.

BÍLGREINASAMBANDIÐ

## Aðalfundur
### Bílgreinasambandsins 2018

**Fimmtudaginn 12. apríl kl. 14:00**
**í Húsi atvinnulífsins**
**Borgartúni 35, Reykjavík**
**Fundarsalur: Kvika, á 1. hæð**

**Fundurinn hefst** á erindi Guðmundar F. Úlfarssonar prófessors við umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands. Að henni lokinni taka við venjubundin aðalfundarstörf.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

**Við skorum á félagsmenn að mæta !**

**Stjórn BGS**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Veistu HÚH ég var?**
**Skráning einkaleyfa á fljótandi hugtökum og jafnvel innantómum upphrópunum er mjög móðins um þessar mundir. Gunnar Þór Andrésson, einkaleyfishafi á orðmerkinu „HÚ“, er með böggum hildar eftir að ákaft stuðningsfólk karlalandsliðsins í knattspyrnu snerist gegn honum. Enn á eftir að koma í ljós hvort gleymt frægðarfólk muni herja á sama hátt á Sigga Hlö sem hefur fengið einkaleyfi á nafni útvarpsþáttarins „Veistu hver ég var?“ á Bylgjunni. Samkvæmt einkaleyfisskráningu fellur þessi spurning undir flokk 41 og nær meðal margs annars yfir „skemmtistarfsemi“ og „afþreyingarefni fyrir útvarp“.**

**Forn frægð**
**Einkaleyfisskráning Sigga Hlö þykir renna stoðum undir orðróm um að hann hugsi sér til hreyfings með 80's-þáttinn sinn yfir á K100, útvarpsstöð Moggans, í Hádegismóum. Þar eru fyrir á fleti Jón Axel Ólafsson og fleiri eldgamlir félagar Sigga af Bylgjunni. Með skráningunni hefur hann væntanlega bjargað sér frá örlögum Sigurjóns M. Egilssonar. Sá stýrði vinsælum sjallþætti, Sprengisandi, á Bylgjunni en mátti sjá á eftir nafninu þegar hann yfirgaf Bylgjuna. „Veistu hver ég var?“ á síðan vitaskuld ákaflega vel við í Hádegismóum hvar hefð er fyrir því að lifa á fornri frægð og endurskrifa söguna.**
**thorarinn@frettabladid.is**

# Sáttmáli kynslóðanna



Hildur Björnsdóttir
Höfundur skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Þær bjuggu í sveit eða fámennum plássum við sjávarsíðuna – íslenskar stórfjölskyldur – þrjár kynslóðir sem saman háðu lífsbaráttuna. Umönnun þeirra minnstu eða bjargarlausu fór fram innan heimilis. Hver reiddi sig á annan og annar reiddi sig á hinn. En lífsmynstur breyttust. Konur vinna nú utan heimilis, börn sækja dagvistun og stofnanir annast aldraða. Samskipti kynslóða breyttust.

Lífaldur fer hækkandi og heilsufar batnandi. Eldra fólk er nú betur á sig komið en áður. Hluti aldraðra þarfnast þjónustu og stuðnings – en þeim heilsuhraustu fjölgar. Það er mikilvægt að styðja við samfélagsþátttöku eldra fólks. Eftir því sem fólk er virkara, upplifir það meiri lífsfyllingu og vellíðan – sem aftur stuðlar að langlífi.

Um þriðjungur fagmenntaðra leikskólakennara hverfur á eftirlaun innan tíu ára. Með breyttu lífeyriskerfi mætti halda faglærðum lengur við kennslu. Afnám lífeyrisskerðinga er mikilvægt baráttumál. Margir telja málið óþarft – lífeyrisþegar séu áhugalausir um störfin. Félag eldri borgara er á öðru máli. Í nýlegri ályktun lýstu félagsmenn sig reiðubúna til að starfa á leikskólum borgarinnar. Margir hefðu fulla starfsgetu og ærinn vilja til að leggja sitt af mörkum.

Læknirinn William H. Thomas þróaði þekkta hugmyndafræði um samspil kynslóða. Hugmyndir hans sögðu samskipti við börn færa öldruðum aukin lífsgæði. Hefur hugmyndafræðin verið innleidd víða erlendis. Þar hafa risið leikskólar samhliða dvalarheimilum. Hefur fyrirkomulagið stuðlað að auknum samskiptum barna og aldraðra. Aukið samspil kynslóða leiðir af sér ánægju allra hlutaðeigandi. Það sýnir fjöldi rannsókna. Börn veita öldruðum lífsgleði og létta lund þeirra sem stríða við einsemd. Þeir eldri veita börnum víðsýni og aukna þekkingu. Sameining kynslóða er öllum til sóma. Ungur nemur, gamall temur.

**Aukið samspil kynslóða leiðir af sér ánægju allra hlutaðeigandi.**

Við viljum stuðla að auknum samskiptum barna og eldra fólks. Við viljum virkja félagsauð aldraðra í skólastarfi. Við viljum leiða saman kynslóðir í lestri og söng – viðhalda sagnahefð og íslenskri tungu. Við viljum auka lífsgleði og lífsgæði. Við trúum á samvinnu í lífsbaráttunni – samspil og sáttmála kynslóðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Útreiðartúr á tígrisdýri

## Í DAG



**Þorvaldur Gylfason**



Miklir atburðir gerast nú úti í heimi. Kalt stríð milli Bandaríkjamanna, Breta og margra annarra Evrópuþjóða annars vegar og Rússa hins vegar kann að vera í uppsiglingu. Viðskiptastríð milli Bandaríkjanna og Kína kann einnig vera í aðsigi. Fyrstu skrefin hafa þegar verið stigin. Við bætast viðsjár í Austurlöndum nær þar sem Íran og Sádi-Arabía eigast við grá fyrir járnum í gegnum milliliði í Jemen, Sýrlandi og víðar með virkri aukaaðild Bandaríkjamanna, Rússa o.fl. og veitist ýmsum betur. Kim Jong-un leiðtogi Norður-Kóreu og Trump Bandaríkjaforseti skiptast á hótunum um kjarnorkuárásir. Stríð hefur geisað í Kongó frá 1998 með hléum og miklu mannfalli.

**Réttlætingar með lygum rýra traust**

Ófriðarhorfurnar um heiminn eru að því leytinu til uggvænlegri nú en oft áður að Bandaríkin sem voru hryggjarstykkið í bandalagi lýðræðisríkjanna eftir 1945 hafa glatað trausti. Til þess liggja ýmsar ástæður. Nú er t.d. komið í ljós að Víetnamstríðið var réttlætt með lygum líkt og innrás Bandaríkjanna, Bretlands o.fl. ríkja í Írak 2003 var réttlætt með lygum. Margt bendir til að skýring bandarískra yfirvalda á morðinu á Kennedy forseta 1963 reist á niðurstöðu Warren-nefndarinnar sé röng eins og Bandaríkjaþing ályktaði 1978 án þess að kafa til botns. Enn er skjölum um morðið haldið leyndum fyrir almenningi til að vernda meinta þjóðaröryggishagsmuni að sögn Trumps forseta, en lokaskjalanna er að vænta nú í apríl nema leyndin verði framlengd. Bandaríkjastjórn hefur, stundum ásamt leyniþjónustunni CIA, steypt fjórtán ríkisstjórnum af stóli frá Havaí 1893 til Íraks 2003, þar á meðal lýðræðislega kjörnum stjórnum í Íran 1953 og Síle 1973. Allt þetta hefur grafið undan áliti Bandaríkjanna þrátt fyrir mikinn árangur landsins á mörgum sviðum.

**Trump forseti kafli út af fyrir sig**

Við bætist að nú situr í Hvíta húsinu maður sem hótar kjarnorkuárásum, er hlynntur pyndingum, leggur nýnasista að jöfnu við andstæðinga þeirra, dregur skv. mörgum prentuðum heimildum á eftir sér langan glæpaslóða og liggur undir grun um að vera undir hælnum á Pútín Rússlandsforseta. Bandaríkin fá nú miklu minna en fullt hús stiga í mati stjórnmálafræðinga á lýðræði í heiminum.

Kannanir Gallups sýna að Trump forseti hefur frá því hann tók við embætti í janúar 2017 notið stuðnings allt að 40% bandarískra kjósenda (og langflestra skráðra repúblikana) meðan allt að 60% kjósenda eru honum andsnúin. Hann náði kjöri 2016 vegna galla á stjórnarskrá Bandaríkjanna sem tryggði honum meiri hluta í kjörráði (e. Electoral College) þótt hann hlyti þrem milljónum færri atkvæði á landsvísu en keppinautur hans úr röðum demókrata. Svipað gerðist árið 2000 þegar Hæstiréttur gerði George W. Bush að forseta með fimm atkvæðum gegn fjórum.

**Hæstiréttur brást**

Kjörráðsákvæðið er ekki eini alvarlegi gallinn á stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þar er einnig að finna ákvæði um frelsi til að bera vopn svo sem ástæða þótti til á ofanverðri 18. öld. Þetta ákvæði hefur bandaríska byssuvinafélagið (National Rifles Association, NRA) notað til að hræða Bandaríkjaþing frá því að innleiða skilvirkt skotopnaeftirlit. John Paul Stevens sem var hæstaréttardómari 1975-2010, lengur en flestir aðrir dómarar í sögu réttarins, birti nýlega grein í New York Times þar sem hann rifjar upp að félagi hans

> **Ófriðarhorfurnar um heiminn eru að því leytinu til uggvænlegri nú en oft áður að Bandaríkin sem voru hryggjarstykkið í bandalagi lýðræðisríkjanna eftir 1945 hafa glatað trausti.**

Warren Burger, forseti réttarins 1969-1986, kallaði túlkun NRA á stjórnarskránni „einhver mestu svik, segi og skrifa svik, sem bandaríska þjóðin hefur mátt þola af hálfu hagsmunasamtaka um alla mína daga.“ [Mín þýðing, ÞG.]

Hæstiréttur innsiglaði svikin 2008 með því að staðfesta þessa rangtúlkun byssuvinafélagsins á úreltu ákvæði stjórnarskrárinnar. Og fjöldamorðin halda áfram í skólum og annars staðar. Byssur eru fleiri í Bandaríkjunum en fullorðið fólk. Stevens leggur til að byssuverndarákvæðið verði numið brott úr stjórnarskránni úr því að Hæstiréttur brást. Hæstiréttur bætti síðan gráu ofan á svart 2010 með því að létta öllum hömlum af fjárframlögum til stjórnmálamanna og flokka. Í ljósi þessara tveggja dóma Hæstaréttar verður það skiljanlegt hvers vegna bandarískir þingmenn, einkum repúblikanar, sitja og standa eins og byssuvinafélagið býður þeim. Þeir fóru í útreiðartúr á tígrisdýri.

Bandarískir byssuvinir eru ekki einir um hituna. Lyfjafyrirtæki, bankar o.fl. hafa keypt sér mikil ítök meðal bandarískra stjórnmálamanna á kostnað almennings. Lýðræðinu blæðir, einnig hér heima þar sem peningar, iðulega illa fengnir, virðast nú hafa meiri áhrif á Alþingi en nokkru sinni fyrr.


# STARFSEMI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS Á ÁRINU 2017



## HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

**EFNAHAGSREIKNINGUR** í milljónum kr.

| Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 138.031 | 129.274 |
| Skuldabréf | 197.168 | 179.166 |
| Bundnar bankainnistæður | 4.008 | 4.589 |
| Aðrar fjárfestingar | 164 | 383 |
| Kröfur | 2.599 | 1.840 |
| Handbært fé og rekstrarfjármunir | 6.580 | 5.760 |
| Skuldir | -428 | -859 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **348.122** | **320.152** |

**BREYTINGAR Á HREINNI EIGN** í milljónum kr.

| Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 15.543 | 13.476 |
| Lífeyrisgreiðslur | 10.244 | 9.323 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 23.434 | 3.016 |
| Rekstrarkostnaður | 763 | 762 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **27.970** | **6.407** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 320.152 | 313.745 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **348.122** | **320.152** |

| **KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR** | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 7,05% | 0,58% |
| Hrein raunávöxtun | 5,23% | -1,49% |
| Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal | 4,86% | 5,33% |
| Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal | 0,48% | 0,47% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar | -3,44% | -4,09% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 15.882 | 15.927 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 12.944 | 12.058 |
| Fjöldi stöðugilda | 30,1 | 30,5 |

## SÉREIGNARDEILDIR

Hrein eign séreignardeildar var 13,7 milljarðar króna í lok árs 2017 og jókst um 974 milljónir króna frá fyrra ári. Hrein ávöxtun séreignar var á bilinu 1,93%–5,63%. Upplýsingar um ávöxtun sparnaðarleiða eru á vef sjóðsins, birta.is. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 633 milljónum króna. Í árslok 2017 áttu 31.566 manns réttindi í séreignardeild og virkir sjóðfélagar í séreignardeild voru 2.154. Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar nam 80 milljónum króna.

**Stjórn sjóðsins:**

Jón Bjarni Gunnarsson, *formaður*
Þorbjörn Guðmundsson, *varaformaður*
Davíð Hafsteinsson
Drífa Sigurðardóttir
Guðrún Jónsdóttir
Gylfi Ingvarsson
Ingibjörg Ólafsdóttir
Jakob Tryggvason
Unnur María Rafnsdóttir
Viðar Örn Traustason

**Framkvæmdastjóri:** Ólafur Sigurðsson

## Ársfundur 2018

**Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn miðvikudaginn 2. maí nk. kl. 17 í Norðurljósasal Hörpu.**

**Dagskrá verður kynnt síðar á birta.is.**

## KJÖRFUNDUR 2018

Kjörfundur fulltrúa launamanna í Birtu lífeyrissjóði, vegna stjórnarkjörs í lífeyrissjóðnum verður í sal Rafiðnaðarskólans að Stórhöfða 27, kl. 20 miðvikudaginn 25. apríl nk.

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

ENNEMM / SÍA / NM81284

# „Skal tryggður í lögum“



**Gunnar Kristinn Þórðarson**
stjórnsýslufræðingur og formaður Samtaka um framfærslu-réttindi

Samhjálpin er eitt af megin-einkennum siðaðs samfélags. Hvernig staðið er að veitingu lágmarksframfærslu, segir mikið til um hver afstaða samfélagsins er til þeirra sem höllustum fæti standa. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er öryggisnetið í samfélaginu, sem er ætlað að grípa þá sem falla á milli velferðarkerfa. Oft eru um að ræða einstaklinga sem lenda í ýmsum áföllum eða veikjast skyndilega eða búa við mjög bágar félagslegar aðstæður. Réttaróvissa um lögmæti framkvæmdar fjárhagsaðstoðar hefur verið á vitorði stjórnsýslunnar og Alþingis nú um áratugi. Engu að síður hefur löggjafinn ekki breytt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga til að eyða slíkri óvissu, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir alþingismanna, nú um langt árabil.

Félagsmálaráðherra hefur nú lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og er óhætt að segja að það valdi vonbrigðum, þar sem það eyðir í engu umræddri réttaróvissu.

Yfirskrift þessarar greinar er vísun í hina svokölluðu jákvæðu lagaáskilnaðarreglu framfærsluréttar 76. gr. stjórnarskrárinnar. Í henni er fólgin skylda löggjafans til að taka afstöðu til þess hvaða rétt borgararnir eigi að hafa til lágmarksframfærslu. Í henni er einnig fólgin skylda löggjafans til að tilgreina hversu langt stjórnvöld megi ganga til að skilyrða eða skerða þann rétt.

Hingað til hefur verið talið að 19. og 21. gr. félagsþjónustulaga – með vísan til sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga, veiti sveitarstjórnum heimild til að skilyrða og skerða fjárhagsaðstoð t.d. vegna krafna um atvinnuþátttöku og þátttöku í virkniúrræðum. Ákvarðanir um synjun eða skerðingu fjárhagsaðstoðar á grundvelli slíkra krafna eru skilgreiningu samkvæmt stjórnsýsluviðurlög, en 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar gerir sérstakar kröfur um skýrleika lagaheimilda ef stjórnvöld ætla sér að beita viðurlögum.

Almennt þarf ótvíræða heimild í lögum til að skerða mannréttindi, auk þess sem stjórnskipuleg mörk eru á því hversu opin, matskennd eða óljós reglugerðarheimild má vera, ef henni er ætlað að veita heimild til skerðingar mannréttinda með íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunum. Stjórnvöld mega ekki fara of langt á verksvið löggjafans, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, og getur löggjafinn ekki afnumið þau valdmörk og hlutverkaskiptingu.

### Löggjafinn þarf að taka afstöðu

Ljóst má vera að sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga þokar ekki lagaáskilnaðarreglu framfærsluréttarins burt, og enn síður veitir hann löggjafanum heimild til að framselja löggjafarvald til sveitarstjórna til að renna lagalegum stoðum undir skerðingu á lágmarksframfærslu. 19. og 21. gr. félagsþjónustulaga kveða ekki á um skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð með beinum hætti og veita ekki skýr viðmið um hvenær umsækjandi teljist ekki fær um eigin framfærslu eða hverjar afleiðingarnar eigi að vera, bregðist hann framfærsluskyldu sinni. Löggjafinn þarf að taka afstöðu til slíkra skilyrða eða veita sveitarstjórnum skýra og ótvíræða reglugerðarheimild til að setja slík skilyrði. Að auki er hvergi að finna í félagsþjónustulögum heimild til handa félagsmálanefndum til að beita stjórnsýsluviðurlögum. Löggjafinn þarf að taka afstöðu til þess hve langt sveitarfélög megi ganga við að mismuna íbúum um fjárhagsaðstoð eftir búsetu, og hve langt þau megi ganga til að skerða fjárhagsaðstoð vegna skilyrða – jafnvel þótt heimild til skilyrða sé veitt viðhlítandi lagastoð.

Réttaróvissa um lögmæti framkvæmdar fjárhagsaðstoðar hefur verið á vitorði stjórnsýslunnar og Alþingis nú um áratugi. Engu að síður hefur löggjafinn ekki breytt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga til að eyða slíkri óvissu, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir alþingismanna, nú um langt árabil.

Við setningu laga um félagsþjónustu, sem heimila skerðingu eða skilyrðingu fjárhagsaðstoðar, þarf löggjafinn að gæta að skýrleika lagaheimilda, málefnalegra sjónarmiða, jafnræðis og meðalhófs. Ekki verður séð að nýtt frumvarp um félagsþjónustu sveitarfélaganna taki nægilega tillit til þessara þátta.

Til að undirstrika hversu framkvæmd fjárhagsaðstoðar er í miklli upplausn má benda á að nokkur sveitarfélög hafa ekki birt reglur um fjárhagsaðstoð í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 kemur fram að sveitarfélögum sé skylt að birta reglugerðir sínar í B-deild Stjórnartíðinda. Ef þau gera það ekki, telst íþyngjandi ákvörðun sem tekin er á grundvelli slíkra regna, ólögmæt með tilliti til meginreglu stjórnsýsluréttar um fyrirsjáanleika lagaframkvæmdar.

Mun fleira má telja til, en þessi umfjöllun að ofan sýnir að stjórnvöld hafa kerfisbundið brotið á félagsþjónustuþegum um langt árabil með blessun og aðgerðarleysi löggjafans. Þiggjendur fjárhagsaðstoðar búa jafnan við bága heilsu og bágar félagslegar aðstæður og eru því illa í stakk búnir til að verja hendur sínar gagnvart stjórnvöldum. Má því segja – til að bæta gráu ofan á svart, að réttaröryggi umsækjenda fjárhagsaðstoðar sé í molum.

Vegna þessa leita Samtök um framfærsluréttindi að umsækjendum fjárhagsaðstoðar, sem hafa sætt synjun eða skerðingu fjárhagsaðstoðar á undanförnum tveimur mánuðum. Samtökin óska eftir aðild þeirra, til að kæra mál þeirra til úrskurðarnefndar velferðarmála, og eftir atvikum senda kvörtun vegna slíkrar ákvörðunar til umboðsmanns Alþingis. Samtökin hvetja þá umsækjendur fjárhagsaðstoðar sem telja á sér brotið að hafa samband við samtökin.

# Er Angela Müller skattgreiðandi á Íslandi?



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
framkvæmdastjóri Katla DMI ehf. og formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Angela Müller frá Stuttgart í Þýskalandi kom með eiginmanni sínum til Íslands í fyrrasumar. Þau dvöldu hér í níu daga og fóru hringinn í kringum landið á bílaleigubíl. Þau borðuðu á veitingastöðum bæði í hádeginu og á kvöldin og nýttu auk þess ýmsa afþreyingu, siglingu, hvalaskoðun og fóru á nokkur söfn. Þau keyptu sér þar að auki íslenskar bækur.

Kostnaður þeirra við Íslandsferðina var á þessa leið, miðast við tvo, fyrir utan flugfargjald:

- Flugvallagjöld á Íslandi námu 4.150 kr.
- Gisting í 9 nætur á 3ja stjörnu hótelum kostaði 234.360 kr. Þar af var gistináttaskattur 300 kr. per einingu, samtals 2.700 kr. og virðisaukaskattur (11%) á gistingu 23.225 kr.
- Kostnaður vegna morgunverðar var 36.000 kr. og þar af voru greiddar 3.568 kr. í virðisaukaskatt (11%).
- Kostnaður vegna bílaleigubíls í millistærð var 164.000 kr., þar af voru greiddar 31.742 kr. í virðisaukaskatt (24%).
- Kostnaður vegna eldsneytis var um 40.000 kr. (Eknir 2.500 km). Af þeim kostnaði rann rúmur helmingur í ríkissjóð vegna bensín- og olíugjalds ásamt virðisaukaskatti (24%), eða 22.920 kr.
- Kostnaður vegna hádegisverða var um 45.000 kr. Þar af var virðisaukaskattur (11%) eða 4.460 kr.
- Kostnaður vegna kvöldverða var um 126.000 kr. Þar af virðisaukaskattur (11%) eða 12.487 kr.
- Kostnaður vegna áfengra drykkja (9 flöskur af léttvíni á veitingahúsi) var 54.000 kr. Þar af nam áfengisgjald og virðisaukaskattur 12.555 kr.
- Í þjóðgörðunum á Þingvöllum og í Skaftafelli greiddu hjónin bílastæðagjald, alls 1.100 kr.
- Fyrir siglingu á Jökulsárlóni voru greiddar 11.000 kr. Þar af var virðisaukaskattur (11%) 1.090 kr. Jafnframt fóru þau í hvalaskoðunarferð sem kostaði 20.000 kr. Virðisaukaskattur (11%) af þeirri ferð var 1.982 kr. Þá heimsóttu hjónin tvö söfn og greiddu samtals 8.000 kr. Sú þjónusta er án virðisaukaskatts.
- Keyptar voru tvær ferðahandbækur fyrir 7.000 kr. Þar af nam virðisaukaskattur (11%) 694 kr.

Fyrirhugað stórátak í uppbyggingu innviða sem ferðamála- og umhverfisráðherrar kynntu fyrir skömmu er því vissulega í boði skattgreiðenda. En við skulum hafa það hugfast að gestir okkar, ferðamennirnir, eru líka stórir skattgreiðendur á Íslandi. Þeir leggja miklu meira inn heldur en þeir taka út.

Samkvæmt ofangreindu eru Müller-hjónin frá Stuttgart að greiða í skatt og þjónustugjöld til hins opinbera og til fyrirtækja í eigu ríkisins, samtals 123.673 kr. sem eru um 16,3% af heildarverði ferðarinnar og er þá óbeint framlag til hagkerfisins ótalið.

Müller hjónin eru dæmigerðir sumarferðamenn á Íslandi og eru í hópi tugþúsunda annarra gesta sem ferðast um landið á svipaðan hátt. Þau nýta sér fjölbreytta þjónustu vítt og breitt um landið eins og flestir ferðamenn gera. Þau borga skatta og gjöld eins og lög gera ráð fyrir og greiða þar með fyrir notkun vegakerfis og aðstöðu á ferðamannastöðum. Fyrirhugað stórátak í uppbyggingu innviða sem ferðamála- og umhverfisráðherrar kynntu fyrir skömmu er því vissulega í boði skattgreiðenda. En við skulum hafa það hugfast að gestir okkar, ferðamennirnir, eru líka stórir skattgreiðendur á Íslandi. Þeir leggja miklu meira inn heldur en þeir taka út.

# Endurreisn borgarinnar



**Hjálmar Sveinsson**
borgarfulltrúi

Líklega hafa ekki margir tekið eftir því ennþá að um daginn var opnað apótek í gamla Hafnarstræti í Reykjavík. Það er nánar tiltekið á jarðhæð við Hafnarstræti 19 þar sem gamla Rammagerðarhúsið hefur verið endurreist og bætt við það fallegri „straujárnsbyggingu“. Um svipað leyti var opnaður nýr veitingastaður á upplyftri jarðhæðinni í gamla Thomsen vöruhúsinu við Hafnarstræti 17. Hægt er að ganga í gegnum staðinn, eins og apótekið, yfir á Tryggvagötu þar sem risin eru 4 hús með háum jarðhæðum. Þar munu koma verslanir og líklega einhverjir veitingastaðir líka en skrifstofur og fjöldi íbúða á efri hæðum.

Á þessu mikilvæga miðborgarsvæði við gömlu höfnina voru áratugum saman auðnarleg bílastæði. Nú fara þau í feiknastóran bílakjallara undir öllum nýbyggingunum. Á yfirborðinu verða til nýjar götur, göngugötur auðvitað: Kolagata, Steinbryggja, Tónagata. Handan við Geirsgötu munu svo koma enn fleiri íbúðir, miðborgarverslanir, höfuðstöðvar Landsbankans og eitt stykki hótel Marriott næst Hörpu. Það eru nýir tímar í Reykjavík. Mesta uppbyggingarskeið í sögu hennar er hafið. Hún byggist núna inn á við en þenst ekki lengur út, hömlulaust.

### Ný borgarstefna

Stærstur hluti uppbyggingarinnar á sér reyndar stað utan miðborgarinnar. Framkvæmdir eru hafnar, og í einstaka tilvikum langt komnar, í nýrri Vogabyggð, Bryggjuhverfi 2 og 3, í Úlfarsárdal og við Móaveg í Grafarvogshverfi, á Kirkjusandi, við Hlíðarenda, í Efstaleiti á lóð Ríkisútvarpsins, við Höfðatorg, á Lýsisreit og við Sæmundargötu. Þar rísa samanlagt um 3.700 íbúðir og það er bara byrjunin. Um 6.500 íbúðir til viðbótar eru í formlegu skipulagsferli. Stærstu íbúðahverfin munu rísa við Elliðaárvog, á Ártúnshöfða og við Skerjafjörð. Í öllum tilvikum er lögð áhersla á þétta, skjólgóða, blandaða byggð í manneskjulegum mælikvarða. Íbúðir, verslanir, skrifstofur, þjónusta tvinnast saman. Byggðin verður yfirleitt 3-5 hæðir og þéttleiki helst ekki minni en 60 íbúðir á hektara. Í flestum hverfum Reykjavíkur, nema þeim elstu, er þéttleikinn miklu minni. En reynslan sýnir að hverfisverslanir þrífast ekki nema að borgarhverfin búi yfir ákveðnum þéttleika. Sama má segja um almenningssamgöngur. Öllu þessu er nákvæmlega lýst í Aðalskipulagi Reykjavíkur sem var samþykkt 2014 og er nokkurs konar stjórnarskrá hinnar nýju borgarstefnu.

Rauður og grænn þráður í þeirri stefnu er áhersla á aukin lífsgæði borgarbúanna í hinu daglega umhverfi borgarinnar og á vistvæna landnotkun, vistvænar samgöngur og skynsamlega nýtingu innviða. Áhersla er lögð á að hafa uppbygginguna þéttasta á stöðum sem liggja vel við fyrirhugaðri borgarlínu. Það er hárrétt sem Björn Ólafs arkitekt sagði í blaðaviðtali fyrir hálfri öld að borgir eru fyrst og fremst vettvangur fyrir samskipti fólks. Það er ástæðan fyrir því að þær skuli yfirleitt vera til. Borgarskipulag er aðferð til að gera samskiptin skemmtilegri og auðveldari.

Rauður og grænn þráður í þeirri stefnu er áhersla á aukin lífsgæði borgarbúanna í hinu daglega umhverfi borgarinnar og á vistvæna landnotkun, vistvænar samgöngur og skynsamlega nýtingu innviða. Áhersla er lögð á að hafa uppbygginguna þéttasta á stöðum sem liggja vel við fyrirhugaðri borgarlínu.

### Miðborgin vöknuð til lífsins

Ég er ekkert farinn að minnast á Hverfisgötuna. Hún er að verða flottasta gata bæjarins. Í þessum skrifuðu orðum er verið að byggja þar 250 íbúðir. Öll nýju húsin eru með háum og glæsilegum jarðhæðum. Það er opnuð ný verslun eða nýtt veitingahús í hverjum mánuði. Enginn vafi er að á algjör endurnýjun á yfirborði götunnar og öllum lögnum undir henni sem borgin réðst í fyrir 6 árum á mikinn þátt í þeirri uppreist æru sem Hverfisgatan hefur fengið. Sú mikla fjárfesting mun margborga sig.

Aftur að nýja apótekinu við Hafnarstræti. Það er ástæða til að vekja athygli á því vegna þess að það er eitt af mörgum táknum um að hnignun miðborgarinnar sé nú lokið. Við skulum líta á tölur. Frá 1950 til 1990 fækkað íbúum innan Hringbrautar úr 30.000 í 12.000. Á fyrri hluta 20. aldar og alveg fram til 1970 var miðborgin miðstöð verslunar, þjónustu og iðnaðar. Auk skipafélaga og heildsölufyrirtækja, byggingarvöruverslana, tryggingarfélaga, ritstjórna blaða og höfuðstöðva banka, var fjöldi kvikmyndahúsa í miðborginni og ekki má gleyma Ríkisútvarpinu og Leikfélagi Reykjavíkur. Og það var frægt og fallegt apótek á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis.

Nú er apótek komið aftur í Kvosina, glæsilegar nýjar verslanir verða opnaðar á þessu ári við nýju göngugöturnar, um 150 nýjar íbúðir og fullt af skrifstofum. Miðborgin er vöknuð til lífsins og það er kraftur í henni.

# MESTA ÚRVAL LANDSINS

## AF HEIMILISTÆKJUM!




*Gleðilega páska!*

OPIÐ Í DAG, SKÍRDAG
12:00 - 18:00

### 30 DAGA SKILARÉTTUR!

Ef þér líkar ekki varan máttu skila henni innan 30 daga og fá endurgreitt.

### HEIMSENDINGAR!

Þú getur fengið vörurnar þínar sendar hvert á land sem er.

### 0% VAXTALAUST LÁN!

Elko býður upp á vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 12 mánuði.

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

# Fjölmargir aldraðir ná ekki endum saman



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Hver er staða eldri borgara, eftirlaunamanna, í dag? Hún er slæm. Það er ekki aðeins, að þeir lægst launuðu geti ekki framfleytt sér, heldur eru mörg dæmi um það, að þeir sem eiga þokkalegan lífeyrissjóð og hafa unnið fulla vinnu alla ævi, eigi samt erfitt með að ná endum saman, þegar þeir eru komnir á eftirlaun.

Staðan er verst hjá þeim eldri borgurum (og öryrkjum), sem einungis hafa lífeyri frá almannatryggingum (eða sáralítið annað). Þessi hópur hefur ekki lífeyrissjóð eða aðeins örlítinn lífeyri frá lífeyrissjóði. Hér er um að ræða eldri borgara, sem vegna veikinda hafa ekki getað verið á vinnumarkaði, húsmæður, sem hafa verið heimavinnandi, einyrkja, sem hafa ekki greitt í lífeyrissjóð og fleiri. Það er með ólíkindum, að stjórnvöld skuli ekki hafa leyst vanda þessa hóps fyrir löngu, þar eð hann er ekki mjög stór. En erfiðleikar hópsins eru mjög miklir; til dæmis eiga flestir í þessum hóp ekki húsnæði og þurfa því að leigja sér húsnæði á þeirri gífurlega háu húsaleigu, sem viðgengst í dag. Ég skrifaði forsætisráðherra opið bréf í byrjun árs, þar sem ég fór fram á, að vandi hópsins yrði leystur með hækkun lífeyris. Engin viðbrögð bárust frá forsætisráðherra! Hann svaraði ekki!

**Ná ekki endum saman vegna skerðinga**

Skerðing lífeyris eldri borgara hjá almannatryggingum vegna greiðslna úr lífeyrissjóði er mjög mikil og veldur mikilli gremju meðal eldri borgara, sem komnir eru á eftirlaunaaldur og farnir að fá greiðslur úr lífeyrissjóði. Mjög algengt er, að launþegar kynni sér ekki stöðu sína í lífeyrissjóðnum áður en þeir komast á eftirlaunaaldur. Það kemur mörgum á óvart hvað þeir fá lítinn lífeyri samanlagt úr lífeyrissjóði og almannatryggingum. Einhleypur eftirlaunamaður, sem hefur 200 þúsund kr. úr lífeyrissjóði á mánuði fær rúmar 300 þúsund kr. í lífeyri úr kerfinu eftir að dregið hefur verið af upphæðunum í skatta og skerðingar almannatrygginga. Þetta dugar ekki til framfærslu miðað við þann háa húsnæðiskostnað, sem þarf að greiða í dag. Þetta sleppur, ef viðkomandi á skuldlaust eða skuldlítið húsnæði, ef hann greiðir lága húsaleigu eða ef hann á einhvern varasjóð, sem hann getur gengið í.

Algengt er, að eldri borgarar selji húseignir til þess að komast af eða skipti í ódýrari eignir í sama skyni. Mjög margir eldri borgarar eru óánægðir yfir því, að þeir skuli ekki geta notið efri áranna áhyggjulaust; þeir telja,að þeir eigi að geta notað eignir sínar til þess að njóta lífsins síðustu æviárin í stað þess að þurfa í raun að halda „brauðstritinu“ áfram þó á annan hátt sé en áður. Það liggur fyrir, að stór hópur eftirlaunamanna nær ekki endum saman vegna skerðingarstefnu íslenska ríkisins gegn lífeyrissjóðunum. Það verður því

**Miðað við launaþróun 2017 og 2016, sem fól í sér himinháar hækkanir, upp í 45-48%, er ljóst, að lög hafa verið þverbrotin á öldruðum og öryrkjum. Það er tímabært að hætta að níðast á öldruðum og öryrkjum í kjaramálum.**



að stöðva þessa skerðingu strax. Eldri borgarar þurfa að nota allan sinn lífeyri til þess að geta notið efri áranna. Eldri borgarar eiga þennan lífeyri og greiddu í lífeyrissjóð í trausti þess, að lífeyrissjóður yrði hrein viðbót við almannatryggingar. Alþýðusamband Íslands gaf yfirlýsingu 1969, sem staðfesti þetta.

**Eftirlaun 25 milljörðum lægri hér en í OECD**

Dr. Haukur Arnþórsson hefur upplýst, að íslenska ríkið greiði miklu minna til eftirlauna á Íslandi en nemur meðaltali slíkra greiðslna í ríkjum OECD. Þar munar 25 milljörðum kr. Það er dágóð upphæð, sem gott væri fyrir íslenska eftirlaunamenn að fá greidda. Eldri borgarar á Íslandi hafa ekki efni á að lána íslenska ríkinu þetta lengur. Þeir vilja fá upphæðina greidda strax.

Ég tel, að lög hafi verið brotin á öldruðum og öryrkjum undanfarin ár með því að hækka ekki lífeyrinn í samræmi við launaþróun og/eða hækkun vísitölu. Það hefur gerst hvað eftir annað, að laun hafa hækkað miklu meira en lífeyrir aldraðra og öryrkja. Gróft dæmi, sem leiðir þetta í ljós er frá 2015. Þegar lágmarkslaun hækkuðu í maí það ár um 14,5% og nær allar stéttir hækkuðu mjög mikið í launum, allt upp í 40%, hækkaði lífeyrir aðeins um 3%!

Þarna var níðst á öldruðum og öryrkjum í launamálum og sama framkoma gagnvart þessum aðilum hefur haldið áfram 2016 og 2017. Þeir hafa aðeins fengið smánarlegar hækkanir á sama tíma og yfirstéttin hefur tekið sér óhóflega miklar hækkanir; þingmenn 45% hækkun (upp í 1,1 milljón á mánuði, 350 þús. kr. hækkun), ráðherrar 30-40% hækkun (upp í 1,8 milljónir, forsætisráðherra upp í rúmar 2 millj.) og háttsettir embættismenn allt að 48% hækkun og 18 mánuði aftur í tímann (upp í 1,6 millj.). Ráðherrar samþykktu á Alþingi afturvirkar hækkanir eigin launa 2015. En felldu þá að veita öldruðum og öryrkjum afturvirkar kjarabætur!

Aldraðir og öryrkjar fengu 7% hækkun lífeyris um áramótin 2016/2017. Og um síðustu áramót fengu þessir aðilar 4,7% hækkun. Það náði ekki einu sinni hækkun lágmarkslauna en þau hækkuðu þá um 7%. Miðað við launaþróun 2017 og 2016, sem fól í sér himinháar hækkanir, upp í 45-48%, er ljóst, að lög hafa verið þverbrotin á öldruðum og öryrkjum. Það er tímabært að hætta að níðast á öldruðum og öryrkjum í kjaramálum.

2018

Gleðilega páska!

OPIÐ VERÐUR Í KOLAPORTINU
Á SKÍRDAG - FIMMTUDAG 29. MARS
OG Á LAUGARDAG 31. MARS
FRÁ KL. 11-17

LOKAÐ ER FÖSTUDAGINN LANGA,
PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM



KOLAPORTIÐ
Dásamleg deild samfélagsins

KVIKA

# PÁSKASTEIKIN Á FRÁBÆRU VERÐI



Fjallalamb
lambahryggur – frosinn
**1.999**
kr. kg.

Fjallalamb
lambalæri – frosið
**999**
kr. kg.

OPIÐ 24 TÍMA

PÁSKAREIKNINGUR NETGÍRÓ
EINGÖNGU Í VERSLUNUM
ICELAND
BORGAÐU 1. MAÍ
Netgíró

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Haukar sendu Keflavík í sumarfrí




**Sýndu styrk undir lokin** Haukar tryggðu sér sæti í undanúrslitum Domino's-deildar karla með 72-66 sigri á Keflavík í frábærum oddaleik á Ásvöllum í gær. Keflavík var lengst af með yfirhöndina og náði mest 12 stiga forskoti í 3. leikhluta. En Haukar sýndu styrk í 4. leikhluta sem þeir unnu 25-13. Haukar mæta KR í undanúrslitunum. Þetta er í fyrsta sinn sem ekkert lið frá Suðurnesjum kemst í undanúrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Hörð barátta um síðustu sætin

**Íslenski hópurinn sem fer á HM í Rússlandi í sumar er nánast fullmótaður en sex leikmenn berjast um síðustu 3-5 lausu sætin í hópnum. Þetta segir Arnar Grétarsson, einn leikjahæsti leikmaður Íslands frá upphafi.**

**FÓTBOLTI** Arnar Grétarsson, fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu, telur að leikmannahópur íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu sé svo gott sem fullmótaður í kolli Heimis Hallgrímssonar, Helga Kolviðssonar og Guðmundar Sævars Hreiðarssonar, þjálfarateymis íslenska liðsins. Arnar telur að tvö spurningamerki séu um hvernig byrjunarlið íslenska liðsins verður ef allir leikmenn liðsins eru klárir í slaginn.

### Sex berjast um síðustu sætin

„Ég held að hugmyndin með þessum tveimur leikjum í þessu verkefni hafi verið að finna út hvaða leikmenn passa best inn í það skipulag sem notast verður við í lokakeppni HM í sumar. Ég tel að það séu um það bil 18-20 leikmenn sem vita að þeir séu að fara með til Rússlands, svo séu sex leikmenn á blaði þjálfaranna sem bítast um þrjú til fimm síðustu sætin," sagði Arnar í samtali við Fréttablaðið um Bandaríkjaferð íslenska liðsins þar sem það tapaði fyrir Mexíkó og Perú.

„Hannes Þór byrjar pottþétt í markinu og það er hægt að lesa ýmislegt í það að Rúnar Alex og Frederik Schram spili þessa leiki. Ég hugsa að varnarlínan verði sú sama og spilaði lungann úr undankeppninni, það er Birkir Már, Kári, Ragnar og Hörður Björgvin. Svo munu Sverrir Ingi og Ari Freyr bítast um að komast í byrjunarliðið í varnarlínunni. Sverrir Ingi virðist einnig vera í huga þjálfaranna sem djúpur miðjumaður og Rúrik hefur sýnt það með Sandhausen í Þýskalandi að hann getur leyst stöðu hægri bakvarðar með sóma," sagði Arnar um markmannsstöðuna og varnarlínuna hjá íslenska liðinu.

„Við erum öflugastir inni á miðsvæðinu og það er erfiðast að komast inn í liðið þar. Rúnar Már er kannski svolítið að fá að kenna á því, en hann kemst ekki í leikmannahópinn að þessu sinni þrátt fyrir að vera að spila vel með St. Gallen í Sviss. Mér finnst spennandi kostur að spila með Birki Bjarnason inni á miðsvæðinu, hann hefur verið að gera það vel með Aston Villa og hann hefur marga góða kosti í það hlutverk. Sá aðili sem mér mér finnst koma helst til greina á kantinn í stað Birkis væri þá Rúrik," sagði Arnar.

### Kjartan hentar leikstílnum best

„Það eru þrír leikmenn sem eru með fast sæti í framlínu íslenska leikmannahópsins að mínu mati, það eru Alfreð Finnbogason, Björn Bergmann Sigurðarson og Jón Daði Böðvarsson. Svo er spurningin hver staðan verður á Kolbeini Sigþórssyni. Mér sýnist Kjartan Henry henta betur þeim leikstíl sem íslenska liðið mun að öllum líkindum spila á móti jafn sterkum þjóðum og raun ber vitni á stóra sviðinu í sumar," sagði Arnar um framherjasveit íslenska liðsins.

„Það vinnur því með Kjartani Henry hvernig týpa af leikmanni hann er og hann er því líklegri í leikmannahópinn en Viðar Örn að mínu viti. Svo er spurningin hvernig þjálfararnir meta frammistöðu Alberts og hversu langt hann sé kominn í þroskaferlinu sem knattspyrnumaður. Ég held að þjálfararnir muni ekki líta til framtíðar þegar leikmannahópurinn verður valinn heldur einblína fremur á hvaða leikmenn séu bestir þá stundina í sumar," sagði Arnar um valið á framherjum liðsins.



**Jóhann Berg stóð sig vel í Bandaríkjaferðinni.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Það er hins vegar lítið að marka úrslitin í leikjunum tveimur og einkum og sér í lagi leiknum í gær gegn Perú. Það er minnihluti þeirra, sem munu byrja leikinn gegn Argentínu, sem tók þátt í þeim leik. Við erum ekki með það mikla breidd að við ráðum við að spila án okkar allra sterkustu leikmanna. Landsliðið breytist mikið þegar leikmenn á borð við Hannes Þór, Kára, Aron Einar, Gylfa Þór, Alfreð og Jón Daða bætast við í jöfnuna. Það verður svo spennandi að sjá hvort einhverjir leikmenn gera sig gildandi næsta mánuðinn og koma óvænt inn í næstu leiki sem eru í byrjun júní," sagði Arnar um hvað mætti draga út úr leikjunum tveimur í Bandaríkjunum. **hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla, 8-liða úrslit**

**Haukar - Keflavík 72-66**

**Haukar:** Kári Jónsson 21/8 fráköst, Paul Jones III 17/10 fráköst, Breki Gylfason 9, Finnur Atli Magnússon 8/10 fráköst, Emil Barja 7, Hjálmar Stefánsson 5/8 fráköst, Haukur Óskarsson 5.

**Keflavík:** Hörður Axel Vilhjálmsson 16, Christian Jones 15/14 fráköst, Guðmundur Jónsson 14, Magnús Már Traustason 8, Ragnar Örn Bragason 6, Dominique Elliott 4, Reggie Dupree 3.

*Haukar unnu einvígið 3-1.*

# Aron meistari

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson og félagar í Barcelona urðu í gær Spánarmeistarar eftir þriggja marka sigur á Cuenca, 27-30, í gær. Þetta er í 25. sinn sem Barcelona verður spænskur meistari. Aron skoraði fjögur mörk í leiknum í gær og var markahæstur í liði Börsunga ásamt Valero Rivera og Aleix Abelló.

Þetta er í áttunda sinn sem Aron verður landsmeistari á ferlinum. Hann varð þýskur meistari með Kiel 2010 og 2012-15 og ungverskur meistari með Veszprém 2016 og 2017.

Börsungar hafa unnið 23 af 24 deildarleikjum sínum í vetur og gert eitt jafntefli. Þeir eru 13 stigum á undan liðinu í 2. sæti, Ademar. **– iþs**

# Fyrsta risamótið

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR og íþróttamaður ársins á Íslandi, hefur leik á Ana Inspiration-mótinu í Kaliforníu í dag. Er þetta hið fyrsta af fimm risamótunum í kvennagolfi en þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur kylfingur er með þátttökurétt á þessu móti.

Er þetta fjórða risamótið sem Ólafía Þórunn fær þátttökurétt í en hún á aðeins eftir að leika á Opna bandaríska meistaramótinu. Verðlaunaféð á mótinu er 2,7 milljónir Bandaríkjadollara, eins og í fyrra en þá fékk sigurvegarinn, So Yeon Ryu, 405.000 dollara í sinn hlut eða tæpar 40 milljónir. Allir kylfingarnir sem komust í gegnum niðurskurðinn í fyrra fengu um hálfa milljón.

Þrátt fyrir að Ólafía sé að leika í fyrsta sinn á ANA-risamótinu kannast hún við Dinah Shore-völlinn í Mission Hills. Hún lék völlinn á fyrsta stigi úrtökumótsins fyrir LPGA-mótaröðina árið 2016 og á því góðar minningar þaðan. Lék hún völlinn í tvígang, byrjaði á 68 höggum og á pari vallarins seinni hringinn. Örlitlar breytingar hafa átt sér stað, flatirnar eru hraðari og grasið utan brautar þyngri til að gera völlinn erfiðari.



**– kpt**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 29. MARS 2018



Ingunn Lára Kristjánsdóttir, ljóðskáld og ritlistarnemi með meiru, hefur gaman af að klæðast fötum sem væri líka hægt að nota sem búninga. MYND/ANDRI MARINÓ

# Klæðir sig oft í karakter

Ingunn Lára Kristjánsdóttir er með mörg járn í eldinum um þessar mundir. Meðfram meistaranámi í ritlist leikur hún sér, að eigin sögn, sem leikskáld, leikari og leikstjóri. Í kvöld kemur hún fram í Rauða skáldahúsinu í Iðnó. ➜2



**Prjónafjelagið er félagsskapur fjögurra vinkvenna sem hafa yndi af prjónaskap. Saman hafa þær skapað bók með nytsamlegum og fallegum prjónafötum fyrir leikskólabörn.** ➜10




PÁSKAOPNUN

SKÍRDAGUR: 13-18
FÖSTUDAGURINN LANGI: LOKAÐ
LAUGARDAGUR: 11-18
PÁSKASUNNUDAGUR: LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM: LOKAÐ

*Gleðilega páska!*

comma,

SMÁRALIND



Græna uppáhaldspeysan er frá Corner Shop og að sögn Ingunnar mjög skemmtileg, einkum fyrir litlar frænkur sem eru alltaf að tosa í spottana. MYNDIR/ANDRI MARINO



Kjólfötin voru keypt á Camden-markaðinum í London en hér leikur Ingunn Lára sér með gervi breskrar aðalsmanneskju og þar leika te og teketill að sjálfsögðu stórt hlutverk

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ingunn Lára segist ekki eiga neina fasta tískufyrirmynd. „Ég hugsa hins vegar oft um persónur og klæði mig eins og þær. Einn daginn er það Norma Desmond í Sunset Boulevard og annan daginn er það Burlington Bertie frá Bow! Ég byrja stundum daginn á því að finna mér karakter og þá finnst mér mikilvægt að klæða mig eins og hann. Ég hef ekkert vit á tísku en ég elska allt leikrænt og persónulegt. Ég er líka mjög hrifin af tískunni í London á níunda áratugnum, svona gangandi listaverkum eins og Leigh Bowery. Já, og ég elska Cambridge Satchel töskuna mína frá London. Ég lét skera fangamark mitt í hana.“

Hversdags fylgir Ingunn fordæmi fjölda Íslendinga og klæðist helst svörtu. „Og svo er ég alltaf til í föt sem ég get vafið utan um mig.“ Hún segist helst kaupa föt í Fatamarkaðinum, Corner Shop og Cos. „Mér finnst líka gaman að kaupa föt á mörkuðum. Og svo í Handprjónasambandinu, ekkert jafnast á við góða lopapeysu.“ Ingunn segist ekki vera með fatadellu. „En ég viðurkenni alveg að þegar ég á pening þá finnst mér gaman að kaupa föt. Akkúrat núna er græna bandapeysan mín í miklu uppáhaldi því hún er geðveikt skemmtileg. Uppáhaldshönnuðirnir mínir eru Ýr Jóhannsdóttir eða Ýrúarí á Íslandi, peysurnar hennar eru afskaplega skemmtilegar og koma á óvart. Á heimsvísu er það Irene Sharaff, búningahönnuðurinn sem hannaði fötin í næstum allar gömlu Hollywood-myndirnar!“

Sokkabuxur eru eitt af því sem Ingunn lætur eftir sér þótt hún eigi nóg af þeim. „En það er reyndar því ég fæ alltaf gat á sama stað. Ég er með fáránlega stóra stórutá.“ Stóra táin hindrar hana þó ekki í að ganga í uppáhaldsskónum sínum. „Það eru Irregular Choice skórnir sem ég keypti á Carnaby Street fyrir löngu og verð aldrei leið á.“ Aðspurð segist Ingunn Lára luma á einni skemmtilegri sögu af fatakaupum. „Ég var að leita mér að púkó jólapeysu í Texas árið 2012 og kíkti inn í fjölskyldurekna búð sem seldi alls kyns kjánalegar peysur. Ég var mjög glöð og sagði afgreiðslukonunni að ég væri ótrúlega ánægð með að hafa loksins fundið „ugly Christmas sweater store“. Kom í ljós að þetta var eigandinn og henni sárnaði mjög þessi lýsing. Fyrir henni voru þetta mjög vandaðar og alls ekki kaldhæðnislegar peysur með miklum jólaanda. En ég meina ... hún var með peysur með mynd af Jesúbarninu að skíra jólasveininn!“

Eins og áður sagði er margt á döfinni hjá Ingunni þessa dagana. „Ég verð plágulæknir og skáld hjá Rauða skáldahúsinu í kvöld í Iðnó! Þemað er dauðasyndirnar sjö og aðalskáld kvöldsins er Sjón! Fram undan eru svo æfingar og sýningar á óperu sem ég skrifa og leikstýri. Hún heitir #bergmálsklefinn og er Twitter-ópera sem verður frumsýnd 25. maí í Tjarnarbíói.“



Síðkjólinn keypti Ingunn í „vintage“ búð í Edinborg til að vera í í brúðkaupi en hann nýtist líka vel þegar skapa skal persónu.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmay, mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,


16a
TÍSKA & LÍFSSTÍLL
Full verslun
af *nýjum* vörum
*fyrir öll tilefni*
Skólavörðustígur -101 Rvk
Skírdagur: 11-17
Föstudagurinn langi: LOKAÐ
Laugardagur: 11-17
Páskadagur: LOKAÐ
Annar í páskum: 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



Mættur á GQ Men of the Year verðlaunaafhendinguna fyrr í vetur.

Frekar svalur á London Fashion Week í janúar síðastliðnum.

Fallegur jakkinn og skórnir smellpassa saman hér.

# Vel klæddur fótboltamaður

**Knattspyrnumaðurinn Héctor Bellerín, sem leikur með Arsenal í ensku úrvalsdeildinni, vekur hvarvetna athygli fyrir fallegan fatastíl.**

Spænski knattspyrnumaðurinn Héctor Bellerín er einn þeirra íþróttamanna sem hafa vakið mikla athygli fyrir klæðaburð sinn. Þessi 24 ára gamli leikmaður enska úrvalsdeildarliðsins Arsenal og spænska landsliðsins er kannski ekki sá þekktasti í ensku úrvalsdeildinni en utan vallar þykir hann bera af flestum öðrum fyrir fallegan og skemmtilegan fatastíl. Bellerín sést oft á stærri tískusýningum í London þar sem hann býr og er duglegur að sýna úr fataskápnum sínum á Instagram-síðu sinni (@hectorbellerin).



Léttur og litfagur í partíi hjá Topman fyrr á árinu.

Ferskur á leik Philadelphia 76ers og Boston Celtics í NBA-deildinni.

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði

-við sendum hvert á land sem er! s.483-4517



DÚNJAKKAR
VERÐ NÚ: 9495 KR




-TIL Í 4 LITUM



PARKA ÚLPA
VERÐ NÚ: 12998 KR

## NORTH ROCK
lágmark 50% afsláttur

útivistarfatnaður

## LAGERHREINSUN






LÉTTIR JAKKAR
VERÐ NÚ: 2500 KR
-TIL Í 4 LITUM






KULDAGALLI
VERÐ NÚ: 6998 KR

Opnunartími yfir páskana:

Skírdagur 10-18
Föstudagurinn langi LOKAÐ
Laugardagur 11-18
Páskadagur LOKAÐ
Annar í páskum 11-17

Búðin er einnig full af nýjum vörum!
SIXMIX - Skechers - Vagabond - Didriksons
Hummel - Endurance og fleira....

úrvalið er á facebook











Kjólarnir frá Valentino sem konur eiga að klæðast haust og vetur 2018-2019 eru efnismiklir og litríkir.

# Valentino hræðist ekki liti

Á tískuvikunni í París kom sterkt fram hversu undarlegir tímar eru í tískuheiminum. Stóru tískuhúsin fara eigin leiðir og lítið samræmi virðist vera á milli helstu tískuhönnuða. Valentino er óhræddur við liti og efnismikinn fatnað.

Pierpaolo Piccioli er listrænn stjórnandi Valentino og hefur starfað sem slíkur frá árinu 2008. Sagt er að hann kjósi að fara sína leið í tískuheiminum, hann segist trúa á jákvæðan kraft fegurðarinnar og sýnir þægilegan og frjálslegan fatnað. Rómantíkin er þó aldrei langt undan hjá Piccioli. Hann vill meina að hver einstaklingur sé sterkur, persónulegur og með ástríðu fyrir lífinu. „Ég tel það styrkleika að vera blíður, ekki árásargjarn og ásakandi,“ segir hann.

Piccioli er skapandi sem kemur vel fram í hönnun hans sem er litrík og skemmtileg fyrir haust og vetur 2018-2019. Fötin eru efnismikil, hann er ekki mikið að flíka beru holdi eins og sumir aðrir. Síðir kjólar og stórir jakkar eru einkennandi. Falleg mynstur og snið setja einnig svip á hönnunina frá Valentino.

Valentino tískuhúsið hefur verið starfandi frá árinu 1960. Það er til húsa í Mílanó og á marga aðdáendur. Á undanförnum árum hefur Valentino gengið mjög vel og innkoman árið 2015 var meira en einn milljarður Bandaríkjadala.

Pierpaolo Piccioli ætlaði alltaf að verða kvikmyndaleikstjóri en þegar hann uppgötvaði tískuheiminn ákvað hann að verða hönnuður. Eftir háskólanám í Róm fór hann að vinna fyrir Fendi. Hér á síðunni má sjá brot af því nýjasta frá Valentino sem sýnt var í París á dögunum.


Það er gaman að sjá hvernig tískuhönnuðir hjá Valentino raða saman litum.

# Sameignin

FIMMTUDAGUR 29. MARS 2018

Kynningar: PwC, Parki, Eignarekstur, Húseigendafélagið



## Mikið öryggi að láta fagmenn um hússjóðinn

Nýlega hóf Húsastoð náið samstarf við PwC og hefur því stóraukið aðgengi sitt að sérfræðiþekkingu og ráðgjöf á sviði bókhalds- og uppgjörsmála auk þess að bjóða upp á þjónustu lögfræðinga með séráherslu á sviði eignar-, félaga- og skattaréttar. Þjónustan léttir undir með hússtjórninni. →2

Sigurveig Friðgeirsdóttir, stofnandi Húsastoðar, er í góðu samstarfi við PWC. MYND/ERNIR

Lykilinn að betra húsfélagi

HÚSASTOÐ

Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík
Sími:415 5555 | www.husastod.is




Sigurveig Friðgeirsdóttir og Hannes Sigurðsson, lögfræðingur hjá PwC, með sameiginlegan fund. MYND/ERNIR

Sigurveig Friðgeirsdóttir er stofnandi Húsastoðar og hefur á undanförnum árum byggt fyrirtækið upp af miklum dugnaði. Hún er allt í senn, glaðbeitt í fasi, þjónustulipur og einörð kona sem býr að víðtækri reynslu af umsjón fjármála og hagsmunagæslu fyrir húsfélög. Fyrirtækið hefur það að markmiði að veita húsfélögum fjöleignarhúsa og fyrirtækjasambýla víðtæka þjónustu varðandi rekstur, utanumhald og umsjón.

## Losna við innheimtu

*Hvaða ávinningur er fyrir húsfélög að vera í viðskiptum við Húsastoð?*
„Það felst margvíslegur ávinningur í því,“ segir Sigurveig. „Við sjáum um að færa bókhaldið fyrir húsfélagið, gera kostnaðaráætlun og ársreikning. Þar með losnar stjórn húsfélagsins við tímafrekt umstang og það fæst aukið öryggi við að fagfólk sjái um bókhaldið og uppsetningu ársreiknings. Enn fremur sjáum við um útsendingu greiðslukrafna vegna húsgjalda og greiðslu reikninga. Það felst mikið öryggi í slíkri sjóðsumsjón fyrir húsfélög þar sem við sjáum sjálfvirkt um greiðslu á öllum reglubundnum reikningum en greiðsla sértækra reikninga, til dæmis vegna framkvæmda, er einungis gerð með samþykki stjórnar húsfélagsins. Með umsjón með innheimtu húsfélagagjalda lenda einstaklingar í stjórn húsfélagsins ekki í þeirri erfiðu aðstöðu að vera persónulegir innheimtuaðilar húsgjalda í sameigninni.

> **Með umsjón með innheimtu húsfélagagjalda lenda einstaklingar í stjórn húsfélagsins ekki í þeirri erfiðu aðstöðu að vera persónulegir innheimtuaðilar húsgjalda í sameigninni.**

Þegar stærri framkvæmdir standa fyrir dyrum aðstoðum við hjá Húsastoð varðandi ráðgjöf við val á eftirlits- og framkvæmdaaðilum, kostnaðargreiningu framkvæmda niður á hverja eign í samræmi við eignaskiptasamninga. Enn fremur aukast líkur á að lögfræðileg úrlausnarefni komi upp við stærri framkvæmdir og við erum stolt að geta boðið upp á aðgengi og þjónustu öflugs hóps lögfræðinga með sérþekkingu á þessu sviði.

## Mjög hagkvæmt

Síðast en ekki síst höfum við lagt upp með að þessi þjónusta sé hagkvæm fyrir húsfélög. Við nýtum samlegðaráhrif þess að hafa þjónustuna og yfirsýnina á einum stað til að hagræða og lækka kostnað og skilum því til viðskiptavina í formi hóflegs þjónustugjalds. Ávinningur íbúa getur því verið margþættur, svo sem minna umstang og minni áhyggjur, tímasparnaður, aukið öryggi með útvistun bókhalds og sjóðsumsjónar auk aðstoðar við lögfræðileg álitaefni, ef með þarf.“



Njáll L. Árnason er í stjórn húsfélagsins í Vallarási 3 sem nýtir sér þjónustu Húsastoðar og PWC. MYND/ERNIR

Hannes Sigurðsson lögfræðingur hjá PwC, sem unnið hefur náið með Sigurveigu, segir að rekstur húsfélaga geti verið flókinn. Kröfur til stjórnar um að reglum sé framfylgt samkvæmt lögum um fjöleignarhús eru miklar. Þessar kröfur varða meðal annars framsetningu ársreikninga, greiðsluskiptingu húsgjalda, boðun og framkvæmd aðalfunda. Húsastoð sér til þess að allar lagakröfur séu uppfylltar auk þess sem útreikningur allra hússjóðsgjalda miðist við eignaskiptasamning.

## Sérfræðingar mæta á fundi

Á hverjum húsfundi eru að minnsta kosti tveir aðilar frá Húsastoð, sérfræðingur sem stýrir fundinum auk lögfræðings sem gætir að öllum lagakröfum og er þá einnig til skrafs og ráðagerða ef einhver sérstök álitamál eru uppi á fundinum. „Þetta hefur gefist mjög vel og við höfum fengið góða endurgjöf frá viðskiptavinum okkar með þetta fyrirkomulag,“ segir Hannes.

## Öryggi og persónuleg þjónusta

Njáll L. Árnason er í stjórn húsfélags að Vallarási 3. Hann segir að gott utanumhald sé lykill að góðu húsfélagi. Mikið öryggi felist í því að hafa þjónustuna hjá Húsastoð auk þess sem félagið veiti góða og persónulega þjónustu.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is

# Með ráð undir rifi hverju

**Með lausnum frá Parka verður sameignin glæsileg, hlý og hljóðlát. Hjá Parka fást dugandi vörumerki fyrir gólf og hljóðvist í stigahúsum og traustar eldvarnarhurðir sem loka á hljóðmengun úr sameign.**

Um áramótin 2017 festi Parki kaup á Teppabúðinni/Litaveri. Þar með lauk hálfrar aldar samfelldri sögu Litavers við Grensásveg og fluttist sérfræðiþekking fyrirtækisins og sama góða þjónustan yfir í glæsilegt húsnæði Parka á Dalvegi.

„Teppabúðin/Litaver var elsta sérverslun landsins með teppi, gólfdúka, veggfóður, skrautlista og hvers kyns lausnir í gólfefnum, og með samruna við Parka hefur fyrirtækið orðið eitt það sterkasta í lausnum og vöruflokkum fyrir meðal annars sameignina,“ segir Bram Zomers, sölufulltrúi hjá Parka. Hann þekkir út í æsar hvað þarf til að gera sameign fjölbýlishúsa að góðum, notalegum og fallegum stað.

„Parki býður húsfélögum upp á heildarlausnir fyrir sameignina. Sú mikla og haldgóða þekking úr Teppalandi/Litaveri hefur nú bæst við Parka og þar höldum við áfram að bjóða framúrskarandi þjónustu, frumkvæði, hagsýni í notkun fjármagns og höfum ráð undir rifi hverju,“ segir Bram innan um glæsilegt úrval af teppum á stigahús og fyrir heimili, fyrirtæki og hótel.

„Við bjóðum upp á hágæða teppi sem uppfylla allar kröfur Mannvirkjastofnunar; þau eru í réttum brunaflokki, afar slitsterk, rafmagnast ekki, eru auðveld í þrifum og fást í mismunandi verðflokkum,“ útskýrir Bram.

Hjá Parka hefur einnig bæst við sú kærkomna nýjung að bjóða stigahúsateppi beint af lager.

„Það styttir biðtímann til muna og verðin eru orðin hagkvæmari,“ segir Bram. „Við gerum tilboð í verkið húsfélögum að kostnaðarlausu ef þau óska eftir því.“

### Hágæða eldvarnarhurðir

Parki selur hágæða eldvarnarhurðir í sameignir frá þýska framleiðandanum Grauthoff.

„Því miður eru enn margir stigagangar hér á landi án eldvarnarhurða í sameign, og þá sérstaklega í eldri byggingum,“ upplýsir Bram. „Eldvarnarhurðirnar frá Grauthoff eru einkar gott dæmi um þýskt hugvit. Þær eru yfirfelldar með samlokukörmum sem tryggja hljóðeinangrun og brunavörn sérstaklega vel. Grauthoff-hurðirnar hafa mun betri hljóðeinangrun en áður þekktist og það veldur því að íbúar verða minna varir við hljóð inn og út úr íbúðum af stigagangi. Við bjóðum upp á hurðir til endurnýjunar í sameign og erum líka með öflugt teymi sem sér um afgreiðslu til verktaka sem byggja nýjar blokkir og vinnum gjarnan með allt sem þarf fyrir sameignina í einu; hurðir, teppi og hljóðísogslausnir til að dempa utanaðkomandi hljóð í sameignum sem mest.“



Bram Zomers með sýnishorn af sterkum teppum í sameignir. MYND/EYÞÓR

### Traust hálkuvörn

Í Parka fæst glæsilegt úrval ítalskra flísa sem henta jafnt á heimili, í sameignir og fyrirtæki.

„Flísarnar, fyrir til dæmis sameignir, eru með traustri hálkuvörn sem er nauðsynleg þegar fólk kemur inn af götunni og ber með sér bleytu á gólfflötinn,“ segir Bram. „Í flísum bjóðum við upp á hvaða lausn sem er, hvort sem um endurnýjun gólfefnis er að ræða í eldri sameignum eða nýbyggingar. Sameignarflísarnar frá Parka þola mikinn umgang og eru auk þess frábær kostur á bílskúrsgólf og önnur rými þar sem álag er mikið.“

### Plötur fyrir góða hljóðvist

Parki býður upp á hljóðísogsplötur frá Rockfon í sameignir og stigahús. Þær eru framleiddar úr steinull og veita hljóðísog í hæsta gæðaflokki.

„Hljóðísogsplötur draga mikið úr bergmáli og skarkala í stigagöngum og eru mikið notaðar í nýbyggingar þar sem kröfur um slíkt eru orðnar meiri en áður,“ útskýrir Bram en markmiðið með hljóðísogsplötum er að skapa sem mesta ró í sameignum.

„Við verðum nú vör við mikla vitundarvakningu á meðal húsfélaga um betri hljóðvist í stigahúsum og þær koma í veg fyrir glymjanda og áreiti sem berst utan frá sameign inn í íbúðir. Plöturnar fást í mörgum litum, stærðum og útfærslum sem auðvelda hönnun og uppsetningu í jafnt nýbyggingum sem eldra húsnæði. Hljóðísogskerfi þykja nú orðið sjálfsögð þægindi í fyrirtækjum og nýjum stigahúsum enda frábær kostur til að fyrirbyggja hávaða af völdum umgangs,“ segir Bram.

Parki er á Dalvegi 10-14 í Kópavogi. Sími 595 0570. Sjá parki.is.





Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu.
Komdu og sjáðu úrvalið. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

Hjá Ingvarsson ehf
Framkvæmda & Viðhaldsráðgjöf

**Húseigendur Húsfélög !**

*Er komið að viðhaldi og endurbótum á þinni húseign ?*

Hjá Ingvarsson ehf býður húseigendum Og Húsfélögum aðstoð við flest sem varðar viðhald og endurbætur fasteigna.

- Viðhaldsráðgjöf
- Úttektir-Ástandsskoðun – ástandsskýrslur- Kostnaðaráætlanir
- Útboðsgögn – gerð útboðsgagna og umsjón með útboðum
- Verksamningar um framkvæmdir
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum
- Hönnun á endurbótum og breytingum
- Netf: **hja-ingvarsson@simnet.is** **vidhaldsradgjof@vidhaldsradgjof.is**

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

# Á að vera gaman að búa í fjölbýli

**Eignarekstur ehf. býður heildarþjónustu fyrir húsfélög. Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir framkvæmdastjóri segir létti fyrir íbúa að útvista verkefnum.**

Það getur verið kvöð að vera formaður húsfélags og venjulegt fólk hefur ekki endilega tíma í allt sem því fylgir. Í þjónustu hjá okkur er formaðurinn einfaldlega tengiliður og við tökum við boltanum," segir Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir, framkvæmdastjóri húsfélagaþjónustunnar Eignarekstrar.

Eignarekstur sér um allar stærðir húsfélaga og hefur yfir 200 félög á skrá, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Félögin gera samning við Eignarekstur og greiða ákveðið gjald á mánuði.

„Innifalið í gjaldinu er öll þjónusta allt frá því að fá aðila til að skipta um peru og upp í viðamiklar framkvæmdir við húseignina," segir Ragnhildur. „Við sjáum um bókhaldið frá a til ö, boðum húsfundi og stýrum þeim. Við getum bæði boðið upp á fundaraðstöðu hjá okkur eða haldið fundina í viðkomandi húsi. Við veitum ráðgjöf varðandi framkvæmdir sem þarf að gera á húseigninni og leitum tilboða í verk. Að mörgu er að huga varðandi lög og reglur þegar kemur að miklum framkvæmdum til dæmis við þak, glugga eða ytra byrði húss, meðal annars hvað varðar skiptingu kostnaðar í fjölbýli eða þegar hús liggja saman og fleira. Við greiðum úr þessum málum og erum með gott tengslanet við ólíka þjónustuaðila. Yfirleitt er þungu fargi af formanni og gjaldkera létt þegar húsfélagið er komið í þjónustu hjá okkur," segir Ragnhildur. Ekki síst sé fólk fegið að losna við óþægileg samskipti við nágranna.



Páll Haraldsson, Oddur Ragnar Þórðarson, Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir, Helga Lára Sigurjónsdóttir og Margrét Guðfinnsdóttir. MYND/EYÞÓR

> **Yfirleitt er þungu fargi af formanni og gjaldkera létt þegar húsfélagið er komið í þjónustu hjá okkur.**

„Það er erfitt að vera sá sem þarf að koma öllum kvörtunum til skila og banka þá upp á hjá nágrönnunum. Við sjáum alfarið um þessa hluti, sendum viðkomandi bréf og vísum í lög og reglur ef það á við. Ekki þarf að koma fram hver leggur kvörtunina fram. Við sníðum okkur ávallt að þörfum hvers félags fyrir sig. Ég vil meina að það eigi að vera gaman að búa í fjölbýli og við leggjum okkur fram um að halda góðri stemmingu á húsfundum og hafa þá létta og skemmtilega."

Nánari upplýsingar á www.eignarekstur.is






Stepp – er nú hluti af Parket & Gólf.

Ármúli 32, 108 Reykjavík
Sími 568 1888
www.pog.is
pog@pog.is

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili



Herra Heckles var ekki auðveldasti nágranninn en vinirnir í Vinum þurftu oft að eiga í samskiptum við hann.



Það var alltaf fjör hjá fólkinu í blokkinni og lyftan varð oftar en ekki vettvangur örlagaríkra atburða.

# Fjör í fjölbýli

## Samkvæmt sjónvarpsþáttum er yfirleitt mikið stuð í sameigninni og mikill samgangur milli íbúa í fjölbýlishúsum.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Sambýlið í fjölbýlishúsum hefur orðið mörgum sjónvarpsskáldum að yrkisefni gegnum tíðina. Þar má til dæmis nefna bandarísku sjónvarpsþættina Melrose Place sem voru vinsælir á tíunda áratugnum þar sem fylgst var með lífi fólks sem bjó í íbúðahringbyggingu í Los Angeles og var að fóta sig í lífinu. Mikið var um ástir milli grannanna og einnig voru erjur sem enduðu ýmist vel eða illa. Fólkið á Melrose Place virtist eiga allt sitt líf og ástríður innan veggja sameignarinnar og hafði litla ástæðu til að sækja nokkuð út fyrir hana.



Frá upptökum á Undir sama þaki árið 1976. MYND/SVERRIR KR. BJARNASON

Svipað var á döfinni hjá vinunum í Friends. Að ógleymdum hinum mikla og stöðuga samgangi milli grannanna í íbúðum 19 og 20 sem voru nánast eins og ein fjölskylda komu aðrir íbúar hússins töluvert við sögu og má þar nefna hinn einræna herra Heckles sem kvartaði stöðugt undan hávaða, ítalska hjartaknúsarann Paolo og hinn sérstaka Danny sem Rachel reyndi eins og hún gat að fá til fylgilags við sig. Húsvörðurinn herra Trieger kom einnig við sögu nokkrum sinnum, til dæmis þegar ruslarennan í blokkinni stíflaðist af af mörgum pitsukössum. Í blokkinni þar sem Ross bjó voru haldnar veislur af minnsta tilefni og einu sinni þegar Monicu fannst hún ekki þekkja nágrannana nógu vel hengdi hún körfur með heimatilbúnu sælgæti á hurðina til að gleðja þá.

Íslendingar hafa líka leitað efniviðar í sjónvarpsþætti í sambýlið í fjölbýlinu.

Undir sama þaki voru sex leiknir íslenskir gamanþættir sem sýndir voru í sjónvarpinu haustið 1977. Þættirnir byggðust á danskri fyrirmynd, þáttunum Húsið á Kristjánshöfn í leikstjórn Eriks Balling, sem notið höfðu fádæma vinsælda í danska ríkissjónvarpinu. Hver þáttur var sjálfstæð saga en sögurnar tengdust með því að persónurnar voru allar íbúar sama fjölbýlishúss. Þrjátíu og sex árum síðar eða árið 2013 leit svo Fólkið í blokkinni dagsins ljós en það er gamanþáttaröð fyrir alla fjölskylduna byggð á sögu eftir Ólaf Hauk Símonarson. Vigga er 11 ára stelpa sem býr með fjölskyldu sinni í átta hæða blokk á höfuðborgarsvæðinu. Við kynnumst fjölskyldu hennar sem er ósköp venjuleg íslensk fjölskylda en þegar nánar er athugað er hún skemmtilega klikkuð eins og allir aðrir íbúar í blokkinni. Þar varð fólk ástfangið milli hæða og lenti í ýmsum ævintýrum.

Sú mynd sem dregin er upp af sambýlinu í blokk eða fjölbýli í afþreyingarefni bendir til þess að félagslegum þörfum sé þar fullnægt og rúmlega það. Samhjálpin nær langt út fyrir að fá lánaðan bolla af sykri eða eitt egg, grannarnir leita hver til annars þegar á bjátar, ástir kvikna, störf eru útveguð og þannig mætti lengi telja. Af því má draga þá ályktun að félagslífið í blokkum sé með líflegasta móti þó stundum sé örugglega rifist um hver eigi að þrífa sameignina. Það má allavega draga þá ályktun að það borgi sig að banka upp á hjá nágrönnunum, jafnvel henda upp einni garðveislu til að hrista hópinn saman.





Mörg dæmi eru um að húsfélög og stjórnarmenn þeirra hafi orðið fyrir tjóni og skakkaföllum vegna mistaka við undirbúning og framkvæmd húsfunda, segir Sigurður Helgi Guðjónsson.

# Vanda þarf undirbúning húsfunda vel og vandlega

**Það getur reynst þrautin þyngri að halda húsfundi sem standast lagakröfur. Húsfundaþjónusta Húseigendafélagsins tryggir lögmæti húsfunda og að rétt sé staðið að ákvarðanatöku.**

Nú stendur yfir tími aðalfunda í húsfélögum þar sem teknar eru ákvarðanir um mikilvæg mál og kostnaðarsamar framkvæmdir. Mörg dæmi eru um að húsfélög og stjórnarmenn þeirra hafi orðið fyrir tjóni og skakkaföllum vegna mistaka við undirbúning og framkvæmd húsfunda.

„Þótt það virðist ekki vera mikið vandaverk að halda húsfundi sem standast lagakröfur og eru bærir til að taka lögmætar ákvarðanir þá reynist það oft þrautin þyngri,“ segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins, en sökum þess og til að mæta mikilli eftirspurn setti Húseigendafélagið á laggirnar altæka þjónustu, Húsfundaþjónustuna, um allt sem að húsfundum lýtur. „Hér er um að ræða alhliða húsfundaþjónustu, þ.e. lögfræðilega ráðgjöf og aðstoð við fundarboð, tillögur og gagnaöflun. Lögmaður með sérþekkingu annast fundarstjórn og ritun fundargerða er í höndum lögfræðinga eða laganema.“

Sigurður Helgi segir að Húsfundaþjónustan tryggi lögmæti húsfunda og að rétt sé staðið að ákvarðanatöku en dæmin sanni að oft verði misbrestur á því, með afdrifaríkum afleiðingum. „Þessi þjónusta Húseigendafélagsins er því afar skynsamleg öryggisráðstöfun fyrir alla, bæði eigendur og viðsemjendur húsfélags, t.d. banka og verktaka. Fundur sem undirbúinn er af fagmennsku og haldinn af þekkingu er ávallt og að öllu leyti betri, málefnalegri, markvissari og árangursríkari en fundur þar sem fum og fúsk ræður,“ segir Sigurður.

## Sérþekking, kunnátta og reynsla

Á aðalfundum húsfélaga eru oftar en ekki teknar ákvarðanir um dýrar framkvæmdir og ráðstafanir sem fela í sér miklar skuldbindingar fyrir húsfélög og fjárútlát upp á hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir króna fyrir hvern eiganda. Forsenda fyrir lögmæti þeirra ákvarðana og þar með greiðsluskyldu eigenda er að þær hafi verið teknar á fundi sem er löglega boðaður og haldinn.



Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins.

> Meðal þess sem Húseigendafélagið býður upp á er lögfræðiþjónusta sem verið hefur þungamiðjan í starfsemi félagsins undanfarna áratugi.
>
> Sigurður Helgi Guðjónsson

Húsfundaþjónustan felur í sér ráðgjöf og aðstoð við undirbúning og boðun húsfunda og stjórnun funda og ritun fundargerða. Frá Húseigendafélaginu koma að hverjum fundi fundarstjóri og fundarritari. Fundarstjóri er lögmaður, sem hefur þekkingu, þjálfun og reynslu í fundahöldum, ásamt þekkingu á sviði fjöleignarhúsamála. Starfsmenn og lögfræðingar félagsins koma einnig að málum og aðstoða við undirbúning funda, samningu fundarboða, ályktana, tillagna og samantekt annarra fundargagna og eru ráðgefandi um öll atriði. Þjónustan hefst með undirbúningsfundi lögfræðings félagsins með forsvarsmönnum húsfélagsins þar sem farið er yfir fundarefnin og málefni húsfélagsins og línurnar lagðar.

Sigurður segir að með Húsfundaþjónustunni sé boðin fram sérþekking, kunnátta og reynsla og er gjaldið fyrir þjónustuna lágt í ljósi þess og einnig þegar haft er í huga að hún fyrirbyggir deilur og hugsanlegt fjártjón. „Það er því mikið hagsmunamál fyrir alla, eigendur, viðsemjendur, lánastofnanir, verktaka og aðra, að húsfundir séu rétt haldnir þannig að ákvarðanir þeirra verði ekki vefengdar síðar með þeim leiðindum og fjárhagslegu skakkaföllum sem því fylgja.“

## Félagsmenn standa undir starfseminni

Húseigendafélagið var stofnað árið 1923 og er því 95 ára á þessu ári. Félagsmenn eru um tíu þúsund og þar af eru húsfélög um átta hundruð. Félagið þiggur enga styrki og er ekki fjárhagslegt heldur er það eingöngu rekið með hagsmuni félagsmanna og húseigenda að leiðarljósi. „Félagsmenn standa undir starfsemi Húseigendafélagsins að öllu leyti og forsenda þess að félagið geti boðið upp á þjónustu á borð við Húsfundaþjónustuna á svo lágu verði er tryggð og festa félaga, að þeir tjaldi ekki bara til einnar nætur. Þá má því segja að þjónustan sé niðurgreidd með félagsgjöldunum og að hún sé að stærstum hluta borin uppi og kostuð af þeim félagsmönnum sem greiða árgjöldin sín en nýta sér ekki þjónustuna í bráð eða lengd.“

Meðal þess sem húseigendafélagið býður upp á er lögfræðiþjónusta sem verið hefur þungamiðjan í starfsemi félagsins undanfarna áratugi. Félagið býr því yfir mikilli og sérhæfðri þekkingu á þeim sviðum lögfræðinnar sem varða fasteignir og eigendur þeirra. Jafnframt er rekin húsaleiguþjónusta en þá aðstoðar Húseigendafélagið félagsmenn sína við samningsgerð og kannar feril og skilvísi leigjenda.

Síðast en ekki síst má nefna að Húseigendafélagið tekur þátt í almennri hagsmunabaráttu fasteignaeigenda. Segir Sigurður Helgi að félaginu hafi þar orðið verulega ágengt, öllum húseigendum til hags og heilla. Nefnir hann í því sambandi fjöleignarhúsalög, húsaleigulögin og lög um fasteignakaup.

Skrifstofa Húseigendafélagsins er í Síðumúla 29 í Reykjavík. Þar eru veittar nánari upplýsingar um félagið, starfsemi þess og þjónustu. Netfangið er postur@huseigendafelagid.is og símanúmer 588-9567.



## Séreign í fjölbýli

Samkvæmt 4. gr. fellur neðantalið undir séreign fjöleignarhúss:

1. Allt afmarkað húsrými sem gert er að séreign samkvæmt þinglýstum heimildum og allt sem liggur þar innan veggja.
2. Allt innra byrði umliggjandi veggja, gólfa og lofta, þar á meðal einangrun.
3. Allir milliveggir sem ekki eru jafnframt burðarveggir.
4. Öll tæki, búnaður og þess háttar inni í séreignarhluta, þótt tengd séu sameiginlegu kerfi eða lögnum.
5. Sá hluti gluggaumbúnaðar sem er inni í séreign, svo og gler í gluggum og hurðum.
6. Hurðir sem skilja séreign frá sameign, svo og svalahurðir, en húsfélag hefur ákvörðunarvald um gerð og útlit.
7. Lagnir og tilfæringar, hverju nafni sem þær nefnast og hvar sem þær eru, sem eingöngu þjóna þörfum viðkomandi séreignar.
8. Innra byrði svalaveggja og gólfflötur svala, en húsfélag hefur ákvörðunarvald um allar breytingar, búnað og annað á svölum sem áhrif hefur á útlit hússins og heildarmynd.
9. Hluti lóðar, t.d. bílastæði, sem er séreign samkvæmt þinglýstum heimildum eða eðli máls, svo sem einkabílastæði fyrir framan bílskúr.
10. Aðrir hlutar húss eða lóðar, bílskúr á lóð húss eða búnaður og lagnir sem þinglýstar heimildir segja séreign eða teljast það samkvæmt eðli máls, svo sem ef viðkomandi hefur kostað það, sbr. 9. gr.

**Heimild: althingi.is**



## Góðir nágrannar gulli betri

Heima er best. Líka í sameigninni. Eða þannig á það allavega að vera. Í sambýli fólks er mikilvægt að sýna náungakærleik og vera vingjarnlegur í viðmóti. Stirð samskipti gera andrúmsloft á milli manna óþægileg á meðan ljúf samskipti fylla loftið notalegheitum og léttleika.

Þá er almenn kurteisi að heilsa nágrönnum sínum þegar mæst er í sameign og sjálfsagt að bjóða fram hjálp eða aðstoð þar sem við á. Góðir nágrannar eru viljugir að skiptast á vikum í sameigninni í sumarfríum og vera á varðbergi gagnvart eignum nágranna sinna þegar þeir fara að heiman. Þá er sjálfsögð gestrisni og gerir alla káta að bera fram nýbakaðar kleinur eða annan bakstur með kaffisopanum á húsfundum.

# Leyfi þarf fyrir loðnum íbúum

Gæludýr geta orðið friðarspillar í fjölbýli. Um dýrahald gilda reglur sem betra er að kynna sér áður en seppi flytur inn.

Hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi er háð samþykki ⅔ hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang.

Þegar svo háttar getur húsfélag eða húsfélagsdeild með samþykki ⅔ hluta eigenda veitt annaðhvort almennt leyfi til hunda- og/eða kattahalds eða einstökum eigendum slíkt leyfi vegna tiltekins dýrs. Getur húsfélagið bundið slíkt leyfi skilyrðum.

Eigandi skal afla samþykkis annarra eigenda og fá leyfi fyrir dýrinu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags, þar sem það á við, áður en dýrið kemur í húsið. Skal eigandi láta húsfélagi í té ljósrit af leyfinu.

Samþykkið er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.

Skemmri heimsóknir hunda og katta eru heimilar ef enginn mótmælir en vistun eða dvöl þeirra yfir nótt er óheimil nema fyrir liggi leyfi skv. 1. og 2. mgr. Þessar takmarkanir gilda ekki þegar um hjálparhunda er að ræða, sbr. 33. gr. d.] 1)

Það er skilyrði fyrir hunda- og kattahaldi í fjöleignarhúsum að búið sé vel að dýrunum og vel sé hugsað um þau. Jafnframt skal þess gætt í hvívetna að þau valdi öðrum íbúum hússins ekki ama, ónæði eða óþægindum.

**www.althingi.is**








# Afgreiðslutími

| | Skírdagur 29. mars | Föstud. langi 30. mars | Laugardagur 31. mars | Páskadagur 1. apríl | Annar í Páskum 2. apríl | Sumardagurinn fyrsti 19. apríl | Verkalýðsdagurinn 1. maí |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÁRBÆJARLAUG** | kl. 9-18 | **kl. 10-18** | kl. 9-18 | **kl. 10-18** | kl. 9-18 | kl. 9-22 | **kl. 9-18** |
| **BREIÐHOLTSLAUG** | kl. 9-18 | **kl. 10-18** | kl. 9-22 | **kl. 10-18** | kl. 9-18 | kl. 9-22 | **Lokað** |
| **GRAFARVOGSLAUG** | kl. 9-18 | **kl. 10-18** | kl. 9-18 | **kl. 10-18** | kl. 9-18 | kl. 9-22 | **Lokað** |
| **KLÉBERGSLAUG** | kl. 11-15 | **Lokað** | kl. 11-15 | **Lokað** | kl. 11-15 | kl. 11-15 | **Lokað** |
| **LAUGARDALSLAUG** | kl. 8-22 | **kl. 10-18** | kl. 8-22 | **kl. 10-18** | kl. 8-22 | kl. 8-22 | **kl. 8-22** |
| **SUNDHÖLLIN** | kl. 8-22 | **kl. 10-18** | kl. 8-22 | **kl. 10-18** | kl. 8-22 | kl. 8-22 | **kl. 8-22** |
| **VESTURBÆJARLAUG** | kl. 9-18 | **kl. 10-18** | kl. 9-22 | **kl. 10-18** | kl. 9-18 | kl. 9-22 | **kl. 9-18** |
| **YLSTRÖNDIN** | 11-13 | **Lokað** | kl. 11-16 | **Lokað** | kl. 11-13<br>kl. 17-19.30 | 11-13 | **Lokað** |
| **HÚSDÝRAGARÐURINN** | kl. 10-17 | kl. 10-17 | kl. 10-17 | kl. 10-17 | kl. 10-17 | kl. 10-17 | kl. 10-17 |

Laugarnar í Reykjavík

Sími: 411 5000 | www.itr.is

# Suðurkóreskir karlar eyða mestu í snyrtivörur

**Karlar í Suður-Kóreu nota mest af snyrtivörum af öllum körlum. Þar er lögð mikil áhersla á að vera fíngerður og unglegur og samkeppnin er hörð í atvinnulífinu, svo allt forskot getur skipt máli.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Í Suður-Kóreu er í tísku að karlar farði sig. Það er áætlað að um 20% af öllum snyrtivörum sem eru framleiddar fyrir karla séu seldar þar í landi. Yfirleitt reyna þeir að ná fram náttúrulegu og hraustlegu útliti og vilja ekki að það sjáist að þeir séu málaðir.

Þetta er ný þróun. Þar til mjög nýlega var snyrtivörunotkun tengd við konur. En salan á húðvörum fyrir karla jókst um 86% á árunum 2010-2015 og í dag eyða suðurkóreskir karlmenn að meðaltali meiri peningum í snyrtivörur en karlar í nokkru öðru landi og notkunin er bara að aukast. Karlar eru þó bara brot af markaðnum í Suður-Kóreu, en snyrtivöruiðnaðurinn þar veltir tæplega 700 milljörðum íslenskra króna á hverju ári.


K-pop hljómsveitir eins og BTS hika alls ekki við að fríska upp á útlitið með alls kyns snyrtivörum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Felulitamálning sem fer vel með húðina

Snyrtivörunotkunin hefur ekkert með kynhneigð að gera. Suðurkóreskt samfélag er almennt íhaldssamt og hefðbundin kynhlutverk eru föst í sessi. Snyrtivörunotkun karla er hins vegar orðin svo algeng og almenn að það er meira að segja til sérstök felulitamálning sem fer sérlega vel með húðina sem er hugsuð fyrir suðurkóreska hermenn, en allir karlar gegna herskyldu.

Í snyrtivörubúðum í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, eru sérstakar karladeildir, skreyttar með myndum af karlkyns fyrirsætum með mjólkurhvíta húð, vel snyrtar augabrúnir og varalit.


Key, sem er í SHINee, notar oft andlitsfarða. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Snyrtivörunotkunin hefur ekkert með kynhneigð að gera. Suðurkóreskt samfélag er almennt íhaldssamt og hefðbundin kynhlutverk eru föst í sessi.**

## Vilja vera unglegir og fallegir

Ástæðurnar fyrir því að förðun karla hefur náð svo miklum vinsældum í Suður-Kóreu eru ekki augljósar, en ýmislegt kemur til greina.

Margir karlmenn vilja nota húðkrem og farða fyrir atvinnuviðtöl, þegar þeir skemmta sér og sérstaklega á stefnumótum. Sumir segja að förðunin láti þá ekki bara líta vel út, heldur auki sjálfstraustið, sem hjálpi þeim t.d. að ganga í augun á konum.

Vinsældirnar koma meðal annars frá karlkyns fyrirmyndum úr K-pop, suðurkóreskri popptónlist, og kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Þar er áherslan ekki á að vera grófgerður eða vöðvastæltur, heldur er aðaláherslan lögð á að vera unglegur og fallegur. Karlkyns tískufyrirmyndir í Suður-Kóreu eru strákslegar í útliti, vel til hafðar og mjög vel snyrtar. Sumir karlar segja að þeim finnist þeir vera karlmannlegir þó að þeir setji á sig farða vegna þess að frægir karlar nota svo mikið af honum.

## Hörð samkeppni á vinnumarkaði

Það er mikil áhersla á útlit í Suður-Kóreu, en hvergi í heiminum eru framkvæmdar eins margar lýtaaðgerðir miðað við mannfjölda. Þar er líka mikil samkeppni um vinnu og mikið atvinnuleysi meðal ungs fólks. Um leið er mikil menningarleg áhersla á að standa sig vel í starfi.

Andlitsmyndir eiga að fylgja starfsumsóknum og unglegt andlit getur sent þau skilaboð að þú sért orkumikill og tilbúinn til að hlýða yfirmönnum. Þess vegna er falleg húð og hraustlegt útlit forskot sem getur skipt máli. Fyrir vikið er kominn mikill þrýstingur á karla um að sjá vandlega um útlit sitt ef þeir vilja ná langt.

Það eru því ýmsar ástæður fyrir því að snyrtivörur njóta aukinna vinsælda í Suður-Kóreu og það verður fróðlegt að sjá hvort við sjáum sömu þróun annars staðar í Asíu og ef til vill á Vesturlöndum líka.



# FYRSTA BLANDA NIVEA
## AF Q10 & HREINU C-VÍTAMÍNI




**ÞESSIR TVEIR KRAFTMIKLU SINDURVARAR GERA HÚÐFRUMUNUM KLEIFT AÐ TAKA UPP 50% MEIRA SÚREFNI* SEM GEFUR HÚÐINNI MEIRI ORKU.**
NÝJA FORMÚLAN ER SÉRSTAKLEGA VERNDUÐ Í LOFTÞÉTTRI PAKKNINGU.

**NIVEA.co.uk**

* prófað í tilraunaglasi

# Prjónaskapur er eins og jóga

Prjónafjelagið er félagsskapur fjögurra vinkvenna sem hafa yndi af prjónaskap. Saman hafa þær skapað dásamlega bók með nytsamlegum og fallegum prjónafötum fyrir börn á leikskólaaldri.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Að grípa í prjónana jaðrar við að vera jóga," segir flugumferðarstjórinn Heiðrún Erla Guðbjörnsdóttir.

Heiðrún er í Prjónafjelaginu sem gaf á dögunum út prjónabókina Leikskólaföt 2, sem er framhald af hinni geysivinsælu bók Leikskólaföt.

„Prjónafjelagið varð til utan um ástríðuverkefni fjögurra vinkvenna sem vildu búa til prjónabók," útskýrir Heiðrún sem smitaðist fyrst af prjónabakteríunni þegar hún eignaðist börn en hún er fjögurra barna móðir.

„Okkur Evu Mjöll Einarsdóttur flugumferðastjóra varð vel til vina í vinnunni í gegnum sameiginlegt prjónaáhugamál okkar og þræddum saman prjónabúðirnar, þar á meðal Litlu prjónabúðina í Faxafeni. Hún er hálfgerð félagsmiðstöð kvenna sem koma þangað inn í leit að garni en eru, áður en þær vita af, sestar niður, byrjaðar að fitja upp og farnar að prjóna í skemmtilegum félagsskap annarra prjónakvenna," upplýsir Heiðrún sem kynntist þar einmitt Prjónafjelagskonunum Sigurlaugu Elínu Þórhallsdóttur og Dagbjörtu Guðmundsdóttur, eiganda Litlu prjónabúðarinnar.

„Sigurlaug hreif okkur Evu með jákvæðni sinni og skemmtilegheitum, og Dagga (Dagbjört) er einkar yndisleg stelpa sem laðar fólk að sér," segir Heiðrún um einstaka vináttu sem myndast hefur í Prjónafjelaginu. „Þetta er algjörlega flekklaust samband og gengur aðeins of vel miðað við fjórar stelpur, sem gengur nú ekki alltaf upp. Þá er alveg sérstaklega gott að búa að sérfræðikunnáttu Döggu um prjónaskap og sem hefur hannyrðir að atvinnu."

## Mættu þörf fyrir börnin

Hugmyndin að bók um leikskólaföt kviknaði í einu prjónakaffinu.

„Þá kom upp úr dúrnum að það sárvantaði prjónauppskriftir að leikskólafatnaði og þörfin var mikil. Því ákváðum við að hanna falleg munstur og flíkur fyrir börn á aldrinum tveggja til sex ára og setja í eina bók, en svo komumst við að því að það væri ekki sniðugt því prjónakonan þarf létta bók sem hún getur stungið ofan í tösku og er úr endingargóðum pappír," segir Heiðrún um ástæðu þess að bækurnar eru orðnar tvær.

Meðal efnis í Leikskólafötum 2 eru uppskriftir að sokkum, húfum, vettlingum, peysum og samfestingum.

„Við höfðum í huga hvað nýtist leikskólabarninu best. Það eru hlý föt en líka létt inn á milli og sem gagnast á öllum árstíðum. Verkefnin eru fjölbreytt, allt frá einföldum uppskriftum fyrir byrjendur yfir í flóknari uppskriftir fyrir vant prjónafólk, og hægt er að velja um margs konar garn, þótt íslenska ullin sé vinsælasti valkosturinn," segir Heiðrún, en vinsælasta uppskriftin um þessar mundir er hlýr og dásamlegur samfestingur undir pollagalla.

Draumur Prjónafjelagskvenna er að gefa út fleiri prjónabækur.

„Þetta er ástríðu- og gæluverkefni okkar allra og það er gaman að gera bækur. Það gerir maður ekki á hverjum degi," segir Heiðrún en viðtökur við báðum bókunum hafa verið frábærar.

„Það er alltaf í móð að prjóna enda einkar notaleg iðja. Prjónaskapur og hannyrðir sameina fólk eins og í baðstofunni forðum og yfir prjóneríinu skapast tækifæri til að spjalla um áhugamálið og kynnast skemmtilegu fólki."



Heiðrún, Dagbjört og Sigurlaug með leikskólaföt í Litlu prjónabúðinni. Á myndina vantar Evu Mjöll. MYND/STEFÁN

Leikskólaföt kvennanna í Prjónafjelaginu eru stælleg, hlý og þægileg.









habitat TEKK COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

## Til sölu



Þjóðlagagitarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið frá 10-18. Gitarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu, 105 RVK. S: 8600360

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra og einnig vantar bílstjóra á fjögurra öxla trukk.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykill að himnaríki. Er þetta háheilagt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykilllinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Fasteignir

**Eignatorg**
Björgvin Guðjónsson lögg. fast. í s: 615-1020 / bjorgvin@eignatorg.is



**OPIÐ HÚS**
Í DAG MILLI KL.14:00 -14:30
HEIÐARBÆR – Þingvöllum.

Sérlega notalegt, fallegt og veglegt 4ra herbergja sumarhús á einni hæð með glæsilegu útsýni yfir Þingvallavatn. Húsið er um 83fm að stærð og var endurbyggt árið 2008 og er mjög skemmtilega skipulagt. Húsið stendur á mjög rólegum stað á leigulóð í eigu ríkisins í u.þ.b. 30 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Framhjá húsinu rennur Móakotsá. Útsýninu frá húsinu má líkja við málverk sem skiptir litum á hverjum degi. Sjón er sögu ríkari!

*Þegar ekið er frá Reykjavík um Þingvallaveg nr. 36, þá er beygt til hægri inn á fyrsta vegslóða eftir að ekið er fram hjá Grafningsvegi nr. 360. Húsið blasir við þegar komið er inn á vegslóðann.*

**Verð 39,7 m.**

Skipholt 50b |105 Reykjavík | s: 510 3500 | **www.eignatorg.is**

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Laugavegur 3 – Til leigu**



Veitinga- og verslunarhúsnæði á einum besta stað í miðbænum. Um er að ræða 347 fm húsnæði á jarðhæð og í kjallara.

**Nánari upplýsingar veita:**
**Kjartan Hallgeirsson Löggiltur fasteignasali, kjartan@eignamidlun.is**
**Hilmar Þór Hafsteinsson Löggiltur fasteignasali/leigumiðlari, hilmar@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## Tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



# Tilboð
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## Þjónusta

SKER Hönnun & Gjafavara




Opnunartími:
Mánudaga–Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15
Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is

**Vírushreinsun og stýrikerfis-hreinsun**
*Fljót og góð þjónusta*



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði
**Hafðu samband**
**Sími: 445 0100**
**Langholtsvegur 126**
**104 Rvk.**

**Allar tölvuviðgerðir**
PC-Mac-Stýrikerfishreinsun
Rykhreinsun-Bilanagreining
*Fljót og góð þjónusta*



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði
**Hafðu samband**
**Sími: 445 0100**
**Langholtsvegur 126**
**104 Rvk.**

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:
Mánudaga–Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15
Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is





SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

## Merkisatburðir

**1947** Heklugos hefst, hið fyrsta í rúma öld. Gosmökkurinn nær 30 km hæð.

**1961** Sett eru lög um launajöfnuð kvenna og karla. Skulu þau komin til framkvæmda að fullu fyrir 1. janúar 1967.

**1970** Henný Hermannsdóttir, átján ára, sigrar í keppninni Miss Young International, sem haldin er í Japan.

**1973** Síðustu bandarísku hermennirnir yfirgefa Suður-Víetnam.



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma, og langamma,

**Anna Sigurlína Steingrímsdóttir**

Álftamýri 52, 108 Reykjavík,

lést á Hrafnistu þann 26. mars síðastliðinn. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Guðrún S. Guðmundsdóttir** **Valdimar Gíslason**
**Magnús Örn Guðmundsson** **Sigrún Hjörleifsdóttir**
**Grettir Ingi Guðmundsson** **Hrönn Harðardóttir**
**Óðinn Ari Guðmundsson** **Iðunn Lárusdóttir**
**Halldór Þór Guðmundsson** **Sigrún Þóranna Friðgeirsd.**
**Rebekka Rós Guðmundsd.** **Kristján Róbert Walsh**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**Pálmi Ragnarsson**

frá Garðakoti II,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri þann 22. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hóladómkirkju laugardaginn 7. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Utanfararsjóðs Krabbameinsfélags Skagafjarðar eða Utanfararsjóðs sjúkra í Skagafirði sem fást í Blóma- og gjafabúð Sauðárkróks, s.455-5544.

**Ása Sigurrós Jakobsdóttir**
**Jakob Smári Pálmason** **Katharina Sommermeier**
**Magnea Jóna Pálmadóttir** **Halldór Bjartmar Halldórsson**
**Oddný Ragna Pálmadóttir** **Ingi Guðmundsson**
**Sigríður Ingibjörg Pálmad.**
**Svana Ásgrímsdóttir**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðleifur Magnússon**

bókbindari,
Klettakór 1A, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 19. mars sl. Útför hans fór fram frá Bænhúsinu við Fossvogskirkju þann 23. mars sl. Athöfnin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Jarðað var í Gufuneskirkjugarði á svæði G. Þökkum hlýhug og auðsýnda samúð.

**Ásta Erlingsdóttir**
**Magnús Guðleifsson** **Guðbjörg Guðmundsdóttir**
**Erlingur Guðleifsson** **Björk Hauksdóttir**
**Björgvin Guðleifsson** **Sólveig Helga Gunnarsdóttir**
**og barnabörnin.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sverris Hermannssonar**

fv. ráðherra og bankastjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir kærleiksríka umönnun.

**Bryndís Sverrisdóttir** **Guðni A. Jóhannesson**
**Kristján Sverrisson** **Erna Svala Ragnarsdóttir**
**Margrét K. Sverrisdóttir** **Pétur S. Hilmarsson**
**Ragnhildur Sverrisdóttir** **Hanna Katrín Friðriksson**
**Ásthildur Lind Sverrisdóttir** **Matthías Sveinsson**
**Greta Lind Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Mikilvægt að hlusta á alla

**Auður Magnúsdóttir, doktor í lífefnafræði, tekur við sem framkvæmdastjóri Landverndar 1. maí. Hún ólst upp við virðingu fyrir náttúrunni og hlakkar til nýja starfsins.**

„Þetta er algert draumadjobb fyrir manneskju eins og mig sem hef verið að vasast í umhverfismálum í sjálfboðavinnu frá því ég var unglingur,“ segir Auður Magnúsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Landverndar. Hún tekur reyndar skýrt fram að hún taki ekki við embættinu fyrr en 1. maí.

Spurð hvort hún hafi alist upp við þær hugmyndir að náttúran þyrfti verndar við svarar Auður: „Ég ólst upp við virðingu fyrir náttúrunni. Ég er Selfyssingur en er komin af bændum í báðar ættir, fólki sem nytjaði landið og var tengt sínu umhverfi, annars vegar í Flóanum og hins vegar vestur á Mýrum.“

Auður segir Landvernd þýðingarmikil samtök enda séu þau að kljást við mikilvægustu málefni okkar samtíma, umhverfismálin. „Eitthvað sem við verðum taka á af fullri alvöru næstu árin,“ segir hún einbeitt og telur mikils virði þegar fólk sem er á öndverðum meiði viðri skoðanir sínar. „Það er svo mikilvægt að hlusta á alla og þó maður skipti ekki um skoðun við það þá öðlast maður betri skilning. Þegar málin eru rædd til hlítar í vinsemd þá lærist alltaf eitthvað.“

*En finnst Auði Landvernd vera nógu valdamikil samtök?* „Nei, því þó svo Ísland sé búið að fullgilda Árósasáttmálann er framkvæmd hans enn ábótavant hér á landi,“ segir hún og ég bið hana að útskýra það nánar. „Lagaumhverfið hjá okkur Íslendingum er dálítið sniðið að þeim sem hafa mikla hagsmuni af því að nýta náttúruna. Þeir hafa sterk öfl á bak við sig. Landvernd er bara samtök almennings og Árósasáttmálinn kveður á um að félagasamtök geti verið aðili máls í lagalegum skilningi þótt þau hafi ekki sjálf beina hagsmuni í málinu.“

Hún segir félögum í Landvernd hafa fjölgað mikið undanfarið og séu nú um 5.000. „Samtökin hafa líka þróast heilmikið um leið og almenningi er að verða ljóst hvað umhverfisverndarmálin eru brýn. Núna erum við að horfast í augu við stærsta umhverfisvanda sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir sem er loftslagsvandinn. Ef við tökum ekki á honum á næstu fimm árum verður ekki hægt að snúa því olíuskipi við. Plastið er önnur ógn en gegndarlaus neysla er á bak við hvort tveggja. Við viljum alltaf meira, allt þarf að vera í svo miklum vexti og stækka.“

Auður er gift og á þrjú börn, hún býr í Norðlingaholtinu og kveðst vera í átaki heima hjá sér með fjölskyldunni að reyna að minnka plastnotkun. „Það er bara mjög sjokkerandi hvað við sjálf, sem þykjumst vera meðvituð, erum að nota mikið plast, þó að við förum auðvitað með það í endurvinnslu,“ segir hún.



**Auður er Selfyssingur en er komin af bændum í báðar ættir, fólki sem nytjaði landið og var tengt sínu umhverfi, bæði sunnan lands og vestan.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

**Það er bara mjög sjokkerandi hvað við sjálf, sem þykjumst vera meðvituð, erum að nota mikið plast.**

Undanfarið hefur Auður verið deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. „Ég hef aðallega starfað á Keldnaholti en líka svolítið á Hvanneyri. Það hefur verið skemmtilegt en ég lít samt á þetta nýja embætti sem risastórt tækifæri.“

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 29. MARS 1985

## Maður féll í jökulsprungu í Kverkfjöllum

Maður frá Akureyri féll í jökulsprungu í Kverkfjöllum í norðaustanverðum Vatnajökli þennan mánaðardag árið 1985. Hann var í Flugbjörgunarsveitinni og var við þriðja mann í ferð á jöklinum. Hann stöðvaðist á snjóhafti á um það bil fimmtán metra dýpi en mun lengra var niður á botn sprungunnar.

Maðurinn slasaðist ekki við fallið en félagar hans komust ekki niður til hans, heldur létu vita af atburðinum gegnum talstöð. Fjöldi björgunarsveita lagði af stað, alls á annað hundrað manns, til að bjarga manninum. Það var björgunarsveitin Gró á Fljótsdalshéraði sem vann það afrek. Hafði hann þá mátt dúsa í jöklinum í rúman sólarhring.



**Sprungur Vatnajökuls eru viðsjárverðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


ILVA
30%
ANDORRA
3JA SÆTA
VERÐ ÁÐUR 84.900
NÚ 58.900
SPARAÐU
26.000
30%
ANDORRA
2JA SÆTA
VERÐ ÁÐUR 79.900
NÚ 55.900
SPARAÐU
24.000
ANDORRA-sófi. Ljósgrátt áklæði. Þriggja sæta. L208 cm. 84.900 kr. Nú 58.900 kr. Tveggja sæta. L179 cm. 79.900 kr. Nú 55.900 kr.
SÓFADAGAR
28. MARS - 2. APRÍL
25-40%
AF ÖLLUM HÆGINDASTÓLUM, SÓFUM, PÚÐUM OG MOTTUM
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
nú 19.500 kr.
VERÐ ÁÐUR 27.900 KR.
SPARAÐU 8.400 kr.
30%
ANDORRA-hægindastóll. Ljósgrátt áklæði. 27.900 kr. Nú 19.500 kr. Sparaðu 8.400 kr.
nú 46.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.
SPARAÐU 33.000 kr.
40%
BARI-hægindastóll. Ljósgrátt áklæði. 79.900 kr. Nú 46.900 kr. Sparaðu 33.000 kr.
nú 77.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 129.900 KR.
SPARAÐU 52.000 kr.
40%
LISSABON-sófi. Tveggja sæta. Ljósgrátt áklæði. L182 cm. 129.900 kr. Nú 77.900 kr. Sparaðu 52.000 kr.
nú 68.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 114.900 KR.
SPARAÐU 46.000 kr.
40%
ANDORRA-sófi. Legubekkur + tveggja sæta. Dökkgrátt áklæði. D140 x L231 cm. 114.900 kr. Nú 68.900 kr. Sparaðu 46.000 kr.
nú 97.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 139.900 KR.
SPARAÐU 42.000 kr.
30%
FLUENTE-hægindastóll. Þriggja sæta sófi. Grátt velúr áklæði. L197 cm. 139.900 kr. Nú 97.900 kr. Sparaðu 42.000 kr.
30-50%
af ÖLLUM
mottum
nú 66.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 89.900 KR.
SPARAÐU 23.000 kr.
25%
SAVONA-svefnsófi með legubekk. Dökkgrátt áklæði. L255xD151 cm. Svefnflötur. 140x200 cm. Svampdýna. 89.900 kr. Nú 66.900 kr. Sparaðu 23.000 kr.
30%
af ÖLLUM
púðum
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
29. mars 12-18, Föstudagurinn langi LOKAÐ, 31. mars 10-18,
Páskadagur LOKAÐ, 2. apríl 12-18
Netgíró
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# OPNUNARTÍMAR UM PÁSKANA

## Skírdagur
29. MARS - **Opið allan sólarhringinn**

## Föstudagurinn langi
30. MARS - **Opið allan sólarhringinn**

## Laugardagur
31. MARS - **Opið allan sólarhringinn**

## Páskadagur
1. APRÍL - **Opið allan sólarhringinn**

## Annar í páskum
2. APRÍL - **Opið allan sólarhringinn**

OPIÐ 24 TÍMA

PÁSKAREIKNINGUR NETGÍRÓ
EINGÖNGU Í VERSLUNUM ICELAND
BORGAÐU 1. MAÍ
Netgíró

Iceland

# Harpa meðal fremstu bygginga heims

Harpa hefur verið valin ein af 10 fremstu byggingum heims á sviði hönnunar. Tímaritið Architechtural Digest, sem er einn virtasti vettvangur fyrir umfjöllun um byggingarlist, fékk heimsþekkta arkitekta til að velja markverðustu byggingar samtímans og er Harpa þeirra á meðal.

Arkitektinn Steven Hall segir Hörpu birtingarmynd frábærrar samvinnu á milli Henning Larsen Arkitekta, Batterísins og Ólafs Elíassonar og að á kvöldin bjóði byggingin upp á ljósasýningu sem sé jafn heillandi og sjálf norðurljósin. Hann telur Hörpu gott dæmi um byggingu þar sem arkitektúr birtist sem afl til að virkja borgir og efla menninguna.

Aðrar byggingar sem valnefnd Architectural Digest telur markverðastar eru meðal annars Gardens by the Bay í Singapúr, Linked Hybrid í Peking, The Shard í Lundúnum, Guangzhou óperuhúsið í Kína og Metropol Parasol í Sevilla.

„Þetta er einstaklega gaman og er enn ein fjöður í hatt þessa fallega húss okkar,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu. „Harpa var sæmd einum merkustu verðlaunum í byggingarlist í heimi þegar húsið fékk Mies van der Rohe verðlaunin 2013, fékk World Architecture Award 2010 auk fleiri verðlauna fyrir byggingarlist og hefur auk þess ítrekað verið viðurkennd fyrir hljómburð og heimsklassa aðstöðu fyrir tónleika, fundi- og ráðstefnuhald. Húsið hefur þegar sannað sig sem umbreytingarafl fyrir íslenska menningu og ferðaþjónustu og er nú að festa sig enn frekar í sessi sem áfangastaður á heimsmælikvarða í Reykjavík. Viðurkenning sem þessi styrkir stöðu Hörpu á öllum sviðum.“ – kb



**„Þetta er enn ein fjöður í hatt þessa fallega húss okkar,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, um hina nýju viðurkenningu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HANN TELUR HÖRPU GOTT DÆMI UM BYGGINGU ÞAR SEM ARKITEKTÚR BIRTIST SEM AFL TIL AÐ VIRKJA BORGIR OG EFLA MENNINGU.**


# ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN 2018

Safnaverðlaunin eru viðurkenning, veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi.

**ÓSKAÐ ER EFTIR ÁBENDINGUM** frá almenningi, stofnunum og félagasamtökum um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar. Söfnum er jafnframt heimilt að senda inn kynningar á eigin verkefnum.

Til greina koma sýningar, útgáfur og annað er snýr að þjónustu við safngesti jafnt sem verkefni er lúta að faglegu innra starfi svo sem rannsóknir og varðveisla.

Valnefnd tilnefnir þrjú söfn eða verkefni sem tilkynnt verða á Alþjóðlega safnadeginum á Íslandi, 18. maí og hlýtur eitt þeirra viðurkenninguna. Safnaverðlaunin verða veitt í ellefta sinn þriðjudaginn 5. júní 2018 á Bessastöðum.

Ábendingum skal skilað í síðasta lagi **16. apríl 2018**

Sendist:
Safnaverdlaun@icom.is eða
Safnaverðlaunin 2018 – Íslandsdeild ICOM – pósthólf 1513 – 121 Reykjavík

Íslandsdeild alþjóðaráðs safna – ICOM og FÍSOS – Félag íslenskra safna og safnmanna standa saman að verðlaununum.




# Að höggva mann og annan

**TÓNLIST**

★★★★★

**Jón Leifs:** Edda II. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék undir stjórn Hermanns Bäumer. Schola cantorum (kórstjóri: Hörður Áskelsson) söng. Einsöngvarar: Kristinn Sigmundsson, Elmar Gilbertsson og Hanna Dóra Sturludóttir.
**Eldborg í Hörpu**
föstudaginn 23. mars

Píanóleikari sem ég þekki sagði mér að hann hefði einu sinni æft Strákalag eftir Jón Leifs (1899-1968). Forneskjuleg stemningin í verkinu hafði svo mikil áhrif að hann langaði mest til að fara út að höggva mann og annan.

Að höggva mann og annan var einmitt mjög freistandi á stórtónleikum í Eldborg í Hörpu á föstudagskvöldið. Eða bara krafsa í næsta tónleikagest og éta efnisskrána hans! Flutt var Edda II eftir Jón Leifs, annar hluti þríleiks sem aldrei hefur hljómað á tónleikum fyrr í heild sinni. Fyrsti hlutinn var frumfluttur árið 2006 í Háskólabíói og fjallaði á stórbrotinn hátt um sköpun heimsins eins og henni er lýst í norrænni goðafræði. Í þetta sinn var umfjöllunarefnið guðirnir, valkyrjurnar, ásynjurnar, nornirnar og einherjarnir, þ.e. framliðnar sálir þeirra sem deyja í orrustu.

Af hverju var stórvirkið ekki frumflutt á meðan Jón lifði? Skýringuna er að finna í þeim litla meðbyr sem hann naut. Tónlist hans var líka allt öðruvísi en sú sem þá þekktist. Hún var fyrsta þjóðlega fagurtónlistin á Íslandi, innblásin af ofbeldisfullum bókmenntaarfinum og hrjóstrugri náttúrunni. Fyrir bragðið þótti hún erfið áheyrnar.

Edda II er mögnuð tónsmíð, og þó að hún hafi virkað fráhrindandi fyrst á tónleikunum á föstudagskvöldið, var krafturinn og kynngin slík að áður en yfir lauk var eins og maður væri kominn aftur í gráa forneskju.

Of langt mál væri að fjalla um allt verkið hér, en tónlistin var ákaflega lýsandi fyrir það sem var að gerast í textanum hverju sinni. Gott dæmi er kaflinn um valkyrjurnar, hinar herskáu vættir sem ráða sumum bana en vernda aðra. Leikur hljómsveitarinnar var taktfastur og hrikalegur, reis aftur og aftur upp í ofsafengna hápunkta. Kórinn söng nöfn valkyrjanna eins hvasst og hugsast gat, þau hljómuðu eins og byssuskot. Útkoman var ógnvekjandi, svo mjög að hún sat í manni lengi á eftir.

Flutningurinn á öllu saman, undir stjórn Hermanns Bäumer, var glæsilegur. Schola cantorum söng og stóð sig firnavel í afar krefjandi hlutverki. Innkomur voru oftar en ekki sérlega erfiðar, gjarnan hátt á tónsviðinu og svo var stokkið yfir ómstríð tónbil. Samhljómur kórsins var tær og þróttmikill, en kórinn var þó heldur lítill fyrir svo stóra tónsmíð. Upptaka með tónlistinni, sem ráðist verður í á næstunni, er tilhlökkunarefni; kórinn verður þar án efa framar í heildarhljómnum.

Einsöngvarar voru þrír, þau Hanna Dóra Sturludóttir, Elmar Gilbertsson og Kristinn Sigmundsson. Raddir þeirra allra voru fagurhljómandi og gæddar viðeigandi krafti. Hljómsveitin var sömuleiðis í essinu sínu, en þar gekk ekki lítið á. Slagverkið var yfirgengilegt og málmblásturinn þrumandi. Tveir fornlúðrar voru áberandi, en þeir eiga ættir sínar að rekja til bronsaldar. Hljómurinn í þeim var vissulega ekki hreinn, en rímaði samt þannig enn þá betur við stemninguna í tónlistinni.

Í heild var túlkunin einkar spennuþrungin, eins og vera bar. Andrúmsloft óhugnaðar varð æ sterkara, og það heltók mann. Í lokin var leikinn sterkasti hljómurinn í öllu verkinu, svo ægilegur að það var sem himnarnir opnuðust. Það hlýtur að vera einhver áhrifamesti endir í íslenskum tónbókmenntum.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frumflutningurinn á Eddu II eftir Jón Leifs var stórfenglegur.

# RISA LAGERSALA

## NTC

## GLÆSIBÆR (áður Útilíf)

**PÁSKAHELGIN-OPIÐ**

Í DAG, SKÍRDAG : **12 - 18**

LAUGARDAG : **11 - 18**

ANNAN Í PÁSKUM : **12 - 18**

Kultur galleri sautján eva
focus gs skór FLÓ & FRANSÍ COMPANYS
GK REYKJAVIK SMASH KARAKTER KONUR URBAN Kultur menn

# 60-80% AFSLÁTTUR

## HERRA- OG DÖMUFATNAÐUR

**JAKKAFÖT** - HERRASKYRTUR - STAKIR JAKKAR- **KJÓLAR** MIKIÐ ÚRVAL
**GALLABUXUR** - TOPPAR - **ÚLPUR** OG ULLARKÁPUR - FÍNNI BUXUR

**... RISASTÓR SKÓDEILD!**

**YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI**

DIESEL carhartt CONVERSE ALL STAR Herschel SUPPLY CO.
BY MALENE BIRGER SAMSØE ф SAMSØE billi bi COPENHAGEN CHEAP MONDAY MOSS REYKJAVIK NIKE J.LINDEBERG Paul Smith

**LAGERSALA** NTC **... í GLÆSIBÆ** (áður Útilíf)

markhönnun ehf

# netto




# Gerðu góð kaup fyrir páskana



KJÖTSEL

**HAMBORGARHRYGGUR**
999 KR/KG
ÁÐUR: 1.585 KR/KG
-37%



-30%

**HRINGSKORINN BÓGUR**
699 KR/KG
ÁÐUR: 998 KR/KG



**DÁDÝRAVÖÐVAR**
BLANDAÐAR LITLAR STEIKUR
3.498 KR/KG



KJÖTSEL

**BAYONNE SKINKA**
1.097 KR/KG
ÁÐUR: 1.995 KR/KG
-45%



**NAUTA RIBEYE**
2.198 KR/KG
ÁÐUR: 3.382 KR/KG
-35%



-45%

**SÆNSK SKINKA**
1.097 KR/KG
ÁÐUR: 1.995 KR/KG

STJÖRNU GRÍS

**Tilboðin gilda til 1. apríl 2018**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




**HELGU STEIK**
Í HVÍTLAUKS- OG PIPARMARINERINGU
**1.665 KR KG**
ÁÐUR: ~~3.329 KR/KG~~
**-50%**




**HELGU STEIK**
Í ESJUMARINERINGU
**1.665 KR KG**
ÁÐUR: ~~3.329 KR/KG~~
**-50%**



**HUMAR SKELBROT**
1 KG BLANDAÐ
**3.271 KR STK**
ÁÐUR: ~~4.089 KR/STK~~
**-20%**

*Gómsætt um páskana!*



**LAMBAHRYGGUR**
FERSKUR
**1.884 KR KG**
ÁÐUR: ~~2.298 KR/KG~~

KJÖTSEL



KEA

**LAMBAHRYGGUR**
LÉTTREYKTUR
**1.987 KR KG**
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~
**-29%**



**KENGÚRU FILLE**
**3.998 KR KG**



ÍSFUGL

**KALKÚNABRINGA**
FERSK
**2.962 KR KG**
ÁÐUR: ~~3.898 KR/KG~~
**-24%**



**PEKINGÖND**
2,3 KG STK
**1.286 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.608 KR/KG~~
**-20%**



**ANDABRINGUR**
FRANSKAR
**2.488 KR KG**
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~




**CADBURY CARAMEL**
EGG 3PK 117 GR.
**198 KR STK**
ÁÐUR: ~~239 KR/STK~~




**CADBURY PÁSKAEGG**
OREO 278 GR.
**799 KR STK**
ÁÐUR: ~~898 KR/STK~~



**-50%**

**RAUÐ VÍNBER**
**399 KR KG**
ÁÐUR: ~~798 KR/KG~~



**HUMAR ÁN SKELJAR**
800 GR.
**3.499 KR STK**
ÁÐUR: ~~4.998 KR/STK~~
**-30%**

# Fimm upplagðar en ólíkar páskamyndir

Páskarnir eru helsta hátíð kristinna manna. Á föstudaginn þjást þeir með frelsaranum en á sunnudag fagna þeir sigri hans á dauðanum. Því er tilvalið að ganga í drjúgan sjóð kvikmynda um píslargönguna. Hér eru fimm góðar.


Jim Caviezel í hlutverki Krists í The Passion of the Christ. Erfiðri mynd á að horfa en eins og í píslarsögunni leynist þar djúpstæð fegurð, von, í þjáningunni.

## THE PASSION OF THE CHRIST (2004)

Sjálfsagt á engin kvikmynd betur við á föstudaginn langa en mynd Mels Gibson um síðustu tólf klukkustundirnar í jarðnesku lífi Jesú Krists. Óháð öllu sem segja má um leikstjórann sjálfan þá er þessi blóðuga mynd sjónrænt listaverk og óhjákvæmilegt annað en að þjást með frelsaranum undir henni.

Hér er Kristur svo sannarlega píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn og ekkert dregið undan í lýsingum á þeim ósköpum öllum. Eftir frumsýningu myndarinnar á Íslandi í mars 2004 hafði Karl Sigurbjörnsson biskup þetta um hana að segja við Fréttablaðið:

„Myndin er mjög áhrifarík og ég verð að játa það að ég var lengi að jafna mig. Hún gengur mjög nærri manni, þannig að stundum finnst manni um of. Þessi mynd er ekki fyrir viðkvæmar sálir og alls ekki fyrir börn.“

Gunnar Þorsteinsson, löngum kenndur við Krossinn, sagði við sama tækifæri að augljóst væri að Gibson hefði gert hana innblásinn heilögum anda. „Þetta er auðvitað stærsta drama mannkynssögunnar. Það er ekki til meira drama en fórnandi kærleikur lifandi Guðs eins og hann birtist í Jesú Kristi. Það hefur enginn nálgast þetta eins og Mel Gibson og hann skýtur öllum öðrum ref fyrir rass.“



## THE LAST TEMPTATION OF CHRIST (1988)

Gunnar var ekki jafn hrifinn af Síðustu freistingu Krists eftir meistara Martin Scorsese. Sú mynd var gerð eftir samnefndri skáldsögu Nikos Kazantzakis sem sýndi Jesú í mannlegu ljósi. Sem mann sem var við það að bugast undan þeim byrðum sem Guð lagði á hann og féll næstum fyrir freistingum Satans á krossinum. Engu að síður gríðarlega áhrifarík mynd þar sem Willem Dafoe glansar í hlutverki Krists og Harvey Keitel skilar Júdasi með sóma. Ekki spillir svo fyrir að David heitinn Bowie dúkkar upp sem Pontíus Pílatus.



## LIFE OF BRIAN (1979)

Bresku grínararnir í Monty Python gátu vitaskuld ekki látið píslarsöguna í friði og fyrir þá sem kjósa að minnast frelsarans með ögn meiri léttúð en Gibson og Scorsese bjóða upp á er Life of Brian tilvalin. Hér segir frá hinum lánlausa Brian sem fæðist á jólunum í gripahúsinu við hlið þess sem María og Jósep fengu að dvelja í. Hann er síðan krossfestur í misgripum fyrir Jesú en syngur með krossfestum félögum sínum á Golgatahæð að alltaf megi nú samt horfa á björtu hliðarnar í lífinu.



## JESUS OF MONTREAL (1989)

Þessi fallega kanadíska mynd lætur ekki mikið yfir sér en hún jarðtengir píslarsöguna ákaflega fallega í hversdagslegu samhengi. Leikhópur ákveður að setja píslarsöguna á svið í óþökk kaþólsku kirkjunnar og líf leikaranna renna saman við efniviðinn og sá sem leikur Krist lifir sig átakanlega inn í hlutverkið.

## THE BIG LEBOWSKI (1998)

Hér er ein fyrir þá trúlausu að slaka á yfir eftir að hafa spilað sitt páskabingó á föstudaginn langa. Tengingin við píslargöngu Krists er svo sem engin en í henni fer Jesús nokkur Quintana mikinn í túlkun Johns Turturro. Hann er helsti aðstæðingur hins sultuslaka Dude og lærisveina hans á keilubrautinni. Óþægur ljár í þúfu og ekkert sérstaklega kristilegur í oflæti sínu, hroka og heitstrengingum um að „enginn rugli sko í Jesúsinum“.



Gull HÚSASMIÐJAN NÓI SÍRÍUS World Class ICELAND
SPURNINGAKEPPNI FJÖLMIÐLANNA
Stefán Pálsson tekur á móti eldkláru fjölmiðlafólki í uppáhalds spurningakeppni þjóðarinnar.
SKÍRDAG, FÖSTUDAGINN LANGA OG PÁSKADAG KL. 16:00-18:30
SJÓNVARP BYLGJAN.IS APPIÐ FM 98.9
BYLGJAN 989



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag frá 10:00-19:00



## OPNUNARTÍMI

| | | |
|---|---|---|
| Föstudagurinn langi | 30. mars | LOKAÐ |
| Laugardagur | 31. mars | kl. 10-19 |
| Páskadagur | 1. apríl | LOKAÐ |
| Annar í páskum | 2. apríl | kl. 12-18 |

BÓNUS PÁSKAEGGIN

## ÓDÝRUSTU

PÁSKAEGGIN Í BÓNUS






| | | |
|---|---|---|
| Nr. 3 | 598 | kr. 170 g |
| Nr. 4 | 998 | kr. 315 g |
| Nr. 5 | 1.298 | kr. 420 g |
| Nr. 6 | 1.598 | kr. 520 g |
| RISAEGG | 2.598 | kr. 1 kg |

BÓNUS®

EKKERT BRUÐL

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

**29. MARS 2018**

## Tónlist

**Hvað?** Möller Records á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Möller Kvöld á Húrra. 1.500 krónur inn og glaðningur fylgir með.

**Hvað?** Fararsnið – Jelena Ciric & Marteinn Sindri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Það að sýna á sér fararsnið merkir að undirbúa brottför, leggja upp í nýtt ferðalag, en þó má vel hugsa sér að orðið merki jafnframt eitthvað svipað og ferðalag – snið er sú mynd sem förin tekur á sig. Tónlistarfólkið Jelena og Marteinn hafa búið í samtals sjö löndum og hefur sú reynsla þeirra haft djúpstæð áhrif á tónlist hvors um sig.

**Hvað?** Tónleikar Þóru og Pálma
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Fríkirkjunni í Reykjavík

## Viðburðir

**Hvað?** Íslandsmótið í fitness 2018
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Háskólabíói
Íslandsmótið í fitness fer fram í dag, fimmtudaginn 29. mars (skírdag), í Háskólabíói. Að þessu sinni verður mótið haldið á einum degi. Forkeppni byrjar að morgni klukkan 10.00 og hápunkturinn er klukkan 17.00 þegar úrslitin hefjast. Alls eru 80 keppendur skráðir til leiks og má því búast við fjörugu móti.

**Hvað?** Passíusálmalestur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Á þessu ári eru 150 ár liðin síðan sr. Friðrik Friðriksson fæddist og verður þess minnst með ýmsu móti. Í dymbilviku verða Passíusálmarnir lesnir af fulltrúum þeirra félaga sem hann stofnaði eða átti þátt í að stofna. Lesararnir eru fulltrúar KFUM & K, Knattspyrnufélagins Vals, Skátahreyfingarinnar, Karlakórsins Fóstbræðra og úr hópi sérþjónustu kirkjunnar. Tónlistarflutningur er í höndum Björns Steinars Sólbergssonar, Laufeyjar Geirlaugsdóttur, Magneu Tómasdóttur, Thelmu Hrannar Sigurdórsdóttur og Guðmundar Vignis Karlssonar.










**Heimavellir bjóða 60 íbúðir til leigu í Boðaþingi 14-16 og 18-20 í Kópavogi.**

Þetta er fyrsta verkefni Heimavalla sem er sérstaklega ætlað fólki sem er 55 ára og eldra. Um er að ræða glæsilegar og vel hannaðar íbúðir í rólegu og friðsælu umhverfi rétt við Elliðavatn og Heiðmörk. Húsin eru í nágrenni við þjónustu fyrir eldri borgara.

**Kynntu þér málið á www.heimavellir.is**

LANGTÍMASAMBAND **Á LEIGUMARKAÐI**

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

HEIMA VELLIR ÖRUGGLEIGA


# Föstudagur

## Viðburðir

**Hvað?** Stabat Mater
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hjallakirkju
Föstudaginn langa, 30. mars, munu Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran, Hanna Dóra Sturludóttir mezzosópran og kammerhópurinn ReykjavíkBarokk flytja hið undurfagra tónverk Stabat Mater eftir Pergolesi. Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk er skipaður þeim Guðnýju Einarsdóttur, Önnu Hugadóttur, Hildigunni Halldórsdóttur, Ólöfu Sigursveinsdóttur og Diljá Sigursveinsdóttur.

**Hvað?** Komdu að hanga á föstudaginn langa
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Samkvæmt lögum um helgidagafrið er ýmis starfsemi óheimil á föstudaginn langa. Í tilefni dagsins munum við því blása til mjög almennra leiðinda á föstudaginn





Massaðasta fólk landsins kemur saman í Háskólabíói í dag enda Íslandsmótið í fitness á dagskrá.

langa, þar sem enginn dans né skemmtun verður umborin. Ef þig langar að þjást með okkur eins og Kristur á krossinum, komdu þá að hanga á föstudaginn langa.

**Hvað?** Romeo + Juliet – Föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Þessi frægasta ástarsaga allra tíma eftir William Shakespeare er hér færð til nútímans og gerist í úthverfi Verona á Ítalíu, en texti sögunnar er allur sá sami og í upprunalegu útgáfunni. Tvær fjölskyldur berast á banaspjót á götum borgarinnar, en elskendurnir Rómeó og Júlía tilheyra hvort sinni fjölskyldunni, sem eru hin sorglegu örlög þeirra.

**Hvað?** Passíusálmalestur
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Á þessu ári eru 150 ár liðin síðan sr. Friðrik Friðriksson fæddist og verður þess minnst með ýmsu móti. Í Dymbilviku verða Passíusálmarnir lesnir af fulltrúum þeirra félaga sem hann stofnaði eða átti þátt í að stofna. Lesararnir eru fulltrúar KFUM & K, Knattspyrnufélagsins Vals, Skátahreyfingarinnar, Karlakórsins Fóstbræðra og úr hópi sérþjónustu kirkjunnar. Tónlistarflutningur er í höndum Björns Steinars Sólbergssonar, Laufeyjar Geirlaugsdóttur, Magneu Tómasdóttur, Thelmu Hrannar Sigurdórsdóttur og Guðmundar Vignis Karlssonar.



Erpur Eyvindsson tekur lagið á Dillon í tilefni föstudagsins langa.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
AND BREATHE NORMALLY
Hleyptu Sól í hjartað ........ 18:00, 20:00
Kobieta Sukcesu ENG SUB ........ 18:00
Loveless ........ 17:30
Narzeczony ENG SUB ........ 20:00
Andið eðlilega ENG SUB ........ 20:00
The Florida Project ........ 22:00
The Shape Of Water ........ 22:15
Spoor ........ 22:00
THE SHAPE OF WATER
IN CINEMAS NOW

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SPENNA OG HAMINGJA
Búðu þig undir páskana
Ný metsölubók eftir höfund *Guð hins smáa*
Margbrotin, ágeng, gáskafull
RÁÐUNEYTI ÆÐSTU HAMINGJU
ARUNDHATI ROY
„Meistaraverk ... Saga um þjáningu, fórnir og reisn – hrífandi, frjó og nístandi frásagnarlist." Booklist
„Dásamleg ... óvenjuleg, litrík og sannfærandi." The Financial Times
NOAH HAWLEY
FYRIR FALLIÐ
„Ein besta spennusaga ársins." THE NEW YORK TIMES
„Snilldarlega ofin." THE DALLAS MORNING NEWS
Dularfull spennusaga eftir handritshöfund *Fargo*
„Ein besta spennusaga ársins. "
NEW YORK TIMES
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–16

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Brúðubíllinn
**07.35** Áfram Diego, áfram!
**08.25** Stuart Little 3: Call of the Wild
**09.35** Tom and Jerry: Back to Oz
**10.55** Open Season: Scared Silly
**12.20** Steinaldarmennirnir
**13.50** The Simpsons
**14.10** The Middle
**14.35** Madame Bovary
**16.30** Stuðmenn-Tívolí tónleikar
**17.45** Ellen
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.45** **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**18.55** **Kung Fu Panda 3** Stórskemmtileg talsett teiknimynd sem segir frá því þegar hinn raunverulegi faðir Pós kemur til sögunnar, en hann hefur um langa hríð leitað sonar síns um allt Kína. Það verða fagnaðarfundir með feðgunum og svo fer að Pó fer með föður sínum.
**20.30** The Good Doctor
**21.15** The Blacklist
**22.00** **Horrible Bosses** Frábær gamanmynd frá 2011 með Jennifer Aniston, Jason Bateman, Charlie Day og Jason Sudeikis. Myndin fjallar um þrjá vini sem allir eiga það sameiginlegt að yfirmenn þeirra gera þeim lífið leitt við hvert tækifæri. Eitt kvöldið við drykkju taka félagarnir sig til og ákveða að best sé að koma yfirmönnum sínum fyrir kattarnef, og hefst þá heldur hlægileg atburðarás sem getur varla endað vel. Með hlutverk yfirmannanna hræðilegu fara Kevin Spacey, Jennifer Aniston og Colin Farrell, en Jamie Foxx fer sömuleiðis með hlutverk í myndinni.
**23.40** The Accountant
**02.30** Gåsmamman
**03.15** **Homeland** Sjöunda syrpa þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson, fyrrverandi starfsmanni bandaríska leyniþjónustunnar. Nú berst hún gegn mismunun og óréttlæti í garð minnihlutahópa og fyrir auknum borgararéttindunum þeirra.
**04.05** Broadchurch
**04.55** Broadchurch

## STÖÐ 2 SPORT

**09.30** Domino's-körfuboltakvöld
**11.10** Keflavík - Haukar
**12.50** Domino's-körfuboltakvöld
**13.50** Lengjubikarinn
**15.55** Haukar - Keflavík
**17.35** Domino's-körfuboltakvöld
**19.15** Premier League World
**19.45** Stjarnan - Valur
**21.25** Meistaradeildin í hestaíþróttum

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00** Formúla 1 - Keppni
**10.30** Lengjubikarinn
**12.10** FA Cup
**13.50** FA Cup
**15.30** FA Cup
**17.10** FA Cup
**18.50** Lengjubikarinn
**20.30** Ensku bikarmörkin
**21.00** Domino's-körfuboltakvöld
**22.00** Seinni bylgjan
**23.35** Domino's-körfuboltakvöld

## STÖÐ 3

**07.15** Grand Designs
**07.55** Grand Designs
**08.40** Grand Designs
**09.30** Grand Designs
**10.15** Grand Designs
**11.05** Grand Designs
**11.55** Grand Designs
**12.45** Grand Designs
**13.35** Grand Designs
**14.15** Ísskápastríð
**14.45** Ísskápastríð
**15.25** Ísskápastríð
**16.00** Ísskápastríð
**16.35** Ísskápastríð
**17.10** Ísskápastríð
**17.45** Ísskápastríð
**18.15** Anger Management
**18.40** Baby Daddy
**19.05** The New Girl
**19.30** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Arrow
**21.35** Gotham
**22.20** Dickensian Aspect
**23.20** Dagvaktin
**23.50** Bob's Burgers
**00.40** Entourage
**01.10** Seinfeld
**01.35** Friends
**02.00** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** Zigby
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Mamma Mu
**09.54** Lalli
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** Zigby
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Mamma Mu
**13.54** Lalli
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** Zigby
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Mamma Mu
**17.54** Lalli
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Angry Birds

## GOLFSTÖÐIN

**08.40** WGC: Dell Match Play
**12.05** PGA Highlights
**13.00** Champions Tour Highlights
**13.55** Bank of Hope Founders Cup
**16.00** ANA Inspiration
**20.00** Shell Houston Open
**23.00** ANA Inspiration

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.25** Beyond the Lights
**12.20** Tootsie
**14.15** Dressmaker
**16.10** Beyond the Lights
**18.05** Tootsie
**20.00** **Dressmaker** Dramatísk mynd frá 2015 með Kate Winslet, Judy Davis og Liam Hemsworth. The Dressmaker gerist í smábænum Dungatar í Ástralíu á sjötta áratug síðustu aldar og segir frá fatahönnuðinum og saumakonunni Tilly Dunnage sem snýr aftur til bæjarins eftir að hafa verið send þaðan ellefu ára gömul í kjölfar dauða skólafélaga hennar. Margir íbúa Dungatar telja að það hafi verið morð. Tilly Dunnage segist hafa snúið aftur til Dungatar til að sjá um veika móður sína.
**22.00** Independence Day: Resurgence
**00.00** **Keanu** Gamanmynd frá 2016. Þegar einhver brýst inn til málarans skakka, Rells, og nemur á brott kettlinginn hans og helstu fyrirsætu, Keanu, fær hann vin sinn og frænda, Clarence, til að aðstoða sig við að hafa uppi á kattarræningjunum.
**01.40** The Neon Demon
**03.35** Independence Day: Resurgence

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Klingjur
**08.12** Molang
**08.15** Kioka
**08.22** Kata og Mummi
**08.33** Rita og krókódíllinn
**08.38** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**08.50** Krakkastígur
**08.55** Söguhúsið
**09.03** Litli prinsinn
**09.26** Hvolpasveitin
**09.49** Kveikt á perunni
**09.57** Tré-Fú Tom
**10.19** Alvinn og íkornarnir
**10.30** Fólkið í blokkinni
**11.00** Fjörskyldan
**11.45** Hið ljúfa líf
**12.05** Á bak við tréð
**12.30** Skólahreysti
**13.00** Saga HM: Vestur-Þýskaland 1974
**14.30** Draumurinn um veginn
**16.05** Senna
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.27** Ég og fjölskyldan mín - Ronja
**18.42** Letibjörn og læmingjarnir
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Maður sviðs og söngva
**20.30** Munda
**20.55** Yngismeyjar
**22.00** Percy Jackson & the Olympians - The Lightning Thief
**23.55** The Sitter
**01.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Frosinn (Frozen)
**09.45** Vaiana
**11.35** 9JKL
**11.55** Survivor
**12.40** Fuglaborgin
**14.05** When Harry Met Sally
**15.45** Zoolander
**17.15** Muppets Most Wanted
**19.05** Happy Hour með Ragga Bjarna
**20.20** Kokkaflakk
**21.00** Station 19
**21.45** Station 19
**22.30** Shot Caller
**02.30** Crimson Tide

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




### KUNG FU PANDA 3
KL. 18:55

Það verða aldeilis fagnaðarfundir þegar Pó hittir loksins alvöru pabba sinn og saman geta þeir geta farið heim til fjölskyldu hans. Stórskemmtileg talsett teiknimynd fyrir káta krakka og alla fjölskylduna.

Skemmtilegur **Skírdagur**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

### THE GOOD DOCTOR
KL. 20:30

Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?



### THE BLACKLIST
KL. 21:15

Hér er James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.






### HORRIBLE BOSSES
KL. 22:00

Þrír vinir eiga það sameiginlegt að yfirmenn þeirra gera þeim lífið leitt við hvert tækifæri og þeir ákveða að taka málin í sínar hendur og þá verður ekki aftur snúið.

### INDEPENDENCE DAY: RESURGENCE
KL. 22:00

Myndin gerist 20 árum eftir atburði fyrstu myndarinnar og segir frá því þegar geimverurnar koma aftur til að ná yfirráðum á jörðu.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.




365.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Brúðubíllinn
**07.30** Könnuðurinn Dóra
**08.20** Ljóti andarunginn og ég
**08.40** Ribbit
**10.05** Swan Princess: A Royal Family Tale
**11.30** Tommi og Jenni
**11.50** The Simpsons
**12.15** The Middle
**12.40** Mike & Molly
**13.05** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**15.15** Anger Management
**15.40** Curb Your Enthusiasm
**16.15** Krækiberjablús
**17.15** **Höggið** Vönduð, íslensk heimildarmynd. Höggið er stórbrotin saga af hetjulegri björgun í Norður-Atlantshafi á jólanótt árið 1986. Margar spurningar hafa vaknað um það hvað raunverulega olli því að Suðurlandið sökk þessa örlagaríku nótt á tímum kalda stríðsins.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.45** Sportpakkinn
**18.55** Syngdu
**20.45** Collateral Beauty
**22.25** **Hidden Figures** Mögnuð mynd frá 2017 með einvalaliði leikara. Hér er sögð sönn saga þriggja kvenna sem störfuðu hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og áttu stóran þátt í að Mercury-geimferðaáætlunin heppnaðist en hún snerist um að koma geimfaranum John Glenn á sporbaug um jörðu – og síðan heilum á húfi til baka. Allur heimurinn fylgdist með þessari áhættusömu tilraun og geimfarinn John Glenn varð heimsfrægur fyrir vikið sem fyrsti Bandaríkjamaðurinn sem komst á sporbaug um jörðu. Færri vissu hins vegar að á bak við velgengni geimferðarinnar stóðu m.a. stærðfræðingarnir Dorothy Vaughan og Katherine G. Johnson ásamt verk- og vélfræðingnum Mary Jackson, en þær voru allar svartar á hörund og þurftu því ekki bara að glíma við verkefnið sjálft heldur margs konar fordóma bæði samfélagsins og nokkurra samstarfsmanna.
**00.35** Masterminds
**02.10** The Legend of Tarzan
**04.00** Salting the Battlefield
**05.35** Krækiberjablús

## STÖÐ 2 SPORT

**09.20** Domino's-körfuboltakvöld
**11.00** Seinni bylgjan
**12.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**14.40** Premier League World
**15.10** Milwaukee Bucks - San Antonio Spurs
**17.05** NBA - Charles Barkley
**17.50** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**18.40** Derby Country - Sunderland
**20.45** Domino's-körfuboltakvöld
**21.45** Premier League Preview
**22.15** Bundesliga Weekly

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.00** Lengjubikarinn
**10.40** Lengjubikarinn
**12.20** Stjarnan - Valur
**14.00** Keflavík - Haukar
**15.40** Domino's-körfuboltakvöld
**17.20** Formúla 1 - Keppni
**19.50** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**20.40** 1 á 1
**21.30** Premier League Preview
**22.00** Derby Country - Sunderland
**23.40** Domino's-körfuboltakvöld

## STÖÐ 3

**06.10** I Own Australia's Best Home
**07.00** I Own Australia's Best Home
**07.50** I Own Australia's Best Home
**08.40** I Own Australia's Best Home
**09.30** I Own Australia's Best Home
**10.20** I Own Australia's Best Home
**11.10** I Own Australia's Best Home
**12.00** I Own Australia's Best Home
**12.50** I Own Australia's Best Home
**13.40** Gulli byggir
**14.10** Gulli byggir
**14.40** Gulli byggir
**15.10** Gulli byggir
**15.45** Gulli byggir
**16.15** Gulli byggir
**16.45** Gulli byggir
**17.15** Gulli byggir
**17.45** Gulli byggir
**18.20** Gulli byggir
**19.00** Gulli byggir
**19.30** Gulli byggir
**20.00** American Idol
**21.25** American Idol
**22.50** Seinfeld
**23.15** Friends
**23.40** Bob's Burgers
**00.30** Schitt's Creek
**00.55** NCIS: New Orleans
**01.40** Seinfeld
**02.05** Friends
**02.30** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** Zigby
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Víkingurinn Viggó
**14.27** Zigby
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Kormákur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Víkingurinn Viggó
**18.27** Zigby
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Kormákur
**19.00** The Seventh Dwarf

## GOLFSTÖÐIN

**09.15** ANA Inspiration
**11.15** Golfing World
**12.05** Shell Houston Open
**15.05** Champions Tour Highlights
**16.00** ANA Inspiration
**20.00** Shell Houston Open
**23.00** ANA Inspiration

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.45** Hail, Caesar!
**08.30** A Late Quartet
**10.15** Friday Night Lights
**12.10** Moneyball
**14.20** Hail, Caesar!
**16.05** A Late Quartet
**17.50** Friday Night Lights
**19.45** **Moneyball** Mögnuð mynd sem byggð er á ótrúlegri sannri sögu og samnefndri metsölubók og fjallar um Billy Beane sem ákveður að synda á móti straumnum og fara gegn öllum hefðum varðandi það hvernig maður byggir upp öflugt íþróttalið. Hann finnur öflugan félaga í utangátta tölfræðiséníi og saman hefja þeir að brjóta allar reglurnar. Brad Pitt, Jonah Hill, Philip Seymour Hoffman og Robin Wright eru í aðalhlutverkum.
**22.00** Sundays at Tiffanys
**23.30** **Hulk** Frábær hasar- og ævintýramynd. Vísindamaðurinn Bruce Banner er náungi sem þú vilt ekki reita til reiði. Alltaf þegar Bruce missir stjórn á skapi sínu breytist hann í ógurlegt skrímsli. Betty Ross er sú eina sem fær tjónkað við vísindamanninn enda er hann bálskotinn í henni. Það hvernig Bruce umturnast á sér ógeðfelldar skýringar sem eru hluti af fortíð hans. Myndin er byggð á heimsþekktri sögu.
**01.45** The Few Less Men
**03.20** Sundays at Tiffanys

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Klingjur
**08.12** Molang
**08.15** Kioka
**08.22** Kata og Mummi
**08.33** Ríta og krókódíllinn
**08.38** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**08.50** Söguhúsið
**08.58** Litli prinsinn
**09.21** Hvolpasveitin
**09.44** Kveikt á perunni
**09.52** Tré-Fú Tom
**10.14** Alvinn og íkornarnir
**10.25** Fólkið í blokkinni
**10.50** Ikingut
**12.15** Draumurinn um veginn
**14.05** Dmitri Sjostakovitsj
**15.05** Fólkið mitt og fleiri dýr
**15.50** Úti
**16.20** Ari Eldjárn á RÚV
**16.45** Landinn
**17.15** Táknmálsfréttir
**17.25** KrakkaRÚV
**17.26** Kung Fu Panda
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Ólafur Jóhann
**20.25** Maður sviðs og söngva
**21.15** Yngismeyjar
**22.15** Undir trénu
**23.45** A Beautiful Mind
**01.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Skrímslaháskólinn (Monsters University)
**09.45** Geimhundar (Space Dogs)
**11.15** Winx Club: Magical Adventure
**12.45** Alexander and the Terrible, Horrible, No Good, Very Bad Day
**14.10** Cocktail
**15.55** Cinderella
**17.40** The Voice USA
**19.10** Zootropolis
**21.00** Captain America: The Winter Soldier
**23.20** Iron Man 3

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




**SYNGDU**
KL. 18:55
Buster hefur verið að spreyta sig í skemmtanabransanum án árangurs. Þar til hann ákveður að efna til söngvakeppni. Frábær talsett teiknimynd sem var tilnefnd til Golden Globe verðlauna.

Föstudagurinn
**Langi**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**COLLATERAL BEAUTY**
KL. 20:45
Howard Inlet er virtur fyrirtækjaeigandi í New York en hann hefur misst trúna á lífið þegar ung dóttir hans deyr, þar til hann fer að skrifast á við ástina. Mögnuð bíómynd með Will Smith og Kate Winslet.



**HIDDEN FIGURES**
KL. 22:25
Sönn saga þriggja kvenna sem störfuðu hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, en þurftu að glíma við mikla fordóma sökum húðlitar síns. Dramatísk og dásamleg mynd á föstudaginn langa.




**AMERICAN IDOL**
KL. 20:00
Við sýnum tvöfaldan þátt af American Idol aðeins í þetta sinn á Stöð 3 en þeir halda svo áfram göngu sinni á Stöð 2 strax eftir páska.

Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**



1.398 kr./kg



FJALLALAMBS FJALLALÆRI KRYDDAÐ

1.598 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



SVÍNALUNDIR
verð áður 2.198 kr./kg

1.458 kr./kg



FL GRILLSNEIÐAR ÚR FRAMPARTI

558 kr./pk.




HAMBORGARAR 115G 2 Í PK.
verð áður 620 kr./pk.

1.298 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



SVÍNAHNAKKI ÚRB.
verð áður 1.798 kr./kg

2.798 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



LAMBAINNRALÆRI
verð áður 3.598 kr./kg

4.398 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



NAUTA RIB EYE
verð áður 4.898 kr./kg

2.288 kr.




ALI HUNANGS KÓTELETTUR BBQ

1.359 kr./kg




ALI BAYONNESKINKA

1.698 kr./kg

1.698 kr./kg

1.698 kr./kg




GRÍSA FILLET

1.889 kr./kg



KJARNAFÆÐI SIRLOIN SNEIÐAR

2.528 kr.



FL SIRLOINSNEIÐAR

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

98 kr.




VIKING HÁTÍÐARBLANDA

1.198 kr.




MS PÁSKAOSTAKAKA

# ÚRVAL AF PÁSKAEGGJUM




FJARÐARKAUP

# PÁSKAR Í FJARÐARKAUPUM

198 kr./pk.




LAY´S SNAKK 3 GERÐIR

398 kr.




MYLLAN MÖNDLUKAKA

498 kr.




SENSEO XL REGULAR

178 kr.




PÁSKAÖL 500ML

179 kr.




MALT OG APPELSÍN 500ML

69 kr./pk.




MARYLAND 4 GERÐIR

278 kr.




CARAMEL

## BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

Miðvikudagur 28. mars - 9-19
Skírdagur - 10-18
Föstudagurinn langi - Lokað
Laugardagur 31. mars 10 - 18
Páskadagur - Lokað
Annar í páskum - Lokað

FK
FJARÐARKAUP



Þura, Salka og Jóhanna Rakel í Cyber munu taka nokkur lög í Iðnó.

Kött Grá Pje er fyrrverandi rappari og núverandi skáld. Hann verður með upplestur á Háskum.

Hatari er vörumerki í eigu fyrirtækisins Svikamyllu ehf. sem stendur fyrir hátíðarhöldunum.

**Ljóðalestur**
- Ágústa Björnsdóttir
- Elísabet Jökulsdóttir
- Friðrik Petersen
- Hannah Jane
- Jón Magnús
- Jón Örn Loðmfjörð
- Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir
- Kött Grá Pje
- Ólöf Benediktsdóttir

**Tónlist**
- Amer Chamaa
- Andi
- Cyber
- Dada Pogrom
- DJ Dominatrix
- Elli Grill
- Godchilla
- Hatari
- Hórmónar
- IDK IDA
- Kórus
- Kraftgalli
- Kuldaboli
- Madonna+Child
- Muck
- Nicolas Kunysz
- Rex Pistol
- russian.girls
- Terrordisco
- Umer Consumer
- World Narcosis

# Flýtt fyrir dómsdegi í Iðnó

Dómsdagshátíðin Háskar fer fram í Iðnó á morgun, föstudaginn langa, þar sem stór hópur listamanna kemur fram. Hátíðarhöldin standa frá miðjum degi og fram á miðja nótt en þarna mun dulrænn kraftur þrenndarinnar meðal annars verða nýttur til að flýta fyrir dómsdegi.

**Aðrir listviðburðir**
- Adolf Smári og Sigurður Unnar
- Almar Steinn Atlason
- CGFC
- Helga Guðrún Þorbjörnsdóttir
- Ilmur Stefánsdóttir
- Katrína Mogensen og Nína Óskarsdóttir
- Óskar Þór Ámundason
- Post Performance Blues Band
- Stepmom

Föstudagurinn langi á að vera þungur og erfiður dagur þar sem fólk skal neita sér um alla skemmtun að lúterskum sið. Í Iðnó verður þó ýmislegt í gangi, en þar fer fram „dómsdagsfögnuðurinn“ Háskar, þar sem kemur fram heill hellingur af listamönnum af öllum stærðum og gerðum, og stendur yfir frá þrjú að degi til þrjú um nótt. Talan 3 er raunar ákaflega áberandi í þessum hátíðarhöldum öllum saman.

Það er listahópurinn Hatari sem stendur fyrir Háskum ásamt Svikamyllu ehf.

*Hvað er það sem fer fram þarna í Iðnó á morgun?* „Á Háskum verða flutt ljóð, gjörningar, klassísk tónlist, rafhljóð, þungarokk og fleira sem hæfir háskanum sem blasir við mannkyni. Það verða innsetningar inni á klósetti og raftónleikar uppi á háalofti og allt þar á milli.

Allt listafólk sem fram kemur er valið af stjórn Svikamyllu ehf. og má kynna sér á vefnum haskar.org,“ segir talsmaður Svikamyllu ehf. sem vildi ekki koma fram undir nafni.

„Ástæða þess að við höldum Háska er að dómsdagur vofir yfir jörðinni rétt eins og flugurnar sveima í kringum hræið. Sá sem steypir sér fram af klettabrún er í hrapandi ástandi en með sömu rökum má benda á að mannkynið allt er nú í dómsdagsástandi. Við höldum Háska til að viðurkenna þetta ástand og fagna, því annað væri að örvænta, og markaðs- og greiningardeild Svikamyllu ehf. hefur mælt gegn örvæntingu þar sem hún er rekstri félagsins óhagkvæm.“

*Hvers vegna varð þessi dagur, föstudagurinn langi, fyrir valinu?* „Dagsetningin 30. mars er valin af tveimur ástæðum. Annars vegar liggja rekstrarsjónarmið að baki og var það markaðs- og greiningardeild Svikamyllu ehf. sem mælti sérstaklega með þessari dagsetningu.

Ofan á þetta bætist að stjórnarformaður Svikamyllu ehf. hefur mikla trú á dulrænum krafti þrenndarinnar og vill meina að hann flýti fyrir dómsdegi – talan þrír kemur oft fyrir í kynningu og skipulagningu viðburðarins og var það til að mynda ósk formannsins að miðaverð yrði 3.333 krónur í forsölu. Dagsetningin er valin í þessum anda.“

Forsala er hafin á viðburðinn og má nálgast miða á tix.is.

stefanthor@frettabladid.is

**STJÓRNARFORMAÐUR SVIKAMYLLU EHF. HEFUR MIKLA TRÚ Á DULRÆNUM KRAFTI ÞRENNDARINNAR OG VILL MEINA AÐ HANN FLÝTI FYRIR DÓMSDEGI – TALAN ÞRÍR KEMUR OFT FYRIR Í KYNNINGU OG SKIPULAGNINGU VIÐBURÐARINS.**




AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

# STILLANLEGIR DAGAR

## ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING






## DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

### STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800

Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Contour eða Cloud heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 769.800

Tilboð 577.350 kr.

### STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA**
Laug. kl. 11–17 í Reykjavík og 11–16 á Akureyri
Lokað skírdag, föstudaginn langa, páskadag og 2. í páskum.

Betra BAK
















Margrét Th. Jónsdóttir gengur í öll störf sem þarf enda er lítið en gott teymi á bak við tjöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þúsundþjalasmiður Perlunnar

Aðstoðarframkvæmdastjóri Perlu norðursins, **Margrét Th. Jónsdóttir**, er spennt fyrir komandi ári enda verða þrjár nýjar sýningar opnaðar. Um 400 milljóna króna stjörnuver verður opnað í haust.

Þegar Fréttablaðið bar að garði var jarðfræðingurinn Margrét nýbúinn að bjarga sér um stóran bíl og kerru. Hún þarf nefnilega að fara í Hvalfjörð að sækja grjót sem verður fyrir neðan tíu metra hátt bjarg sem einn tankurinn verður klæddur með, fuglabjarg sem er eftirlíking af Látrabjargi.

Það er allt að gerast í Perlunni en fram undan er stórt ár. Þann 3. maí verður opnað fyrir umferð á fyrstu hæð, í október verður stórglæsilegt stjörnuver frumsýnt og í desember kemur Náttúruminjasafnið til með að opna sýningu. Þar sem áður voru pálmatré verða skjáir og munu þar meðal annars sjást hvalir synda undir Perlunni.

„Þetta verður brjálað ár. Það er gríðarleg keyrsla og unnið dag og nótt. Við erum með frábært teymi og allir tilbúnir að hoppa í hvaða störf sem er og vinna saman að því að klára verkefnið og gera þetta allt sem glæsilegast,“ segir hún og brosir.

Stjörnuverið mun taka 150 manns í sæti og er ekkert grín að útbúa eitt slíkt. Þetta er jú nokkuð sem hefur ekki verið gert hér á landi áður enda sjá erlendir aðilar um að allt sjáist sem best og hljóðið verði óaðfinnanlegt. Sýningarbúnaðurinn verður í 8K en stutt er síðan heimurinn vissi að 4K væri besta upplausn sem til væri. En það stoppaði stutt.

„Þeir sem fara fyrir þessu safni vilja ekkert nema það besta. Þetta á að vera flottast í heimi. Þeir vilja ekki setja eitthvað upp sem verður orðið úrelt eftir smá.



Sérstakur kíkir verður við bjargið þar sem fuglasögur verða sagðar.



Hvalir munu synda um á stórum á skjáum meðal annars.

Það er alltaf eitthvað nýtt að koma. Nýr skjávarpi eða nýtt hljóðkerfi en stefnan hjá okkur er að taka það besta,“ segir Margrét.

Þegar Perlan verður komin í sitt fínasta púss verður hún loks sú prýði sem hún hefur alltaf átt skilið. Og þó það sé í mörg horn að líta segir Margrét að hún sé stoltust af því að það sé ekki verið að gera þetta bara með ferðamenn í huga. „Við viljum vera náttúrumiðstöð landsins og sem jarðfræðingur er ég mjög stolt af því. Hluti af okkar framtíðarplönum er að tengjast háskólanum enn meira og að hér verði gagnasafn um náttúru landsins sem allir munu geta nýtt sér.“ **benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

Broil King

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**TILBOÐ**

## GrillPro
7,3kW gasgrill.

# 23.995

50657522
Almennt verð: 29.995




**TILBOÐ**

## Gem 320
6,9kW gasgrill.

# 39.995

50657519
Almennt verð: 49.995




**TILBOÐ**

## Hjólbörur 80l.

# 3.995

79290094
Almennt verð: 4.995



# Páska-tilboð
gilda til 4. apríl

**TILBOÐ**

## Hekkklippur
GC-EH 600W.

# 9.995

748300041
Almennt verð: 12.995

Einhell®



Tilboð gilda til 4. apríl. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.



Frábær fermingar-gjöf

PHOENIX

**Frábært verð ár eftir ár!**

## Kven- og karlahjól
28" karla, 26" kvenhjól, 6 gíra með brettum og körfu.

# 28.995

49620200-1

**Frábært verð**

## Barnahjól
Gult eða ljósblátt 16".

# 20.995

49620062A/3A

KENT
A century of cycling



## Afgreiðslutími um páska

**BYKO Breidd & Grandi**
**Skírdagur**, 29. mars **10-16**
**Föstudagurinn langi**, 30. mars **lokað**
**Laugardagur**, 31. mars **10-18**
**Páskadagur**, 1. apríl **lokað**
**Annar í páskum**, 2. apríl ***10-16**

*Lokað er í Leigumarkaði, Timbur- og Lagnaverslun Breidd.
Sjá afgreiðslutíma annarra verslana á byko.is

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



**BAKÞANKAR**
Jóhanns Óla Eiðssonar




## Fermingin

Fyrir tólf árum stóð ég frammi fyrir vali. Fermingartímabilið var handan við hornið. Bekkjarfélagarnir tóku þá ákvörðun að læra trúarjátninguna, klæðast hvíta kuflinum og gleypa messuvínsraka oblátuna.

Sjálfur hafði ég aldrei verið sérstakur aðdáandi herrans á himnum. Honum hafði gengið illa að svara þeim spurningum sem ég hafði, eða mér illa að hlusta, og ég var nokkuð efins um tilvist hans. Fannst mér það því jaðra við fjársvik að staðfesta trúna til þess eins að fá græjur og aura frá ættingjum og vinum. Varð það úr að ég er ekki stak mengisins „fullorðinna manna tala“.

Mér eldra og vitrara fólk, sem nóg er af, var misskilningsríkt í garð þessarar niðurstöðu. Sumir reyndu að sannfæra mig um ágæti drottins og aðrir bentu á hinn fjárhagslega ávinning sem konfirmasjóninni fylgdi. Flestir sýndu þessu skilning. Eftirminnilegustu viðbrögðin voru aftur á móti frá ættingja sem mældi mig út eftir að ég tjáði honum afstöðu mína. Eftir stutta þögn svaraði hann með orðunum „þú munt verða prestur“.

Sjö árum síðar stóð ég aftur fyrir vali þegar til stóð að ákveða námsleið í háskóla. Eftir kynningu á því sem í boði var staldraði hugur minn lengi við guðfræðideildina. Sáluhjálp, trúarathafnir, hið heilaga orð og mögulegt brauð úti á landi hljómaði barasta alls ekki svo galin vinna. Þegar ég var við það að innritast í guðfræðideildina bergmáluðu fyrrgreind orð hins vegar í huga mér. Stolt mitt hreinlega leyfði það ekki að láta manninn hafa rétt fyrir sér.

Athugasemdum um þennan þvætting, sem og annan sem ég sendi frá mér, er því rétt að beina til þessa sifjunga míns enda kenni ég honum alfarið um það að ég sé ekki frelsaður og að bera út fagnaðarerindið.


SÓMI



Sóma salat & Sóma hummus
GERIR KRAFTAVERK
FYRIR DAGLEGT BRAUÐ
FERSKT Á FERÐINNI • FRESH TO GO




OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Í dag er góður dagur. Skinkubátur er bátur dagsins á 649 kr.



SUBWAY